

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

1. HEFTI

RITSTJÓRAR
KRISTJÁN EIRÍKSSON
ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK
2003

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@ferskeytlan.is

Þórður Helgason

Þverbrekku 2 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@khi.is

RITNEFND

Einar Sigmarsson, Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

FRÆDILEGUR YFIRLESTUR

Eysteinn Þorvaldsson

YFIRLESTUR ALLRA GREINA

Einar Sigmarsson, Kristján Eiríksson og Þórður Helgason

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

Dagný Kristjánsdóttir, Sigurborg Hilmarsdóttir

og Þórður Ingi Guðjónsson

PRÓFARKALESTUR

Einar Sigmarsson

PRENTLÖGN

Pétur Yngvi Gunnlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaþrent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Steinn Kristjánsson

ISSN 1670–3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	6
Kristján Eiríksson: <i>Ný framsetning í bragfræði</i>	7
Gísli Halldórsson í Króki: <i>Fimm ljóð</i>	20
Kristján Árnason: <i>Um hrynjandi að fornu og nýju</i>	23
Gísli Halldórsson í Króki: <i>Þrjú ljóð</i>	39
Pórður Helgason: <i>Áfangar</i>	41
Sigurbjörg Þrastardóttir: <i>Fimm ljóð</i>	70
Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Limrur</i>	73
Sigurbjörg Þrastardóttir: <i>Fjögur ljóð</i>	88
Einar Sigmarsson: <i>Nóttin skiptir litum. „Haustið er komið“ eftir Snorra Hjartarson</i>	91

Sónarljóð

Kyssen

eftir Jóhan Ludvig Runeberg

På silvermolnets kant satt aftonstjärnan.
Från lundens skymning frågte henne tärnan:
„Säg, aftonstjärna, vad i himlen tänkes
när första kyssen åt en älskling skänkes.“

Och himlens blyga dotter hördes svara:
„På jorden blickar ljusets ängla-skara
och ser sin egen sällhet speglat åter.
Blott döden vänder ögat bort och gråter.“

Kossinn

Helgi Hálfðanarson þýddi

Kvöldstjarnan björt af himni horfir dreymin,
úr húmi skógar ungmær spurði feimin:
„Stjarna, seg mér hvað uppheims engill hyggur
er ást í leynum fyrsta kossinn þiggur.“

Og himins dóttir henni galt að svari:
„Pá horfir sæll til jarðar engla-skari
sem þar sitt eigið yndi speglast lætur;
einungis Dauðinn hverfur frá og grætur.“

Til lesenda

Rit það sem hér hefur göngu sína er helgað óðfræði en svo nefnast fræðin um ljóðlist í víðasta skilningi.

Það er skoðun okkar sem að þessu tímariti stöndum að full þörf sé á að fræði um ljóðlist og ljóðagerð fái nýtt málagn. Verði þessu riti vel tekið hyggjumst við halda útgáfunni áfram og gefa þá út tvö hefti á ári. Leitast verður við að hafa ritið sem fjölbreyttast og því ekki gert ráð fyrir neinum föstum þáttum nema hvað reynt yrði í öðru hverju hefti að gefa yfirlit um helstu tíðindi í íslenski ljóðagerð á fyrra ári.

Sónarljóð nefnum við upphafsljóð ritsins og er „Kysen“ eftir Johan Ludvig Runeberg Sónarljóð þessa fyrsta heftis. Er það hér bæði birt á frummálinu og í þýðingu Helga Hálfðanarsonar, mikilvirkasta ljóðapýðanda okkar Íslendinga frá upphafi vega.

Fjallað verður um einkenni ljóða og sögu kveðskaparlistar í aldanna rás. Þá er ætlunin að birta í ritinu skáldskap, bæði gamlan og nýjan, og einnig er gert ráð fyrir að ljóðapýðingar fái þar sinn sess.

Frá því segir í Eddu Snorra Sturlusonar að skáldamjöðurinn hafi verið varðveittur í tveim kerum, Són og Boðn, og katlinum Óðreri. Rit það sem hér kemur fyrir manna sjónir hefur hlotið nafn af hinu fyrra kerinu og er það von okkar útgefenda að mjöður þess gleðji þá er á dreypa.

Fyrir hönd Sónarsinna,

Kristján Eiríksson

Höfundar efnis

Sónarljóð

Johan Ludvig Runeberg (1804–1877) var sænsk-fínnsk ljóðskáld. Hann eflði mjög þjóðerniskennnd Finna með ljóðum sínum.

Helgi Hálfðanarson (f. 1911) er mikilvirkasti ljóðarþýðandi okkar Íslendinga frá upphafi vega.

Höfundar greina

Einar Sigmarsson (f. 1974) er B.A. í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands. Hann stundar nú M.A.-nám í íslenskum fræðum við sama skóla samhliða B.A.-námi í latínu, rússnesku og íslensku.

Kristján Árnason (f. 1946) er cand. mag. í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands og Ph.D. frá Edinborgarháskóla. Hann er prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Kristján Eiríksson (f. 1945) er cand.mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann starfar á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Ragnar Ingi Adalsteinsson (f. 1945) er M.Ed. í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands. Hann er aðjunkt í íslensku við sama skóla og stundar jafnframt M.A.-nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand.mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

Höfundar ljóða

Gísli Halldórsson (f. 1931) er bóndi í Króki í Gaulverjabæjarhreppi. Hann hefur þýtt talsvert af ljóðum úr íslensku á esperanto og einnig snúið ljóðum úr esperanto á íslensku.

Sigurbjörg Þrastardóttir (f. 1973) er B.A. í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur sent frá sér ljóðabækurnar *Blálogaland* (1999), *Hnattflug* (2000) og *Túlipanafallhlífar* (2003) og skáldsöguna *Sólar sögu* (2002) en fyrir þá síðastnefndu fékk hún bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Sigurbjörg starfar á Morgunblaðinu.

Kristján Eiríksson

Ný framsetning í bragfræði

Eínsög rímur (á Íslandi) eru kveðnar, og hafa verið kveðnar allt að þessu, þá eru þær flestallar þjóðinni til mínkunar – það er ekkji til néins að leína því – og þar á ofan koma þær töluverðu illu til leiðar: eíða og spilla tilfinningunni á því, sem fagurt er og skáldlegt og sómir sjer vel í góðum kveðskap, og taka sjer til þjónustu ”gáfur“ og krapta margra manna, er hefðu gjetað gjert eitthvað þarfara – orkt eitthvað skárna, eða þá að minnsta kosti þrjónað meínlausann duggara-sokk, meðan þeir voru að ”gullinkamba“ og ”fimbulfamba“ til ævarandi spotts og athláturs um alla veröldina.¹

Þannig hefst frægasti ritdómur Íslandssögunnar, dómur Jónasar Hallgrímssonar í *Fjölni* 1837 um „Rímur af Tistrani og Indíönu“ eftir Sigurð Breiðfjörð. Eins og upphafið ber með sér og oft hefur verið bent á beinir Jónas ekki spjótum sínum einungis að þessum „Tistransrímum“ og höfundi þeirra heldur ræðst hann að rímnakveðskap í heild sinni. Ýmis rök lágu þó til þess að höggið reid að Sigurði þar sem hann var virtasta rímnaskáldið og líta mátti á hann sem fremsta fulltrúa þeirrar skáldskapargreinar.

Það er hins vegar ekki rétt, sem stundum hefur verið haldið fram, að ritdómurinn sé bein árás á rímur sem skáldskaparform. Hann er miklu fremur gagnrýni á það hvernig þessu formi hefur verið beitt í aldanna rás og hvernig því er beitt á dögum Jónasar. Í dómnum talar Jónas meira að segja um hvernig yrkja skuli rímur og segir:

Það er ekkjert vit í því, að rímna-skáldin eígi að vera bundin við söguna. Þau eíga miklu fremur, þegar þörf gjörist, að breíta henni á marga vegu, búa til viðburði sjálfir, og skapa hið innra líf þeirra manna, er sagan nefnir, til að koma sem beztri skjipun á efnið, og gjeta síðan [svo] léitt það í ljós í fagurlegri

¹ Jónas Hallgrímsson (1837:18).

og algjörðri mind; ella verða rímurnar tómar rímur, enn aldrei neitt listaverk.²

Hér kemur vel fram fagurfræðileg sýn skáldsins og hin rómantíska krafa um frumleika. Rímnakveðskapurinn á ekki að vera hugsunarlaus handavinna eins og að þrjóna duggarasokk. Slíkt er vanvirða við skáldskapinn sem á að vera skapandi og einungis nýta þá atburði og hugmyndir sögunnar sem þjóna listrænum kröfum skáldsins. Jónas vill þannig hverfa frá því hefðbundna sjónarmiði að rímurnar eigi aðeins að endursegja sögu heldur skuli þær verða sjálfstæð listaverk, sköpunarverk skáldsins sjálfs. Þessi krafa er edlileg, til dæmis vegna þess að bundið mál hentar yfirleitt verr til að segja sögu en óbundið. Og það má reyndar merkilegt heita að Íslendingar, sem áttu glæstustu sagnabókmenntir í Norðurálfu í óbundnu máli, skyldu taka upp á því að endursegja þær í bundnu máli og það undir flóknum bragarháttum rímna. Sjálfsagt verður slíkt háttalag seint fullskýrt en benda má þó á hugsanlegar ástæður.

Það er alkunna að fólk á miðöldum skar flóknar myndir í tré og gætti þess vandlega að fylla allan myndflötinn eða sem mestan hluta hans. Slíkur tréskurður sést vel á ýmsum þeim munum sem varðveist hafa frá þessum tíma, til dæmis skipstrjónum og dyraumbúnaði. Sömu tilhneigingu má sjá á ofnum reffum með myndum sem segja sögu einstakra atburða og einnig á skrautgripum úr málmi með flóknu og samslungnu mynstri.

Í eddukvæðum höfðu menn ort um löngu liðna atburði undir til-
tölulega einföldum bragarháttum en með dróttkvæðum kemur sama áráttan og í myndlistinni. Innrím eftir föstum reglum tekur við ásamt reknum kenningum þar sem hver myndin eftir aðra fléttast inn í heildarmyndina.³

Dróttkvæði eru þannig vitni um orðlist sambærilega hinu flókna handverki tímans þar sem myndirnar birtast fyrir hugskotssjónum áheyrenda. Síðar eru svo samdar frásögur með dróttkvæðin sem heimildir. Og ferlið heldur áfram. Skáldin þurftu nú ekki lengur að styðjast við munnmæli í yrkingum sínum þar sem bókfellið varðveitti atburðarásina nákvæmlega. Rímur eru sambærilegar eddukvæðum að því leyti að í þeim er sögum snúið í bundið mál en sá er

² Jónas Hallgrímsson (1837:22).

³ Um samband handverks og skáldskapar hefur Hallvard Lie fjallað nokkuð í skrifum sínum. Sjá Lie (1982).

munur á að þær eru oftast ortar út af bóksögum. En rímur eiga þó ekki síður margt sameiginlegt með skrautstíl dróttkvæða og hinu forna handverki en þann þátt hefur mörgum trúlega þótt vanta í sögurnar.

Bundið mál er, eins og áður segir, miklu verr til þess fallið að segja sögu en óbundið og því ekki nema von að frásögn rímnanna yrði víða hið mesta klúður. Aftur á móti tókst rímnaskáldunum oft vel upp í að lýsa æsilegum atburðum og hið sjónræna verður vitaskuld miklu fyrirferðarmeira í rímum en þeim sögum sem þær voru ortar út af. Tvær sjóferðavísur úr „Örvar-Odds rímu“ Bólu-Hjálmars skýra þetta vel:⁴

Ástum þrungið Ægis jóð
upp úr gægðust köfum,
skjöldung sungu skemmtin ljóð
og skautuðu hvítum tröfum.

(Örvar-Odds ríma I, 38)

Þeir sem vel kunnu rímnamálið hafa vafalaust haft listræna nautn af myndinni sem dregin er upp af hinum hvítfölduðu, ástleitnu Ægisdætrum sem kveða skemmtiljóð konunginum. Myndvísinni er aftur á móti ekki fyrir að fara í eftirfarandi vísu úr sömu rímu:⁵

Svo til héldum Svíþjóðar
sorgalaus um dægur,
stýrði veldi stóru þar
stillir Yngvi frægur.

(Örvar-Odds ríma I, 128)

En myndflúrið var ekki eini kostur hins bundna máls rímnanna. Rímnastemmurnar höfðu sitt að segja og fjölbreytni rímsins gat orðið enn meiri en í dróttkvæðum. Það má því segja að rímur séu hlið-stæðar listrænu handbragði eins og það kemur fram í skrautlist mið-alda þótt þær skírskoti til annarra skynsviða. Til nánari skýringar er rétt að taka dæmi um tvær ferskeytlur, aðra óbreytta, sem kallað er, en hina breytta.

⁴ Hjálmar Jónsson frá Bólu (1965:299).

⁵ Hjálmar Jónsson frá Bólu (1965:309).

Óbreytt ferskeytla:⁶

Sólin skín á sundin blá,
senn er mál að rísa.
Við mér blasa víð og há
veldi morgundísa.

(Guðfinna Þorsteinsdóttir frá Teigi í Vopnafirði)

Breytt ferskeytla:⁷

Móðinn drengur brostinn ber,
bjóðast engin notin,
ljóða strengur lostinn er,
Lóðins fengur þrotinn.

(Hjálmar Jónsson: Göngu-Hrólfis rímur VIII, 109)

Í fyrri vísunni er bara endarím en í hinna síðari rímar hvert einasta áhersluatkvæði vísunnar við önnur atkvæði í samsvarandi stöðu.

Bragfræðingar hafa lengi stuðst við ákveðið kerfi bragfræðilegra tákna til að sýna hugtök bragfræðinnar svart á hvítu. Þannig tákna til dæmis strík (–) áhersluatkvæði en bogi (∪) eða x áherslulétt atkvæði og er þá svokallaður réttur tvíliður (þ.e. bragfræðileg eining sem gerð er af einu áhersluatkvæði og einu áherslulétu atkvæði og er áhersluatkvæðið á undan). Hann er táknaður svo: –∪ eða: –x. Aðrir bragliðir (kveður) eru svo samsettir af þessum tveim táknum í mismunandi röð eftir því hvernig áhersluatkvæði og áherslulétt atkvæði radast saman í þeim. Önnur einkenni bragar eru flest táknuð með bókstöfum og tölustöfum. Braglína (ljóðlína, lína eða vísuorð) er táknuð með bókstafnum l og rím með bókstöfunum: a, b, c og svo framvegis. Upphafsstafir eru notaðir til að tákna kvenrím: A, B, C og svo framvegis. Tölustafir eru hafðir til að greina fjölda braglína í erindi og fjölda bragliða (kveða) í línu. Bragarháttur óbreyttrar ferskeytlu, eins og vísu Guðfinnu Þorsteinsdóttur, „Sólin skín á sundin blá“ hér að framan, yrði samkvæmt þessu hefðbundna kerfi táknaður svo: 4l:–x: 4,3,4,3:aBaB.

Hér merkir 4l að vísan (erindið) sé gerð af fjórum línnum (braglínum, ljóðlínnum eða vísuorðum). –x merkir að hver kveða sé réttur

⁶ *Vísnaafnið* I (1973:42).

⁷ Hjálmar Jónsson frá Bólu (1965:87).

tvíliður (eitt áhersluatkvæði + eitt áherslulétt atkvæði). Tölurnar þar á eftir merkja svo að fjórar kveður séu í fyrstu línu, þrjár í annarri, fjórar í þriðju og þrjár í fjórðu. Bókstafirnir þar á eftir sýna hvernig rím er í vísunni. Lítið a merkir að endarím í fyrstu línu er aðeins á einu atkvæði (stýfður liður eða stúfur, einnig nefnt karlrím) og rímar sú lína við aðra línu: *blá – há*. B merkir svo að *rísa* er annað rímorðið í röðinni og þar sem það er stór stafur táknað það að í því eru tvö atkvæði (kvenrím) og rímar það á móti rímorði fjórðu línu: *rísa – -dísa*.

Þótt framsetning af þessu tagi sé skýr og skilmerkileg fyrir þá sem eru orðnir vanir þessari táknanotkun er hún vissulega óhlutbundin og langt frá bragarhætti ljóðsins í hugum margra. Þá vantar mikið á að þetta táknerfi hrökkvi til að lýsa flóknu innrími eins og er í fjölmörgum undirháttum rímna. Illgerlegt væri til dæmis að tákna hina flóknu rímfléttu framangreindrar vísu úr „Göngu-Hrólfis rímum“ Bólu-Hjálmars, „Móðinn drengur brostinn ber“, samkvæmt þessu kerfi.

Til að leysa þennan vanda mætti hins vegar hugsa sér eins konar myndrænan braglykil þar sem eigindir bragar yrðu hver fyrir sig túlkaðar á myndrænan hátt:

Myndrænn braglykill:

Bragliður (kveða)

Bragliður (kveða) getur verið eitt áhersluatkvæði: *steinn* **einliður** eða eitt áhersluatkvæði + eitt eða fleiri áherslulétt atkvæði og nefnist þá **tvíliður** eða **þríliður** eftir því hvað atkvæðin eru mörg: *dagur* tvíliður, *dagurinn* þríliður. Punktalínurnar tákna atkvæðaskil.

Í þessum dæmum er áhersluatkvæðið fremst og svo er því farið í öllum bragarháttum rímna og því óþarfi að auðkenna það sérstaklega í braglykli þeirra. Slíkir liðir eru kallaðir *réttr liðir* á íslensku. Réttr liðir sem lengri eru en einliðir hafa hnígandi hrynjandi þar sem léttari áhersla er á seinna eða seinni atkvæðum en því fyrsta.


Forliður nefnist áherslulétt atkvæði fremst í braglínu og er hann í braglykli táknaður með hring: ○

Ljóðlínan

Nú fellur regn á fjóða jörð

yrði í braglyklinum táknuð svo:

Nú fell ur regn á frjó a jörð



Hún byrjar á forlið. Þá koma þrjú tvíliðir og að lokum ein liður. Einliður í lok braglínu nefnist **stúfur** eða **stýfður liður**.

Ljóðlínan

Þykir mér á þessum slóðum þrengjast hagar

yrði aftur á móti táknað svo:

Þykir mér á þess um slóð um þrengjast hagar



Rím

Í íslenskum kveðskap er einkum gerður greinarmunur á tvenns konar rími eftir gerð þess, **alrími** og **hálfrími**.

Alrím er það kallað þegar atkvæði enda á sömu sérhljóðum, *frá – brá*, eða þegar bæði ríma saman sérhljóð og lokasamhljóð áhersluatkvæða, *góð – rjóð*. Alrím er í braglyklinum táknað með því að lita reitina sem ríma með sama lit eða litum: ■ rímar við ■


Bragmynd einfaldrar ferskeytlu eins og fyrrnefndrar vísu Guðfinnu Þorsteinsdóttur frá Teigi liti þá þannig út:

Sólin skín á sundin blá,

senn er mál að rísa.

Við mér blasa víð og há

veldi morgundísa.




Hálfrími er það kallað þegar áhersluatkvæði enda á mismunandi sérhljóðum, *fá – bæ*, eða þegar lokasamhljóð áhersluatkvæða eru þau sömu en sérhljóðin mismunandi, *góð – dáð*. Það er táknað með því að lita helming reitanna eða hluta þeirra í sama lit. ◀ rímar við ▶ Hálfrími er algengast inni í braglínum eða fremst í þeim. Gott dæmi um hálfrími fremst í braglínu er í eftirfarandi vísu Sveinbjarnar Beinteinssonar:⁸

⁸ Sveinbjörn Beinteinsson (1985:16).

Hafladalur heitið var
 hjörðum gengið svið.
 Eflist hagar aldar þar
 arð og farsæld við.

(Háttatal, 87)



Séu teknar nokkrar vísur úr „Göngu-Hrólfs rímum“ Bólu-Hjálmars og þær túlkaðar samkvæmt lyklinum verður betur ljóst hvers konar listsköpun er hér á ferðinni.⁹

Ferskeytt síðhent

Oft á kvöldin óðar hjal
 eyðir böli nauða,
 sykkrar beiskan sinnu dal
 Sygtýs ölið rauða.

(Göngu-Hrólfs rímur I, 1)



Ferskeytt – skáhent

Nú vill öldin kosta köld
 kvæðum lítið sinna,
 segir flest í sultar pest
 sé mér betra að vinna.


(Göngu-Hrólfs rímur II, 3)



Stikluvik – hringhent

Ama hnjóði hrindir frá
 hugar slóð og kætir,
 léttir móði, linar þrá,
 leggur góðu ráðin á.

(Göngu-Hrólfs rímur III, 11)



Ferskeytt – hringhent – svifhent – frumtályklað – aldýrt

Móðinn drengur brostinn ber,
 bjóðast engin notin,
 ljóða strengur lostinn er,
 Lóðins fengur þrotinn.

(Göngu-Hrólfs rímur VII, 109)



⁹ Sjá Hjalmar Jónsson frá Bólu (1965:9–205).

Hér er litadýrð látin tákna hljómdýrð og minnir hún vissulega meira á rósaleppa en duggarasokk. Og trúlega vísar Jónas til þessarar handavinnu þegar hann talar um að „gullinkamba“ og „fimbulfamba“ en það gefur augaleið að oft hlýtur merking og rétt málnotkun að vera á kostnað gullinkembunnar. Hitt kemur þó endrum og sinnum fyrir að dýrt kveðnar vísur séu ekki bara listilegar í forminu heldur einnig að öðru leyti. Dæmi um slíkt má sums staðar finna í áður tilvitnuðum „Göngu-Hrólfis rímum“. Þannig lýsir Hjálmar því er Hrólfur vegur Grím Ægi í átjándu rímu:

Fárleg vóru fjörbrot hans,
fold og sjórinna léku dans,
gæfusljór með glæpa fans
Grímur fór til andskotans.

(Göngu-Hrólfis rímur XVIII, 73)


Af framansögðu má ljóst vera að list rímnanna er hæpið að meta eingöngu út frá því hversu orðlist þeirra er hrein og tær. Þær verður einnig að meta út frá gullinkembunni, það er að segja dýrleikanum, óháð beinu skáldskapargildi vegna þess að þær lúta að nokkru leyti sömu lögmálum og hinn skrautlegi útskurður miðalda og einmitt vegna þess féllu þær svo vel að kröfum barokktímans seinna.

Hér að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir hinni nýju framsetningu og henni fyrst og fremst beitt á hætti rímnanna enda má segja að flókin rímskipan þeirra kalli beinlínis á nýja framsetningu og það gildir reyndar einnig um aðrar flóknar kvæðagreinar eins og dróttkvæði og vikivaka. Einfaldari hætti má vissulega tákna með því hefðbundna táknerfi sem lýst hefur verið hér að framan í megindráttum. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að tákna slíka hætti einnig myndrænt og þannig ætti bygging þeirra að birtast mönnum með skýrara hætti en með hinu hefðbundna kerfi. Þannig mætti til dæmis tákna myndrænt ítölsku októvuna eins og Jónas Hallgrímsson beitir henni í „Gunnarshólma“:¹⁰

Þar sem að áður akrar huldu völl
ólgandi Þverá veltur yfir sanda;

¹⁰ Jónas Hallgrímsson (1957:50–51).

sólroðin líta enn hin öldnu fjöll
 árstrauminn harða fögrum dali granda;
 flúinn er dvergur, dáin hamratröll,
 dauft er í sveitum, hnipin þjóð í vanda;
 en lágum hlífir hulinn verndarkraftur
 hólmanum þar sem Gunnar sneri aftur.



Hátturinn er afar reglulegur hjá Jónasi og hefjast allar línur á þrílið nema sú sjöunda sem hefst á forlið + tvílið. Er það táknað hér sem þríliður með forliðarhring í fremsta reit sem merkir að reglan í erindinu sé að línur hefjist á þrílið en sjöunda lína sé undantekning. Hér er því í raun verið að sýna myndrænt nákvæmlega hátt þessa ákveðna erindis en ekki það sem kalla mætti frummynd (erkitýpu) háttarins. Í háttatali væri hins vegar eðlilegast að sýna frummynd háttarins en svo mætti nefna staðlað form hans þar sem tekið væri mið af meginreglu í kveðandi hans. Samkvæmt þeirri reglu væri líklega eðlilegast að tákna íslenska októvu með eintómum þríliðarreitum í upphafi hverrar braglínu. Í fyrsta hólfi hvers þríliðarreits væri forliðarhringur sem táknaði þá að hver braglína háttarins gæti annaðhvort hafist á þrílið eða forlið + tvílið. Einnig kæmi til greina að sleppa forliðarhringnum heyrir það til undantekninga að hafa forlið í hættinum á íslensku.

Það gefur augaleið að hin nýja myndræna framsetning fellur vel að tölvutækni. Hægt er að láta tölvuna túlka bragfræðileg tákna myndrænt og raða bragarháttum eftir því sem menn vilja. Þá býður tölvutækni upp á óteljandi möguleika til að vinna alls konar skrár í sambandi við rafrænt háttatal, til dæmis ljóðaskrá, höfundaskrá og bóka- eða handritaskrá.

Nú um nokkurt skeið hafa höfundur þessarar greinar og Jón Bragi Björgvinsson unnið að því að gera bragfræðina tölvutæka ef svo má


að orði komast. Nokkur hluti þeirrar vinnu er nú orðinn aðgengi-
legur á geisladiski sem nefnist *Bragi – Óðfræði og háttatal*.

Til að gefa mönnum nokkra hugmynd um hvert hagræði er að
slíkri framsetningu fyrir þá sem rannsaka bundið mál er rétt að lýsa
bragskráningunni stuttlega.

Hannað hefur verið bragskráningarforrit sem skiptist í fimm þætti:
Kvæðagreinaskrá, bragarháttaskrá, höfundaskrá, ljóðaskrá og bóka-
og handritaskrá.

Í kvæðagreinaskrá eru einstakar kveðskapargreinar, svo sem
dróttkvæði, rímur, sekvensur, sonnettur og oktömur. Kvæðagreinar
verður að skilgreina út frá brag en ekki út frá efni. Þess vegna geta
sálmar til dæmis ekki talist sérstök kvæðagrein í þessari skrá þar sem
þeir eru kveðnir undir háttum ýmissa kvæðagreina í bragfræðilegum
skilningi.

Bragarháttaskrá fellur undir kvæðagreinaskrá. Í hana eru bragar-
hættir skráðir samkvæmt hefðbundinni bragskráningu (bókstafa-
skráningu) og túlkar tölvan þá skráningu myndrænt út frá svonefnd-
um *kennistreng* sem er hin hefðbundna framsetning háttarins. Kenni-
strengur óbreyttrar ferskeytlu er til dæmis 4l:[o]-x[x]:4,3,4,3:aBaB
sem túlkast þannig á bragmyndinni eins og áður hefur verið sýnt:



Hornklofarnir í kveðutákningu [o]-x[x] eru til merkis um að forliðir
og þrliðir geti skotist inn í braglínur án þess að það breyti hætti. Hins
vegar gengur grunnmynstrið út frá eintómum tvíliðum og þannig er
hátturinn því sýndur á bragmynd. Út frá kennistreng má kalla fram-
mynd allra óbreyttra bragarháttanna en eins og áður segir þá nægir hin
hefðbundna framsetning ekki til að tákna undirhætti sem byggjast á
innrými. Vegna þess verður að handfæra hið flókna rímmynstur inn í
bragmynd háttarins eins og hann er óbreyttur og er það gert í öðru
forriti. Það er einmitt þetta sem er svo mikilvægt fyrir kvæðagrein eins
og rímur sem hafa um tuttugu óbreytta hætti (meginhætti) en yfir
þúsund breytta hætti (undirhætti) þar sem breyttu hættirnir (undir-
hættirnir) verða ekki sýndir nema með bragmynd.

Í höfundaskrá eru færð þau skáld sem eiga ljóð í grunninum ásamt
fæðingar- og dánarári þeirra ef þekkt eru. Þá er vitaskuld gert ráð
fyrir óþekktum höfundum svo hægt sé að skrá ófæðraðar stökur og ljóð.

Í bóka- og handritaskrá eru færð handrit og bækur sem ljóðin eru tekin úr. Þar er og skráð útgáfuár bókar og útgefandi og aldur handrits sé hann þekktur. Sú skrá gefur mönnum kost á að skrá sama ljóðið alls staðar þar sem það kemur fyrir og mætti þannig nota forritið sem ljóðaskráningarkerfi á bóka- og handritasöfnum.

Í ljóðaskránni eru ljóð skráð undir bragarhætti, höfundu, bók eða handriti og verður þannig smám saman til mikið safn ljóða undir ólíkum háttum eftir því sem skráningu vindur fram.

Það gefur augaleið að notin af gagnagrunni þessum aukast jafnt og þétt eftir því sem efni hans vex og hugbúnaðurinn verður þróaður frekar. Þannig fengist til dæmis góð yfirsýn yfir íslenska bragsögu þegar búíð væri að skrá meginhætti allra kvæðagreina. Unnt væri að gera sér betri grein fyrir því hvenær einstakir hættir voru teknir upp á Íslandi, hvort þeir eru heimatilbúnir eða innfluttir. Þá gæfi nákvæm skráning af þessu tagi mönnum kost á að rannsaka betur hvernig hinir erlendu hættir eru lagaðir að íslensku. Ekki má heldur gleyma öllum þeim möguleikum til gagnvirkni sem slík skráning hefur upp á að bjóða. Hægt væri að leita í grunninum að einstöku ljóði og komast að því undir hvaða bragarhætti það væri, eftir hvern og hvar og hvenær það væri skrifað eða prentað. Sömuleiðis væri mönnum í löfa lagið að fletta upp á tilteknu skáldi til að fá vitneskju um allan kveðskap þess sem í grunninn væri kominn. (Í slíkt skráningarkerfi mætti einnig fella óbundin ljóð og prósaljóð sem þá féllu vitaskuld ekki undir neinn bragarhátt.)

Vel má hugsa sér að tengja bragarháttaskránni og/eða ljóðaskránni lagaskrá (nótnaskrá) þar sem fram kæmu þau lög sem samin hafa verið við einhver ljóða viðkomandi háttar. Miklar upplýsingar um tónlistararf þjóðarinnar eru í handritum og gömlum prentuðum bókum. Hefur verið unnið mikið starf á vegum Collegium musicum við að grafa upp þann tónlistarauð úr handritum og er nú mikill hluti hans varðveittur á tölvutæku formi. Þá gagnagrunna mætti sem best tengja bragarháttaskrá. Með því móti tengdust bragsaga og tónlistarsaga og vörpuðu ljósi hvor á aðra.

Í kennslu hefur hin nýja myndræna túlkun ýmsa kosti fram yfir hefðbundna framsetningu. Meginkosturinn er náttúrlega fölginn í því að nemendur geta séð fyrir sér bragmyndir háttanna. Þá geta kennarar æft nemendur í að yrkja með því að fylla upp í reiti bragmyndanna. Og þar sem á tölvunni verður unnt að fletta upp á ljóðaskrá við hvern hátt geta menn þar áttað sig á hvers konar ljóð hafa einkum verið ort undir hverjum hætti og ef til vill má af slíku draga ályktanir

um hvaða bragarhættir séu líklegastir til að kalla fram ákveðinn hugblæ.

Það hefur löngum tíðkast í skólum að kenna fólki ýmsar listgreinar. Þannig þykir sjálfsagt að þeir sem ætla sér að leggja stund á myndlist læri ýmsar grundvallarreglur í dráttlist og fara þeir gjarnan í myndlistarskóla, kynna sér þar helstu stefnur og strauma og reyna að læra það handbragð sem hverjum stíl tilheyrir. Sama gildir um tónlist. Færni í hljóðfæraleik og tónsmíðum kostar þrotlausar æfingar og nám. Það er vissulega rétt að snilligáfu öðlast menn tæpast með þrotlausum æfingum eða beinum lærdómi. En hitt er engu að síður staðreynd að æfingin skapar meistarann og hafi menn tæknina á valdi sínu eru þeir færari um að virkja sköpunargáfu sína og ljá hugsunum sínum og tilfinningum það form sem best hæfir þeim.

Í ljóðum hafa menn löngum tjáð sínar leyndustu tilfinningar, langanir og þrár. Ljóðlist hefur ásamt tónlistinni umfram allt verið mál hjartans og á tímum rómantíkur varð það hlutverk hennar enn skýrara en fyrr. Þá kom líka fram krafan um að skáldin ættu að vera frumleg og dýrkun snillingsins hófst fyrir alvöru í bókmennta- og listalífi. Sú krafa varð seinna með nýrómantíkinni ennþá afdráttarlausari og sama er að segja um snillingsdýrkunina. Hvort tveggja leiddi meðal annars til þess að skáldin hófu ýmsar tilraunir með hið hefðbundna form, bjuggu til nýja bragarhætti og vörpuðu síðar mörg hver alveg af sér oki ríms og stuðla og hefðbundinnar hrynjandi. Líklega blandast engum þeim sem kynnt hafa sér íslenskan kveðskap í aldanna rás hugur um að slíkar breytingar hafa eftt og auðgað ljóðagerð Íslendinga og vegna þeirra hafa verið ort ýmis frumlegustu og bestu ljóð tungunnar. Á hinn bóginn leiddi krafan um frumleikann og dýrkun snillingsins til þess að skáld hirtu mörg hver lítt um það hvað læra mátti af hinu hefðbundna formi og fornu skáldamáli. Þar af leiðandi hafa þau farið á mis við ýmislegt það í skáldskaparfræðum sem betra er að hafa en missa.

Hvernig sem á því stendur þá virðist frumleikakrafan lífseigari í ljóðagerð en öðrum greinum bókmennta. Þetta speglast vel í móðurmálskennslu í skólum. Þar er nemendum kennt að setja fram hugsun sína í rituðu máli og fæstir þeirra munu komast svo í gegnum skyldunám að þeir hafi ekki fengið einhverja þjálfun í að skrifa smásögur, að ekki sé minnst á hinar hefðbundnu skólaritgerðir. Til skamms tíma mun það þó fremur hafa heyrt til undantekninga að nemendum væri kennt að yrkja ljóð eftir föstum reglum (og er þá ekki endilega átt við reglur hefðbundins bragar). Á síðustu árum hafa þó sést ýmis teikn

um að þetta sé að breytast. Má þar til dæmis nefna kennslu Njarðar P. Njarðvík í skapandi skrifum við Háskóla Íslands og kennslu Þórðar Helgasonar og Ragnars Inga Aðalsteinssonar í ljóðagerð á framhalds- og grunnskólastigi auk þess sem Ragnar Ingi hefur gefið út kennslubækur í hefðbundinni ljóðagerð.

Nú má vissulega velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að færa kennslu í ljóðagerð og skapandi skrifum inn í móðurmálskennslu í skólum. Ef til vill væri skynsamlegast að kenna slík fræði í sérskólum eins og tónlist og myndlist. Hvers vegna skyldu þau fræði ekki vera sérstök háskólagrein með þeirri þjóð sem hefur lifað við sögur og ljóð fremur öllum öðrum?

Hér verður ekki að sinni tekin nein skýr afstaða í þessu máli heldur látið nægja að benda á kosti myndrænnar framsetningar á tölvu til að skýra bundin ljóð og þjálfar menn í að yrkja undir hefðbundnum háttum. Þá skal að lokum hnykkt á því að með því að tengja saman lög og bragarhætti mætti smám saman fá betri og traustari vitneskju um tónlistararf þjóðarinnar en menn nú hafa.

HEIMILDIR

- Hjálmar Jónsson frá Bólu. 1965. *Ritsafn* II. Rímur. Ný útgáfa. Finnur Sigmundsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1837. „Um Rímur af Tistrani og Indíönu, „orktar af Sigurdi Breidfjörð,“ (prentaðar í Kaupmannahöfn, 1831).“ *Fjölur*. Þriðja ár:18–29.
- Jónas Hallgrímsson. 1957. *Kvæði og sögur*. Með forspjalli eftir Halldór Kiljan Laxness. Heimskringla, Reykjavík.
- Lie, Hallvard. 1982. „Skaldestil og studier.“ *Om sagakunst og skaldskap*. Utvalgte avhandlinger, bls. 109–200. Alvheim og Eide. Akademisk forlag, Øvre Ervik.
- Lie, Hallvard. 1982. „Natur og unatur i skaldekunsten.“ *Om sagakunst og skaldskap*. Utvalgte avhandlinger, bls. 201–316. Alvheim og Eide. Akademisk forlag, Øvre Ervik.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1985. *Bragfræði og háttatal*. 2. útgáfa. Hörpu-útgáfan, Akranesi.
- Vísnaafnið* I. 1973. Sigurður Jónsson frá Haukagili tók saman. Iðunn, Reykjavík.

Gísli Halldórsson í Króki

Fimm ljóð

Gríðastaður

Ég kom til þín er kuldinn vanga beit,
þá kalið var hvert blóm í mínum reit
og sólin horfin, sigin bak við fjöll,
en samt komst þú til dyra björt og heit.

Þá fannst mér leggja ljós í mína sál;
sem löngu gleymdar raddir fengu mál,
sem eyðimerkufari fyndi þar
að falli kominn vatn í kristallsskál.

Nú gægist haustið fram um fjallaskörð
og fölum hjúpi klæðir vora jörð
en frost og myrkur komast aldrei að
þar ástin björt og fögur heldur vörð.

Nú syng ég aftur

Nú syng ég aftur sönginn minn um þig
og sólin rís við austur, björt og heið.
Þó að við höfum gengið langa leið
og langt að skilin, hvort sinn villustig,
þá syng ég aftur sönginn minn um þig.

Og þó að nú sé rödd mín orðin rám
sem rífið járn og sturður textinn minn,
ég aftur gamla undirtóninn finn
sem yljár mér frá hvirfli niður að tám.
Jafnt þó að nú sé rödd mín orðin rám.

Og þó að heyri enginn á minn söng
og út í bláinn týnist hvert mitt stef
ég sáttur minni forsjón fyrirgef
og finn hve blómin anga dægrin löng,
þó svo að heyri enginn á minn söng.

Og þó svo aftur þögnin grúfi hér
og þaggi hvern minn tón, sem fjjósi lind,
ég á í fórum engilskæra mynd,
sem aldrei verður tekin burt frá mér,
jafnt þó svo aftur þögnin grúfi hér.

Þakleki

Eins og vornæturegn
gegnum vetrarins þungbúna þak
berst þín minning til mín.
Undir lekann ég læt
og mitt ljóð, það er bytta og skál.

Í rökkrinu

Ég í rökkrinu kvæðin mín kvað,
öll mín kvæði um vorið og þig.
Já, og vinan mín, þökk fyrir það
sem að þú hefur gert fyrir mig.

Man ég enn hve sú gata var greið
þar sem gengum við saman eitt vor.
Upp með fljótinu lá okkar leið,
þar í leynum mun geymast hvert spor.

Og ég man hvernig síðförl sól
rann um síðir í fjallgarðsins tá.
Hverja von, sem að æska mín ól,
hef ég andvana kvatt síðan þá.

Skammt frá læknum við kvöddumst í kvos
 og þú kvaðst ganga burtu þinn veg.
 Handan fjallsins þín fegurstu bros
 hafa fölskvast – og hérna stend ég.

Kvöldkyrrð

Þýðing á ljóði eftir pólska skáldið Julius Kriss¹

Nú af himni er röðullinn runninn,
 hvarf í rauðgullna purpurahöll.
 Lystigarðinn með blóm sín og brunninn
 svæfir blærinn. Á húmdökkan grunninn
 ritar næturvers náttúran öll.

Milli tjánna og blómanna teygjast
 geislar tunglsins líkt snákum að sjá.
 Þeir í grasinu síkvikir sveigjast
 meðan sindrandi droparnir fleygjast
 eins og gljáperlur gosbrunni frá.

Breiðist þögn yfir garðinn, nú greinist
 aðeins gutlandi dropanna hljóð.
 Lágvært hvísl milli blómanna beinist,
 innst í brjóstinu dulmögnuð leynist
 einhver rödd, meðan rennur vort blóð.

¹ Ljóðið er þýtt úr esperanto en það birtist í *Pola Esperantisto* 1912.

Kristján Árnason

Um braghrynjandi að fornu og nýju

I Hrynjandi bragar

Reglur um hrynjandi bragarháttar eru tvenns konar. Annars vegar eru almennar reglur um það í hverju hrynjandinn er fólgin og á hvern hátt má uppfylla kröfur bragarháttanna um ris og hnig, hins vegar eru nákvæmari skilgreiningar á einstökum háttum, t.d. um það hversu margir bragliðir eru í hverju vísuorði (braglínu) og hvers eðlis þeir eru (rísandi eða hnígandi, þríliðir eða tvíliðir). Hin almenna regla í yngri kveðskap íslenskur er auðvitað sú að risi í brag samsvarar áhersluatkvæði í textanum en hnigi svarar áherslulítið atkvæði. Þótt eldri kveðskapur, t.d. dróttkvæði og eddukvæði (sem ort eru fyrir þá hljóddvalarbreytingu sem átti sér stað um siðaskipti), lúti svipuðum lögmálum er mikilvægur munur á þeim kveðskap sem fylgir eldri hljóddvalarlögmálum og þeim sem ekki gerir það. Að þessu verður vikið í síðari hluta þessarar greinar en fyrst verður farið nokkrum orðum um almennari atriði með dæmum úr yngri kveðskap.

II Form og formgerðir bragarháttar

Reglurnar sem skilgreina einstaka hætti fjalla eins og áður sagði um það hvort hætirnir byggist t.d. á tvíliðum eða þríliðum eða hvort hrynjandi sé rísandi eða hnígandi. Einnig eru þar reglur um fjölda risa og línulengd og um línufjölda í vísu. Þessar skilgreiningar gefa allfjölbreytilegt úrval bragarháttar sem hafa ólíkan stílblæ. Skilgreiningarnar eru misjafnlega ýtarlegar. Þannig eru t.a.m. skilgreiningar dróttkvæðs háttar á margan hátt nákvæmari en skilgreiningar forn-
röðslags og rímur eru fastari í formi en þulurnar.

Ef s er látið standa fyrir ris og v fyrir hnig má t.a.m. skilgreina ferskeyttan hátt eins og hér er gert, þ.e.a.s fjórar línur þar sem skiptast á ris og hnig, fjögur ris í frumlínu og þrjú í síðlínu:

S V S V S V S
 S V S V S V
 S V S V S V S
 S V S V S V

Hér mætti að sjálfsgöðu stytta sér leið og segja að vísuhelmingarnir séu endurteknir og að hver ferskeytt vísa sé tvítekið línupar.

Hrynjandinn er hér hnígandi – línurnar byrja á risum og enda á hnigum – og bragliðirnir eru réttir tvíliðir. En einnig er til rísandi hrynjandi. Hana er einkum að finna í háttum af erlendum uppruna, t.a.m. sonnettu en Jónas Hallgrímsson notar þann hátt í kvæðinu fræga „Ég bið að heilsa“.¹

V S V S V S V S V S V
 Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.
 V S V S V S V S V S V
 Á sjónum allar báru smáar rísa
 V S V S V S V S V S V S V
 og flykkjast heim að fögru landi ísa,
 V S V S V S V S V S V S V
 að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Sonnettan er af ætt fjölmargra háttá sem hafa jambíska (þ.e. rísandi) hrynjandi með fimm risum og eiga rætur sínar að rekja til Ítalíu. Þeir eru skyldir tersínunni, hættinum á „Gleðileiknum guðdómlega“ (*La Divina Commedia*) eftir Dante. Annað dæmi um sonnettuhrynjandi er að finna í „Leit“:²

V S V S V S V S V S V S
 Ég leita hvítra gleymdra daga, geng
 S V V S V S V S V S V S
 grárökkið hraun, við mjóan troðinn veg [...]

Þótt línurnar hjá Jónasi endi á svokölluðum *rétum tvíliðum* má samt segja að takturinn sé gefinn með hrynjandi upphafsorðanna og það er

¹ Jónas Hallgrímsson (1956:93–94).

² Snorri Hjartarson (1981:31). Síðar í greininni verður vikið að viðsnúningnum í upphafi seinni línunnar þar sem orðin *grárökkið hraun* eru látin mynda þrílið og stúf í stað tveggja öfugra tvíliða og brjóta þannig upp hrynjandina.

eins og myndist örlítil mjúk bylgjuhreyfing sem byrjar í öldudalnum. Hjá Snorra enda línurnar á risi en hann tekur sér hins vegar það bessaleyfi að snúa við hrynjandinni á fyrsta bragliðnum í seinni línunni en slíkt er alsíða í jambískum kveðskap. Í annarri línunni sem hér er sýnd er byrjað á þríkvæðri orðmynd, *grárokkið*, sem eðlilegt er að bera fram sem svv.

Sams konar hrynjandi og í sonnettu er í stakhendunni (*blank verse*), bragarhætti Shakespeares.³

v s v s v s v s v s v
To be or not to be, that is the question –
v s v s v s v s v s v
Whether it's nobler in the mind to suffer
v s v s v s v s v s v
The slings and arrows of outrageous fortune

Þessar línur eru svo í þýðingu Helga Hálfðanarsonar:⁴

v s v s v s v s v s v
Að vera, eða, ekki vera, þarna er efinn,
v s v s v s v s v s v
hvort betur sæmi að þreyja þolinmóður
v s v s v s v s v s v
í grimmu éli af örvum ógæfunnar

En eins og sjá má – og brátt mun vikið nánar að – leyfa skáldin sér, ekki síst Shakespeare, ýmiss konar frávik frá grunnhrynjandinni og bragarhættirnir leyfa oft slíkar „undantekningar“ frá meginreglunum. Aðrir hættir af þessari ætt eru t.a.m. þríhendan (tersínan) og átthendan (ottavan) en þá notar Jónas Hallgrímsson í Gunnarshólma.

Til eru bragarhættir sem byggjast á þríliðum, til dæmis hexametrið og hættir leiddir af því en þeir hafa þrílið (daktýl) sem grunneiningu í hrynjandi sinni þótt frávik séu leyfð.⁵

s v v s v v s s v v s v v s
| Hvar er þín | fornaldar | frægð, | frelsið og | manndáðin | best

³ Shakespeare (1963:93).

⁴ Shakespeare (1970:64).

⁵ Jónas Hallgrímsson (1956:41).

En hér má líka nefna limruna sem er orðin allvinsælt form hér á landi. „Fríhál“ eftir Þorstein Valdimarsson er gott dæmi um hana:⁶

$\overset{v}{\text{É}} \overset{s}{\text{g}} \overset{v}{\text{a}} \overset{v}{\text{ð}} \overset{v}{\text{e}} \overset{s}{\text{f}} \overset{v}{\text{e}} \overset{v}{\text{f}} \overset{s}{\text{t}}$
 Ég aðhefst það eitt sem ég vil
 $\overset{v}{\text{og}} \overset{s}{\text{þ}} \overset{v}{\text{ví}} \overset{v}{\text{a}} \overset{s}{\text{ð}} \overset{v}{\text{e}} \overset{v}{\text{ins}} \overset{s}{\text{a}} \overset{v}{\text{ð}}$
 og því aðeins að mig langi til.
 $\overset{v}{\text{En}} \overset{s}{\text{langi}} \overset{v}{\text{þ}} \overset{v}{\text{ig}} \overset{s}{\text{til}}$
 En langi þig til
 $\overset{v}{\text{að}} \overset{s}{\text{mig}} \overset{v}{\text{langi}} \overset{v}{\text{til}} \overset{s}{\text{—}}$
 að mig langi til —
 $\overset{v}{\text{þá}} \overset{s}{\text{langar}} \overset{v}{\text{mig}} \overset{v}{\text{til}} \overset{s}{\text{svo}} \overset{v}{\text{ég}} \overset{v}{\text{vil!}}$
 þá langar mig til svo ég vil!

Þótt til séu mismunandi útfærslur er limruformið auðþekkjanlegt og hrynjandin er býsna nákvæmlega skilgreind. Það sem setur mestan svip á hrynjandina eru, eins og minnst var á, þríliðirnir. Þeir hafa á undan sér forlið í upphafi línu en í lok hvernar línu er annaðhvort stúfur (eins og hér) eða tvíliður og stöku sinnum þríliður. Það er einnig beinlínis hluti af skilgreiningu háttarins að þriðja og fjórða lína skuli vera einum braglið (einu risi) styttri en hinar línurnar.

Í rímunum eru skilgreindir margir hættir og háttaafrígríði og hefur hver sína forskrift um línulengd. Hér eru tekin nokkur dæmi:⁷

Braghenda:

$\overset{s}{\text{H}} \overset{v}{\text{r}} \overset{s}{\text{í}} \overset{v}{\text{f}} \overset{s}{\text{a}} \overset{v}{\text{m}} \overset{v}{\text{ig}} \overset{s}{\text{úr}} \overset{v}{\text{h}} \overset{s}{\text{e}} \overset{v}{\text{i}} \overset{s}{\text{m}} \overset{v}{\text{a}} \overset{s}{\text{l}} \overset{v}{\text{ö}} \overset{s}{\text{n}} \overset{v}{\text{d}} \overset{s}{\text{um}} \overset{v}{\text{h}} \overset{s}{\text{r}} \overset{v}{\text{j}} \overset{s}{\text{ö}} \overset{v}{\text{st}} \overset{s}{\text{u}} \overset{v}{\text{r}} \overset{s}{\text{f}} \overset{v}{\text{j}} \overset{s}{\text{ö}} \overset{v}{\text{l}} \overset{s}{\text{l}} \overset{v}{\text{i}} \overset{s}{\text{n}}$
 Hrífa mig úr heimalöndum hrjóstur fjöllin,
 $\overset{s}{\text{ég}} \overset{v}{\text{er}} \overset{s}{\text{or}} \overset{v}{\text{ð}} \overset{s}{\text{inn}} \overset{v}{\text{e}} \overset{s}{\text{ins}} \overset{v}{\text{og}} \overset{s}{\text{tr}} \overset{v}{\text{ö}} \overset{s}{\text{l}} \overset{v}{\text{l}} \overset{s}{\text{i}} \overset{v}{\text{n}}$
 ég er orðinn eins og tröllin,
 $\overset{s}{\text{uni}} \overset{v}{\text{l}} \overset{s}{\text{í}} \overset{v}{\text{t}} \overset{s}{\text{t}} \overset{v}{\text{vi}} \overset{s}{\text{ð}} \overset{v}{\text{b}} \overset{s}{\text{y}} \overset{v}{\text{g}} \overset{s}{\text{ð}} \overset{v}{\text{a}} \overset{s}{\text{s}} \overset{v}{\text{k}} \overset{v}{\text{ö}} \overset{s}{\text{l}} \overset{v}{\text{l}} \overset{s}{\text{i}} \overset{v}{\text{n}}$
 uni lítt við byggðasköllin.

⁶ Þorsteinn Valdimarsson (1965:15). Ég læt það liggja milli hluta hér þótt önnur lína byrji á tveimur léttum atkvæðum í einni veikri stöðu. Vera kann að það sé algengara að limrulínur hefjist á tveimur léttum atkvæðum (eða tvíkvæðum forlið). Ef svo er má gera ráð fyrir að langlína í limru hafi formgerðina $v \ v \ s \ v \ v \ s \ v \ v \ s \ v$, þ.e. með þremur öfugum þríliðum en valfrjálst sé að byrja á einu veikum atkvæði.

⁷ Sveinbjörn Beinteinsson (1958:59).

Dverghent:⁸

^{s v s v s v s v}
Bæði tvö ef enn við ættum

^{s v s}
orð til góðs,

^{s v s v s v s v}
rakið skal af þúsundþættum

^{s v s}
þræði ljóðs.

Í rauninni eru þessir hættir einungis tilbrigði við ferhendan rímnahátt þar sem önnur línan í parinu er mismikið stytt. Hægt væri að skrifa braghenduna upp í fjórum línur:

Hrifa mig úr heimalöndum
hrjósturfjöllin,
ég er orðinn eins og tröllin,
uni lítt við byggðasköllin.

Þá mætti segja að fyrsta, þriðja og fjórða lína hefðu fjögur ris og önnur lína tvö. Þannig yrði fyrri helmingur vísunnar líkur dverghendu, þ.e. með tveimur risum í síðlínu, en seinni helmingurinn yrði líkur breiðhendu sem hefur fjögur ris í hverri línu.

III Bragsþenna

Segja má að breytileiki í hrynjandi sé sumum háttum eðlilegur eða eins og partur af skilgreiningu þeirra. Svo er t.a.m. um stakhendu Shakespeares og aðra jambíska hætti eins og minnst hefur verið á. Eins og sjá má af framangreindum dæmum lætur Shakespeare sjálfur hrynjandi textans stangast dálítið á við hrynjandi bragarháttarins. Þetta sést vel í línunni „Whether it’s nobler in the mind to suffer.“ Textinn byrjar á orðum sem eðlilegt er að myndi réttan þrilið: „'Whether it’s.“ Meginhrynjandi bragsins byggist samt á öfugum tvíliðum. Í íslensku sonnettunni og öðrum viðlíka háttum verður það

⁸ Sveinbjörn Beinteinsson (1985:24).

að nokkuð reglulegum valkosti að snúa hrynjandinni svona við. Jónas gerir það í sonnettunni frægu „Ég þið að heilsa“. Þegar kemur út í miðja aðra vísuna snýst hrynjandinn við í upphafi línunnar:⁹

Ó, heilsað öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði.
Kyssid þið, bárur, bát á fiskimiði.
Blásid þið, vindar, hlýtt á kinnum fríðum.

Tvær síðustu línurnar brjóta hrynjandina upp. Þar gerist það sama og í línu Shakespeares, að snúið er við röðinni í tveimur fyrstu bragstóðunum þannig að í stað vsvs kemur svvs. Þessar línur byrja báðar á romsum sem eðlilegt er að myndi rétta þríliði: „Kyssid þið“, „Blásid þið.“ Sjá má að sams konar viðsnúningur kemur fyrir í dæminu sem tekið var frá Snorra Hjartarsyni. Þetta er ekki aðeins leyfilegt heldur getur það verið mjög eðlilegt og jafnvel æskilegt í þeim skilningi að það vinnur gegn einhæfni. Breytileikinn lífgar upp á hrynjandina. Það er örugglega ekki tilviljun að Jónas lætur hrynjandina breytast á þessum stað: „Kyssid þið, bárur, bát.“ Þegar bárurnar lenda á bátnum og kyssa hann er hin léttu bylgjuhreyfing brotin upp og jafnvel hvísið heyrast þegar báran brotnar í „kossinum“. Einnig má hugsa sér hrynbrotið eins og hálfgerert andvarp til að leggja áherslu á kveðjuna sem skáldið sendir heim.

Svipuð áhrif koma fram í „Íslandsminni“ Jónasar:¹⁰

Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tindi fjalla,
og svanahljómi, silungsa,
og sælu blómi valla
[...]
Drjúpi hana blessun drottins á
um daga heimsins alla.

Í þessu kvæði er grunnhrynjandinn stígandi:

v s v s v s v s
v s v s v s v

⁹ Jónas Hallgrímsson (1956:94).

¹⁰ Jónas Hallgrímsson (1956:58).

En í næstsíðustu línunni er kliðurinn rofinn og allt í einu kemur lína sem byrjar á áhersluatkvæði:

^s ^v ^v ^s ^v ^s ^v ^s
Drjúpi hana blessun drottins á

Hérna myndast spenna milli hinnar reglulegu hrynjandi línanna á undan og textans í síðustu línunni. Ef sagt er að bragformið sé eins og því hefur áður verið lýst, þ.e. að það eigi að byrja á hnigi og síðan skiptist á ris og hnig og þannig myndist stígandi hrynjandi, þá verður að gera ráð fyrir að spenna ríki milli þessa braglínufoms og málsins sem fyllir það. Í þessu tilviki er áreksturinn af tvennum toga. Annars vegar er árekstur orðáherslunnar *drjúp*- við hnig bragarháttarins og hins vegar eru atkvæðin einu of mörg ef þau eru öll borin fram: „Drjúpi hana.“ Hið síðarnefnda leysist raunar með samdrætti, þannig að áherslulausa *i*-ið í *drjúpi* hverfur á undan *hana* (*drjúp'ana*), en þá verður til þríkvæður áhersluliður. Hinn áreksturinn stafar af því að í venjulegu tali er það edlileg hrynjandi í setningu að sagnmyndin *drjúpi* sé sterkari en fornafnsmyndin *hana*. En þessi árekstur verður af ásettu ráði frekar en af klaufaskap og þjónar listrænum tilgangi.

IV Bragform, formgerðir, texti og flutningur

Eins og áður segir er edlilegt að hugsa sér að bragarhættir séu eins konar sértæk mynstur eða form sem skáldin og þeir sem njóta bragarins hafa í huganum. Til eru mismunandi bragform eins og ferskeytla, dróttkvæður háttur, limra, sonnetta o.s.frv. Bragarhættir eru sem sé form. Hvert form hefur ákveðnar reglur um hrynjandi, rím og stuðlasetningu og innan bragarháttanna eru skilgreindar fomgerðir (strúktúrar), svo sem lína og bragliður. Langa línán í limrunni, v s v v s v v s, er sem sé formgerð innan limruformsins og líka stutta línán, v s v v s, og limruformið hefur ákveðnar reglur um það hvernig þessum formgerðum ber að raða saman. Á sama hátt má segja að línur ferskeytlunnar séu formgerðir sem raðað er saman samkvæmt ákveðinni reglu, þ.e. fyrst kemur s v s v s v s og síðan s v s v s v. Þessu til viðbótar eru svo að sjálfsgöðu gerðar formlegar kröfur um stuðlasetningu og rím sem þrengja formið enn frekar.

Dæmin um það þegar spenna myndast milli bragar og texta, forms og samsetningar sýna glögggt að flutningur kveðskapar skiptir miklu máli og í raun verður kröfunum um hrynjandi ekki fullnægt fyrr en kvæðið er flutt. Bragarhættirnir byggjast á hljómi málsins. Þess vegna

verður ekki rætt um bragfræði af viti nema minnst sé á flutninginn. Allir vita að hægt er að flytja kvæði á mjög mismunandi vegu og þar hefur margt áhrif. Hægt er að leggja mikla tilfinningu í flutninginn og túlka textann á ýmsa lund og „dramatísera“ hann. Einnig er hægt að miðla textanum tiltölulega hlutlaust og án tilfinningar eða túlkunar. Margt í sambandi við túlkun í upplestri er að sjálfsögðu ekki beinlínis tengt hrynjandinni og tengist því ekki náð aðalumræðuefni þessa greinarkorns, bragfræðinni. En allur flutningur hefur einhverja hrynjandi eins og allt tal hefur einhverja hrynjandi.

Vel má hugsa sér að eðlilegast sé að flytja kvæðin með þeirri hrynjandi sem bragarhátturinn segir fyrir um og væntanlega er það yfirleitt gert. En þessi fyrirmæli eru ekki nærri alltaf tæmandi. Kveðið er á um að á tilteknum stöðum eigi að vera rím og á tilteknum stöðum ris og hnig. En hátturinn tilgreinir ekki hversu hratt á að lesa svo dæmi sé nefnt. Sé upplestur borinn saman við tónlist má líkja lestrinum við túlkun og flutning tónverksins og tónlist getur verið misjafnlega flutt og túlkuð; hraðaval, styrkleikabreytingar og tónblær ráða miklu um túlkunina. Hægt er að túlka sama tónverk á mismunandi hátt en samt er ekki hægt að segja að einn flutningur sé réttari eða betri en annar. Málið snýst um listrænan skilning eða smekk. Ljóðatexti býður, ekki síður en tónlist og raunar frekar, upp á mismunandi túlkun eða skilning. Að sjálfsögðu hefur merking textans áhrif en ljóðin eru oft margræð eða dulúðug og gefa kost á fleiri en einni túlkun og flutningsmáta.

Hinir hljómlegu þættir bragformsins eru margbreytilegir og fyrirskipanir sem gefnar eru um flutning ljóða eru mun óljósari en í tónlist. Menn ráða því hvort þeir leggja meiri áherslu á eitt ris en annað eða hvort þeir láta öll ris vera sem jöfnust. Lesa má hratt eða hægt og einnig má ráða því hvort lesið er í belg og biðu eða hvort gert er hlé eða þagnir hafðar á vissum stöðum o.s.frv. Einnig er spurning hversu náð skuli fylgja hrynjandi bragarins og hvort til greina komi að láta innihaldið ráða ferðinni eða nota hrynjandi sem líkist töluðu og óbundnu máli.

Margræðni skilaboða um flutning er ekki síst áberandi þegar bragur og mál rekast á líkt og í dæmunum sem áðan var lýst. Þá stendur valið um það hvort bragnum skuli fylgt eða hrynjandi talmálsins látin ráða. Ef bragurinn væri látinn ráða ætti að lesa eftirfarandi línu úr „Passíusálmunum“ með lítilli áherslu á *last-* en mikilli á *-mæl-*:¹¹

¹¹ Hallgrímur Pétursson (1995:81).

S V V S V S V
 Sig mun fyrst sjálfan blekkja
 S V V S V S
 sá með lastmælgí fer

Þetta kann að þykja viðeigandi þar sem hljómurinn og stílfærslan sem fólgin er í því að yrkja bundið fá að njóta sín. En öðrum þykir e.t.v. ankannalegt að fylgja bragarhættinum svona stíft og kjósa þá heldur að láta eðlilega hrynjandi málsins njóta sín þannig að áherslan á fyrsta atkvæðinu í „lastmælgí“ stríði gegn braghrynjandinni. Vel má hugsa sér að þetta geti gefið góða hvíld frá einhæfri hrynjandi.

Mjög misjafnt er hversu nákvæmlega skáld fylgja bragarháttunum um að láta textann falla vel að hrynjandinni. Hallgrímur Pétursson og samtíðarmenn hans ganga oft býsna langt í því að láta mál og brag stangast á en aðrir eru klíðmýkri – ef svo má segja. Tómas Guðmundsson yrkir mjög klíðmjúkt og lætur ris í brag og áherslur málsins standast eðlilega á eins og vel kemur fram í ljóði hans „Í Vesturbænum“:¹²

Það kvað vera fallett í Kína.
 Keisarans hallir skína
 hvítar við safirsænum.
 En er nokkuð yndislegra
 – leit auga þitt nokkuð fegra –
 en vorkvöld í vesturbænum?

Því þá kemur sólin og sezt þar.
 Hún sígur vestar og vestar
 um öldurnar gulli ofnar.
 Og andvarinn hægir á sér.
 Ástfangin jörðin fer hjá sér,
 unz hún snýr undan og sofnar.

Þessar vísur eru ortar með góðri tilfinningu fyrir hrynjandi hins talaða máls. Bragarhátturinn hefur þrjú ris og línurnar enda á réttum tvílið. Risin eiga ekki í neinum vandræðum með að finna sér áherslu-

¹² Tómas Guðmundsson (1946:50–51).

atkvæði í textanum og eðlileg setningaráhersla fellur vel að bragnum, t.a.m. í tveim fyrstu línunum seinni vísunnar:

Því þá kemur sólin og sest þar
 hún sígur vestar og vestar

Í lok fyrri línunnar eru sögn og atviksorð: „sest þar.“ Það er eðlileg setningarhrynjandi að slíkt samband sagnar og atviksorðs myndi einn áherslulið þar sem sögnin ber áhersluna og atviksorðið er áherslulaust viðhengi:

Ég 'var þar ['varðar] í þrjú ár.

En önnur skáld eru stírkvæðari eins og gengur.

Þótt stírdleiki í kveðandi sé stundum rakinn til klaufaskapar er það ekki nærri alltaf nærtækt. Vel er hægt að hugsa sér að skáldin velji sér tiltekinn stíl í þessum efnum og yrki viljandi stírt. Þetta má hugsa sér um vísuna góðu þar sem Jónas Hallgrímsson er að stæla rímnakveðskap:¹³

Er hann að syngja enn sem fyrr,
 arnarvélið sá hann – attan:
 „Klingling“ hringja kleprarnir
 við karlinn hélugráan – skrattann.

Auk þess er hugsanlegt að of mikil kliðmýkt geti orðið leiðigjörn og væmin.

Og svo er hitt, sem minnst var á áður, að skáldin nota ójöfnur í hrynjandinni viljandi til þess að tákna eitthvað sérstakt eða koma einhverju sérstöku til skila eða af því að þeim finnst fallegra að setja hlutina þannig fram. Vel má túlka það svo að línan sem tilfærð var hér áðan, „drjúpi hana blessun drottins á“, sé einmitt þannig til komin en hún stingur í stúf við aðrar línur í sama kvæði. Hún kemur á eftir allangri romsu af línunum með reglulegri hrynjandi. Kvæðið byrjar á lýsingu á Íslandi og náttúru þess en tvær síðustu línurnar eru upphrópun, þegar fegurð landsins hefur verið lýst. Í raun er eðlilegt að

¹³ Jónas Hallgrímsson (1956:189).

Þessi upphrópun sé kynnt með því að brjóta upp hrynjandina eins og gert er. Í samræmi við það væri eðlilegt að leyfa áherslunni á fyrsta atkvæðinu að halda sér í lestri, *drjúp'ana*, frekar en að lesa *drjúp' hana* bara til að fylgja bragnum (eins og raunar gerist í alpekkту lagi sem þetta kvæði er oft sungið við).

V Hljóðdvöl í eldri og yngri kveðskap

Eins og minnst var á í upphafi er mikilsverður munur á hrynjandi í eldri og yngri kveðskap íslenskum sem tengist hljóðdvöl, sem svo hefur verið kölluð, eða atkvæðapunga. Forn atkvæði höfðu mismunandi hljóðdvöl eða voru misþung en það réðst af því hvernig þau voru upp byggð. Annars vegar réðst hljóðdvöl af lengd sérhljóðanna, hins vegar því hversu mörg samhljóð fylgdu sérhljóðunum.

Í fornu máli var grundvallarmunur á lengd sérhljóða þannig að þau sem nú kallast breið, eins og *i*, (*e*), *ú*, *ó* o.s.frv., voru lengri en þau sem nú kallast grönn: *i*, *e*, *u*, *o* o.s.frv. Þung (með langa hljóðdvöl) voru þau atkvæði sem annaðhvort höfðu gömul löng sérhljóð eða tvíhljóð eða höfðu fleiri en eitt samhljóð á eftir. Þess vegna voru fyrri atkvæðin í orðmyndum eins og *bleikir*, *hálar* og *landa* þung en orðmyndir eins og *gleður*, *vakir* og *talar* höfðu hins vegar létt áhersluatkvæði þar sem sérhljóðið var stutt og einungis eitt samhljóð kom á eftir:

Þung atkvæði	Létt atkvæði
I	II
<i>bleikir</i> (tvíhljóð)	<i>gleður</i> (stutt sérhlj. + eitt samhlj.)
<i>hálar</i> (langt sérhljóð)	<i>vakir</i> - -
<i>landa</i> (stutt sérhlj. + tvö samhlj.)	<i>talar</i> - -
<i>rósta</i> (langt sérhlj. + tvö samhlj.)	

Þessi hljóðdvalarmunur skipti máli í kveðskapnum. Einungis þung atkvæði, eins og þau sem nefnd eru í fremri dálki töflunnar, gátu borið ris ein og sér. (Atkvæði eins og í *rósta*, þar sem tvö samhljóð fara á eftir löngu sérhljóði, eru stundum kölluð yfirþung eða yfirlöng en þau voru bragfræðilega jafngild áhersluatkvæðum í orðmyndum eins og *hálar* og *landa*.) Þetta má orða svo að létту atkvæðin í fornu máli hafi skort bolmagn til þess að bera risið ein og sér.

Tökum sem dæmi tvær frægar vísur Egils Skalla-Grímssonar. Önn-

ur er sú sem hann yrkir samkvæmt sögunni í heimsókn hjá afa sínum, Yngvari. Látum sannleiksgildi um smáatriði liggja milli hluta og fylgjum Fornritafélagsútgáfu Sigurðar Nordals:¹⁴

Kominn emk enn til arna
Yngvars, þess's beð lyngva,
hann vask fúss at finna,
fránþvengjar gefr drengjum;
mun eigi þú, þægir,
þrévetran mér betra,
ljósundinna landa
linns, óðar smið finna.

Hin vísan er um fall Þórólfs, bróður Egils:¹⁵

Gekk, sás óðisk ekki,
jarlmanns bani snarla,
þreklundaðr féll, Þundar,
Þórólfr, í gný stórum;
jörð græer, en vér verðum,
Vínu nær of mínum,
helnauð es þat, hylja
harm, ágætum barma.

Einfaldast er að átta sig á því hvernig þessi takmörkun verkar með því að renna augum yfir niðurlag línanna í þessum vísam. Þær enda allar á tvíkvæðum orðum þar sem fyrra atkvæðið er þungt. Orðmyndir eins og *gleður*, *vakir* og *talur* væru óhugsandi í þessari stöðu fyrir hljóðdvalarbreytingu.

Að sama skapi er óhugsandi að eftirfarandi erindi úr „Sláttuvísu“ Jónasar Hallgrímssonar undir dróttkvæðum hætti sé ort fyrir hljóðdvalarbreytingu:¹⁶

Gimbill gúla þembir,
gleður sig og *kveður*:
„Veit ég, þegar *vetur*
vakir, inn af *klaka*

¹⁴ *Íslensk fornrit* (1933:81–82).

¹⁵ *Íslensk fornrit* (1933:142).

¹⁶ Jónas Hallgrímsson (1956:129).

hnífill heim úr drífu
 harður kemst á garða
 góðir verða gróðar
 gefnir sauðar efni“.

Skáletruðu orðin í vísunni höfðu í fornu máli létt áhersluatkvæði sem gátu ekki borið ris eins og þau eru látin gera hér. Þetta hefði Egill (eða sá sem yrkir í orðastað hans fyrir hljóðdvalarbreytingu) aldrei gert, þótt það fari auðvitað vel í máli Jónasar Hallgrímssonar.

Talið er að hin nýju hljóðdvalarlögmál taki gildi á sextánda öld, þótt nokkur merki megi sjá um þau í kveðskap frá fimmtánda öld, og eins eimir ögn eftir af gömlum takmörkunum í kveðskap frá sautjándu öld. Breytingin sem fyrst og fremst olli þessu var sú að sérhljóð í orðmyndum eins og *gleður* lengdust (þ.e. hættu að vera stutt) og fóru þá að bera risin ein síns liðs. Munurinn á forn máli og nútímamáli er sá að hin forna lengd réðst ekki af umhverfinu (áherslu og atkvæðagerð) eins og nú er heldur voru hljóðin stutt eða löng á eigin forsendum ef svo má segja.

Þetta lögmál má nota til að tímasetja kveðskap og hér er nærtækt að huga að umræðu um aldur kvæðisins „Hrafnagaldurs“ sem fyrir skömmu varð frægt í íslensku menningarlífi.¹⁷ Kvæðið hefur varðveist í uppskriftum frá sautjándu öld og Sophus Bugge, norskur 19. aldar fræðimaður, taldi að það væri ekki miklu eldra en uppskriftirnar. Jónas Kristjánsson færir hins vegar ýmis rök fyrir því að kvæðið geti verið eldra að stofni til og ræður það meðal annars af því hversu brenglað það er í því formi sem það hefur varðveist. En harla ólíklegt virðist, ef ekki óhugsandi, að kvæðið í heild sé svo gamalt. Höfundur eða skrásetjari „Hrafnagaldurs“ fellur nefnilega í svipaða „gryfju“ og Jónas Hallgrímsson hafi hann viljað láta líta svo út sem kvæðið væri fornt. Bragarháttur „Hrafnagaldurs“ minnir á fornyrðislag en hrynjandin er í ætt við það sem kallað hefur verið kviðuháttur og er (í vissum skilningi) taktfastara afbrigði fornyrðislags. Sem dæmi um kvæði undir þessum hætti sem fylgir eldri hljóðdvalarlögmálum má taka „Arinbjarnarkviðu“ Egils en hún byrjar svona (enn eftir Egluútgáfu Fornritafélagsins):¹⁸

¹⁷ Sbr. Jónas Kristjánsson (2002).

¹⁸ *Íslensk fornrit* (1933:258).

Emk hraðkvæðr
 hilmi at mæra,
 en glapmáll
 of gløggvinga,
 opinspjallr
 of jöfurs dóðum,
 en þagmælskr
 of þjóðlygi,

skaupi gnægðr
 skrökberðndum,
 emk vilkvæðr
 of vini mína;
 sótt hefk mǫrg
 mildinga sjöt
 með grunlaust
 grepps of æði.

Hér gilda svipaðar takmarkanir og í fornum dróttkvæðum þannig að létt atkvæði getur ekki eitt borið ris. Þetta veldur því meðal annars að tvær léttar tvíkvæðar orðmyndir duga ekki til að mynda eina stutt-línu. Ef við tökum sem dæmi stuttlinurnar *skaupi gnægðr* og *of vini mína*, í seinni vísunni, þá er sú fyrri þannig saman sett að þar eru tvö orð með þung áhersluatkvæði sem hvort um sig myndar ris. Ef litið er á hina línuna og gert ráð fyrir að bragurinn krefjist þess að tvö ris verði mynduð í hverri línu og grundvallarreglan sé að einungis þung atkvæði geti myndað risið gæti virst svo sem vandi sé á höndum miðað við forn lögmál því ekki er nema einu þungu atkvæði til að dreifa, þ.e. í *mína* sem hefur langt sérhljóð. Í orðmyndinni *vini* er um að ræða stutt rótarsérhljóð og einungis eitt samhljóð á eftir því. En menn hafa löngum talið að í þessu tilviki beri tvö atkvæði það sem kallað hefur verið „klofið“ ris. (Risið er þá klofið í þeim skilningi að tvö atkvæði sameinast um að bera það. Þetta er vel þekkt fyrirbrigði úr klassískum kveðskap og gengur undir nafninu *resolution*.) Línan verður enn eðlilegri fyrir það að hún byrjar á forsetningu. Línan verður þá þannig að fyrst kemur áherslulítið atkvæði (*of*), sem myndar hnig, og síðan kemur ris, borið af atkvæðunum *vini*, og síðan kemur þungt atkvæði sem ber ris og síðast veikt atkvæði sem myndar hnig. Hrynjandin er því vss, eins og í næstsíðustu línu fyrri vísunnar: „en þagmælskr.“

Ef enn er tekið kvæði eftir Jónas Hallgrímsson og borið saman við Egil þá má taka eftirfarandi tvær vísur úr „Magnúsarkviðu“ eftir Magnús konferensráð Stephensen, sem er ort fyrir Viðeyinga. Þá sést fljótt að önnur lögmál gilda:¹⁹

Úti sat und hvítum
alda faldi
fjallkonan snjalla
fögur ofan lög.
Sá hún um bláan
boga loga
ljósin öll, er lýsa
leið um næturskeið.

Í skáletruðu línunni eru tvö orð sem samkvæmt fornum reglum höfðu létt áhersluatkvæði og mynda þau bæði risin. Slíkar línur koma varla eða ekki fyrir í kveðskap fyrir hljóðdvalarbreytingu. Þótt kvæðið sé ekki fullkomlega sambærilegt við „Arinbjarnarkviðu“, m.a. vegna þess að Jónas notar hendingar, er hrynjandinn ekki ósvipuð kviðuhætti. En línur eins og línan „boga loga“ koma ekki fyrir í „Arinbjarnarkviðu“. Hins vegar koma línur af þessu tagi einmitt fyrir í „Hrafnagaldri Óðins“. Fyrsta vísan er svona:

Alföður orkar,
álfar skilja,
vanir vitu,
vísa nornir;
elur íviðjur,
aldir bera,
þreyja þursar,
þjá valkyrjur.

Hér er línan „vanir vitu“ grunsamleg. Svipað gerist í þriðju vísu:²⁰

Hverfur því hugur
hinna leitar;
grunar guma
grand ef dvelur.

¹⁹ Jónas Hallgrímsson (1956:74).

²⁰ *Norræn fornkvaði [...]* *Sæmundar Edda hins fróða* (1965:371). Stafsetning er hér færð til nútímahorfs, K.Á.

Í kvæðinu í heild hef ég fundið eftirfarandi fjögur dæmi til viðbótar um línur þar sem tvö létt orð, sem bæði hafa létt upphafsatkvæði að fornri hljóðdvöl, eru látin mynda tvíliði í sömu línu: „dáins dulu“ (þriðja vísa); „ofan komu“ (sjöunda vísa); „mat af miði“ (nítjándi vísa); „mön af glóar“ (tuttugasta og fjórða vísa). Það er því allt eins líklegt að Bugge hafi haft rétt fyrir sér, að kvæðið, eins og það hefur varðveist, sé ungt.

HEIMILDIR

- Hallgrímur Pétursson. 1995. *Passíusálmar*. 82. prentun. Útgáfu annaðist Helgi Skúli Kjartansson. Hörpuútgáfan, Akranesi.
- Íslensk fornrit II*. Egils saga Skallagrímssonar. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1933
- Jónas Hallgrímsson. 1956. *Ljóðmæli*. Tómas Guðmundsson gaf út. Helgafell, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson. 2002. „Hrafnagaldur Óðins. Fornkvæði reist úr ösku.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. apríl:4–6.
- Norræn fornkvæði*. Islandsk Samling af folkelige Oldtidsdigte om Nordens Guder og Heroer almindelig kaldet Sæmundar Edda hins fróða. Sophus Bugge gaf út. [Óbreytt prentun eftir frumútgáfu 1867.] Universitetsforlaget, Oslo, 1965.
- Shakespeare, William. 1963. *Hamlet*. Edward Hubler gaf út. The Signet Classic Shakespeare.
- Shakespeare, William. 1970. *Leikrit V*. Helgi Hálfðanarson íslenskaði. Heimskringla, Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1981. *Kvæði 1940–1966*. Mál og menning, Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1985. *Bragfræði og háttatal*. 2. útgáfa. Hörpuútgáfan, Akranesi.
- Tómas Guðmundsson. 1946. *Fagra veröld*. Helgafell, Reykjavík.
- Þorsteinn Valdimarsson. 1965. *Limrur*. Heimskringla, Reykjavík.

Gísli Halldórsson í Króki

Þrjú ljóð

Grylukvæði

Hér forðum tíð kerling ein framhjá mér gekk
með fingur sem minntu á tengur.
Hún bar yfir öxlina sígandi sekk,
öll svipbrigðin fylltu mig kvíða og skrekk,
en þá var ég dálítill drengur.

Er gekk hún þar framhjá á ferlegum skóm
mér fannst eins og vældi í malnum.
Með slefu um kjaftinn hún sletti í góm,
í slóð hennar troðið hvert einasta blóm
lá, steindautt og visnað í valnum.

Mig grunar að nú sé hún komin á kreik
og kalli sig stjórn málafræðing.
Hún þingmenn og ráðherra lokkar í leik
og lætur þá hrópa svo allt fari í steik
orðskrípið *alþjóðavæðing*.

Martröð

Jú, satt er það, mig dreymir stundum drauma
og drakúlur með tennur nístar saman.
Í nótt mig dreymdi karl sem einu auga
á mig þírði rauðbirkinn í framan.

Það fór ei leynt að karlinn sá var kátur
með kreppta greip um hamarskaftið líúð.
Nú ískraði og sauð í honum hlátur,
sem hverfisteini þurrum væri snúíð.

Þó brá mér verst er heyrðist röddin hljóma
sem hamslaust færi brim um sjávarkletta.
Af myrkri full varð augnatóftin tóma
og til mín herjans karlinn sagði þetta:

„Ég læt á ruslahauginn hamarsbjálfann,
nú hef ég stýriflaugar margra þrepa
sem strikað geta yfir heiminn hálfan
og hitta beint í mark og drepa, drepa.“

Svo langt hef ég gengið

Svo langt hef ég gengið
að löngu er skórinn minn farinn
og leistarnir komnir í sundur
á tám og á hælum
og hörundið bert og blátt.
Svo langt hef ég gengið
– en sjaldan í sömu átt.

Þórður Helgason

Áfangar

I Inngangur

Mikið hefur verið fjallað um þá breytingu sem varð í íslenski ljóðagerð um miðbik síðustu aldar þegar módernisminn ruddi sér til rúms við fögnuð margra en óneitanlega andúð annarra. Sá sem ýtarlegasta grein hefur gert fyrir þessari breytingu er Eysteinn Þorvaldsson, bæði í fjölda greina og erinda um efnið auk ritsins *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenski ljóðagerð*. Í þeirri bók rekur Eysteinn þá þróun sem að lokum leysti öll bönd og „frelsaði“ ljóðið ef svo má að orði komast. Þetta er spennandi saga og í meðförum Eysteins oft eins og reyfari.

Það sem mig langar til að gera að umræðuefni í þessum greinum mínum er sú staðreynd að mörg 19. og 20. aldar skáld, sem venjulega eru ekki orðuð við byltingu, voru einmitt að fikra sig áfram með þanþol ljóðsins í átt til meira frelsis en oftast innan vébanda hefðbundins forms. Að mínu mati hefur þeirri þróun verið of lítill gaumur gefinn.

Jóhannes úr Kötlum yrkir eins konar fagnaðarljóð um formbyltinguna í bókinni *Sjödægru* (1955). Það er ljóðið „Rímpjóð“ en þar segir í lokaerindinu:¹

Loks opnaðist veröldin mikla
og huldan steig frjáls út úr dalnum
– þá sökk hennar rím eins og steinn
með okinu niður í hafid.

Þessi niðurstaða Jóhannesar gæti allt eins átt við ýmislegt sem þegar var orðið á 19. öld, enda ljóst að fátt eitt hefur 20. öldin fært okkur sem ekki var vandlega undirbúið á hinni 19. Veröldin opnaðist a.m.k. í hálfá gátt og huldan í dalnum skyggndist um. Rímið sökk að vísu

¹ Jóhannes úr Kötlum (1976:30).

ekki eins og steinn og hefur ekki enn gert – sem betur fer – en það varð ekki sem fyrr heilög kýr í ljóðagerðinni.

II Arfurinn

2.1 Fornyrðislag

Ljóst er að þau ungu skáld, sem lituðust um á akri ljóðagerðarinnar á fyrri hluta 19. aldar, gerðu sér fljótlega grein fyrir að margt það sem gleymt var – eða hálfgleymt – af hinum forna arfi mætti enn um sinn kanna, jafnvel breyta og bæta, endurskapa í nýrri mynd. Í því sambandi má ekki gleyma að rómantíkin var tími frelsis og vakningar; gömul form voru ekki heilög og alls ekki gömul ljóðform.

Fornyrðislagið gamla vinnur nú mikinn sigur.² Það hafði að vísu aldrei glatast að fullu en nú fer það að láta að sér kveða. Það á sér áreiðanlega tvær skýringar.

Í fyrsta lagi sýnir Jón Þorláksson fram á að hátturinn hefur ýmsa yfirburði í listrænu tilliti sem enn höfðu ekki verið kannaðir og nýttir til hlítar og hann hikar ekki við að auka frelsi háttarins umfram það sem eldri menn leyfðu sér³ og ekki má þar heldur gleyma framlagi Benedikts Gröndals eldri.

Í öðru lagi – og það tel ég mikilvægari skýringu – var fornyrðislagið sá háttur á fyrri helmingi 19. aldar sem bauð upp á mest frelsi. Hátturinn er rímlaus og auk þess tiltölulega fjáls um áherslur, hrynjandi og línufjölda í erindi. Fjálsleg notkun áherslulausra liða hefur og gert háttinn enn álitlegri fyrir skáldin.

Jónas Hallgrímsson sýnir snemma snilldartök í meðferð háttarins og beitir honum oft, t.d. í „Ad amicum“ og er þetta fyrsta erindið.⁴

Ár var alda,
þá er endurborin
fold in fjallsetta
í fyrsta sinn

² Hér verður ekki gerður greinarmunur á fornyrðislagi, kviðuhætti og málahætti. Málbreyingar ýmsar á umliðnum öldum gera slíkt næsta torvelt (sbr. Svein Yngva Egilsson (1999:61–62).

³ Heimir Pálsson (1976:51–52).

⁴ Jónas Hallgrímsson (1980:10).

veltast tók vö
 um vegu ókunna
 að orði alvalds,
 sem allt um skóp.

Hvert „ungskáldið“ af öðru nýtir sér nú háttinn, ekki síst í þýðingum að hætti Jóns Þorlákssonar, og brátt verður hann ráðandi, t.d. í erfiljóðum. Það er síðan alkunna að hátturinn gekk sér til húðar eins og flest það sem ofnotað er þótt enn megi víða sjá merki hans.

Brátt hefst meira að segja útflutningur háttarins og voru frændur okkar á Norðurlöndunum innflyjendur hans. Þeir virðast hafa leitað til fornra norrænna fræða og fundið hátt sem þeim þótti vert að endurvekja – og laga til.

Ivar Aasen gleymdi ekki einu sinni ljóðstöfunum í „Gamle Norig“, sextán lína hætti sínum (2x8) sem hann eykur reyndar endarími:⁵

Gamle Norig,
 nørdest i Grendom
 er vaart *eiget*
 Ættarland.
 Der er Hav, som
 heilt aat Endom
 leikar um den
 lange Strand;
 Der er Vikar
 og Votn og Øyar,
 tusund Fjorðar
 og tusund Fjell,
 Snøydor, der sjeldan
 Snjoen tøyar,
 Dalar, der Fossen
 diger fell.

Ef við skiptum þessum sextán línunum í tvennt verður útkoman tveir bragliðir í línu með ríminu OAOB OAOB og er þá komið nýtt afbrigði hins forna háttar.

⁵ Lie (1967:110).

Nær hinum forna hætti fer Aasen í „Haraldshaugen“:⁶

Her ser eg Haralds
Haug fyre Augom
lengi var eg lystnad
aa lydast til honom.
Botnad paa Berget
bersynt mun han standa
millom Hump og Hamar
paa Hauga-Landet.

Þess má geta að Freysteinn Gunnarsson þýddi þetta ljóð Aasens síðar.⁷

Aðeins breyttur er hátturinn hjá Tegnér í „Rings drapa“ úr „Frithiofs Saga“:⁸

Sitter i högen
Högättad höfding,
Slagsvärd vid sidan,
Skölden på arm.
Gångaren gode
Gnäggar derinne,
Skrapar med gullhof
Grundmurad graf.

Ljóst er að Tegnér kann ekki eins mikið fyrir sér í meðferð ljóðstafa og Aasen – og hann lætur rímið lönd og leið, nema atkvæðarímið, og verður það því OOOoOOOo.

Fr. Barfod sótti sinn hátt í þýðingu Atterboms á Völuspá, „Lyssnen, I alla!“, og beitir þar ríminu OOOaOOOa en ljóðstafir koma ekki við sögu.⁹

Danmark, vor Moder,
vokset af Bølger,
venlige Blomst paa
Havfruens Bryst!

⁶ *Lyriskboken* (1975:70).

⁷ Freysteinn Gunnarsson (1987:43).

⁸ Lie (1967:180).

⁹ Lie (1967:180).

Undrende maa selv
 Sydboens Øje
 følge den rige
 smilende Kyst.

Hættirnir OOOoOOOo og OOOaOOOa eru næstum eingöngu notaðir hjá frændum vorum þegar ort er um þjóðleg norræn efni og gjarna forn. Því til sönnunar nefni ég eftirfarandi ljóð og nafngiftirnar tala sínu máli: „Island“, „Ved nordisk Landbrugsmøde“, „Hemings sang“, „Sang for Norden“, „Norden“, „Thorvaldsen og Øehlenschläger“.¹⁰

„Hver vegur að heiman er vegur heim,“ segir Snorri Hjartarson og nú verða merk tíðindi. Íslendingar flytja báða þessa hætti heim til fósturjarðarinnar; þeir verða vinsælir hér og einnig gríðastaður þjóðlegra efna og fornra og prýði alls kyns samkoma og hátíða. Matthías gyrðir sig í þjóðlega, forna brók er hann beitir hættinum OOOaOOOa í „Grettisljóðum sínum XIX, Húsfreyju-flokki“.¹¹

„Ættstór og auðugur
 alinn var Grettir,
 nú er hans vinfólk
 vargur og örn;
 munn fyrir mjúkan
 mér bjóða tennur,
 harðar og hvassar,
 hundur og björn.“

Það varð mikil tíska skáldanna að mæra Jón Sigurðsson er hann kom í heimsóknir til Íslands og einnig á kveðjustund og það gerir Matthías vitaskuld líka, t.d. er Jón kemur ásamt konu sinni til Íslands árið 1865. Og nú liggur mikið við! Skáldið bætir innrími við háttinn og lætur hann þannig nálgast dóttkvæðan hátt, einkum tögdrápu og haðarlag:¹²

Snillingur snjalli!
 Snild þín skyldi

¹⁰ Lie (1967:180).

¹¹ Matthías Jochumsson (1936:602).

¹² Matthías Jochumsson (1936:10).

lofsælum leyfa
ljóðstöfum þjóð.
Frelsis-vin fjálsi!
frónbyggja dyggra
prúðhuga hlýð á
hljóðfagan óð.

Þess má geta að Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson lofsöng Íslands sverð og skjöld undir sama hætti þótt ekki yrði hann svo dýr sem hjá Matthíasi enda lék það enginn eftir.¹³

Matthías vissi einnig af OOOoOOOo-gerðinni í „Minni gesta-anna“.¹⁴

Velkomnir, gestir,
og göfugu vinir,
heilir til Íslands
handan um sjá!
Hræðist ei eld vorn,
örbirgð né jökla;
hér bærast hjörtu,
hér lifir sál.

Þessi háttur var stundum sýndur með breyttri uppsetningu og þá með öðrum línufjölda en algengast var, t.d. sex línur. Líklega er fyrsta dæmi þess að finna hjá Benedikt Gröndal í „Minni Íslands“ og fer hann þá talsvert að minna á rímað afbrigði ljóðaháttar. Vissulega er þetta einungis uppsetningaratriði en þó allrar athygli vert.¹⁵

Fannhvíta móðir!
Fjöllin þín standa,
lauga sig alltaf ljómandi sæ!
Kaldur er jökull,
kennir ei varma
suðrið þó veki vorlegan blæ!

¹³ Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson (1900:214–216).

¹⁴ Matthías Jochumsson (1936:4).

¹⁵ Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson (1985:96).

Þess skal getið að stundum má sjá fornyrðislagið í fjögurra lína hætti, sem í raun er átta línur sé ljóðið sett upp á þann hátt. Dæmi um það eru „Rauðir sandar“ eftir Einar Ólaf Sveinsson í bókinni *E.Ó.S.* Þetta er þriðja og síðasta erindið:¹⁶

Ríðum, ríðum um rauðar glóðir;
eigum að eilífu engan náttstað.
Sótrauð sígur sól í austri.
Afturkvæmt héðan engum verður.

Þannig má auðvitað setja þetta erindi fram:

Ríðum, ríðum
um rauðar glóðir;
eigum að eilífu
engan náttstað.
Sótrauð sígur
sól í austri.
Afturkvæmt héðan
engum verður.

Og vart getur eðlilegra fornyrðislag.

Í bókinni *Kveðlingum* birti Guðmundur Friðjónsson ljóðið „Helgi jarðfræðingur“:¹⁷

Hann er hvassastur hamra og jökla
gil og grunnmúra gegnum sjá;
hefir lengst lesið lendra manna
jarðspyrnu jökla jörmunsögu
niðrí krappan kjöl kyngirúna.

Að baki þessari framsetningu er greinilega tíu lína fornyrðislag. Guðmundur heldur uppteknum hætti í „Einar í Skógum“ í sömu bók – en þá í fjórum línur.¹⁸

Eins og fram er komið dó fornyrðislagið ekki þótt 20. öldin gengi í garð. Höfundar, sem orðaðir hafa verið við nýjungar, hafa notað

¹⁶ Einar Ólafur Sveinsson (1968:28).

¹⁷ Guðmundur Friðjónsson (1929:98).

¹⁸ Guðmundur Friðjónsson (1929:102–105).

það óbreytt, t.d. Þorsteinn Valdimarsson í ljóðinu „Á Gauktíð“ og er þetta annað erindið.¹⁹

Og við líðandi
lækjar nið
sofnar kvöldskin
á seglþaki
andvana gests,
er hjá gauki og muru
leitar hvíldar
um langan veg.

Hér má og geta þess að nokkur skáld gerðu sér fjögurra lína hátt úr fornyrðislaginu (hálf fornyrðislag). Dæmi um það er „Viðmót“ í *Ljóðmælum* Bjargar C. Þorlákson. Ljóðið er fjögur erindi og hljóða fyrstu tvö svo:²⁰

Ljúp eru orð,
ef líða af vörum
ástúð þrungin,
yl og blíðu.

Ljúp eru bros,
ef lífúð sálar,
samúð og svásúð
signuð starfa.

Augljóst er að stæðu þessi erindi saman í einu væri um ósköp venjulegt fornyrðislag að ræða. Finna má fjölda dæma um þetta hjá mörgum skáldum.

Viða má sjá ýmis tengsl við hinn gamla hátt í nýjum ljóðum. Dæmi þess má finna í bók Ragnars Inga Aðalsteinssonar, *Ísland í myndum*, t.d. í ljóðinu „Morgunn við foss“.²¹

Árdegisroðinn
er sestur á brúnina

¹⁹ Þorsteinn Valdimarsson (1962:7).

²⁰ Björg C. Þorlákson (1934:33).

²¹ Ragnar Ingi Aðalsteinsson (1995:8).

bjartur og skýr
undir blágrænum himni
og ásjónu beinir
að alkyrrum fossi
sem hallast að berginu
hvítur og loðinn.

Svo fór að línufjöldi fornyrðislags varð sífelld frjálslægri. Kristján frá Djúpalæk hefur sitt fornyrðislag í sex línnum í ljóðinu „Öfgar“:²²

Kertið er jökull,
kveikurinn eldur.
Eyða öfgar
hver annarri.
Lofa þó allir
ljósið í myrkri.

Þorsteinn Valdimarsson útfærir sjö lína fornyrðislag með þessum hætti í ljóðinu „Á dimmum degi“:²³

Einskis er örvænt.
Óhaggaðar
standa um sinn
stöður undir heimi.
– Í kverk við glugg
er karfa brugðin
tveggja spörva.

Allt virðist falla í skorður fornyrðislagsins þar til sjöunda línan kemur ein og stök eins og næstu og síðustu línu vanti, sjálfsagt til að sú lína verði sláandi.

Eftir Þorstein er einnig mjög fallett ljóð, „Vöxtur“, í tveimur erindum sem eiga það sameiginlegt að sýnast eðlilegt fornyrðislag þar til tvær síðustu línurnar birtast. Þær eru í báðum erindunum ljóðstafalausar og geta menn velt því fyrir sér hví Þorsteinn hefur þann háttinn á. Þetta er fyrra erindið:²⁴

²² Kristján frá Djúpalæk (1986:74).

²³ Þorsteinn Valdimarsson (1975:65).

²⁴ Þorsteinn Valdimarsson (1977:18).

Ég stækka núna,
 ég verð stór í sumar!
 Og þú systir,
 þú ert að stækka.
 Blómin stækka
 og berin stækka
 – Það er barn að vaxa
 innan í mömmu.

Fjölmarginir tilraunir hafa verið gerðar eins og sjá má. Stephan G. Stephansson prýðir sinn hátt innrími þversetis og langsetis auk endaríms í „Símritað. Íslendingadags kveðja“.²⁵

Að útheims endum
 til Íslendinga
 um leiðir sendum
 við ljós-hreyfinga
 frá strönd að strönd
 um storð og lög:
 vor handabönd,
 vor hjartaslög.

Hér sjáum við hendingarnar *end/-lend-/send-/strönd/strönd/hand-* og *-bönd*.

Í nánnum tengslum við fornryðislag er gullfallegur háttur sem er smíð Bjarna Thorarensens. Kannski má kalla hann *Bjarnahátt*. Augljóst er að hátturinn á sér nokkurn aðdraganda þar til hann er fullmótaður, í ljóðinu „Solveig Bogadóttir“. Hér er fyrsta erindi ljóðsins:²⁶

Nú fór vor Solveig til sólar
 um sæluhlið anda,
 og reið um grindurnar gullnu
 til Gimla kongs hallar;
 þó fagurlagaðir limir
 sje lagðir í moldu
 og jörð gæfi hún jarðar,
 í jörðu er hún ekki.

²⁵ Stephan G. Stephansson (1953:176).

²⁶ Bjarni Thorarensen (1947:125).

Þessi háttur er órímaður, hefur venjulega forlið og oftast þríliði og þrír og tveir bragliðir skiptast reglulega á. Hann varð fádæma vinsæll og telst fyrsta nýsmíði íslensks skálds um langan aldur. Ekki hafði Bjarni fyrr birt ljóðið en Guðný frá Klömbrum tók hann upp í þekktu ljóði, „Sit ég og syrgi“, en þar lýsir hún sárum harmi eftir mann sinn við skilnað þeirra:²⁷

Sit ég og syrgi mér horfinn
sárt þreyða vininn,
er lifir í laufgræna dalnum
þótt látin sé ástin.
Fjöll eru og firnindi vestra,
hann felst þeim að baki.
Gott er að sjá þig nú sælan,
þá sigrar mig dauðinn.

Hér er hátturinn að því leyti reglulegri en hjá Bjarna að Guðný vikur ekki frá þríliðum. Hins vegar lætur hún skeika að sköpuðu hvort braglínur hefjast á forlið. Í þessum tveimur ljóðum er tónninn sleginn og eftir þetta er hátturinn að mestu tileinkaður erfiljóðum og öðrum þeim sem fjalla um harmsefni af ýmsu tagi.

Þegar Jónas Hallgrímsson minnst Bjarna, höfundar háttarins, í ljóðinu „Bjarni Thórarensen“ velur hann sér vitaskuld háttinn hans. Hann heldur að mestu þríliðunum en er ósárt um að forliðir falli niður. Jónas merkir sér þó háttinn með því að bæta talsverðu innrími í hann. Það sést vel í síðasta erindinu:²⁸

Kættir þú margan að mörgu,
svo minnst verður lengi,
þýðmennið, þrekmennið glaða
og þjóðskáldið góða!
Gleðji nú guð þig á hæðum
að góðfundum anda!
Friði þig frelsarinn lýða.
Far nú vel, Bjarni!

²⁷ Guðný frá Klömbrum (1951:103).

²⁸ Jónas Hallgrímsson (1980:99).

Þessu fylgir Jónas eftir í þekktasta ljóðinu undir hættinum, „Ásta“ („Ástkæra ylhýra málið [...]“), og líklegt er að það ljóð hafi gefið hættinum byr undir báða vængi.

Þess má geta að Kristján Jónsson Fjallaskáld þýddi fyrstur skálda ljóð undir hættinum. Það var „Ástargnoðin“ eftir Thomas More.²⁹ Sá sem orti flest ljóð undir Bjarnahætti var Jón Thoroddsen, alls sjö.

Athyglisvert er að Stephan G. Stephansson beitir hættinum ekki – en mótar nýtt afbrigði hans, einmitt í erfiljóði, „Jón Jónsson frá Strönd“. Þannig er fyrsta erindið:³⁰

Strandar-Jóns á steðja
storknar ryðið.
Smíðjuafll er orpinn
öskugjalli.
Lækka stroknir lokkar
lokarspóna.
Nú er greypt í grópum
gafhláð efsta.

Stephan beitir hér eingöngu tvíliðum og forliðir eru horfnir. Auk þess fegrar hann háttinn með innrími.

Í næsta kafla verður fjallað um það er fornyrðislag binst ljóðahætti í einu og sama erindi. Þess eru einnig nokkur dæmi að fornyrðislagið sé hluti erindis sem á rætur í nýrri kveðskap. Hér á eftir fer „Ragnar. Lítill flokkur“ eftir Stephan G. Stephansson:³¹

Sat inn heimski
í háseti,
Ella konungur,
kátur að veizlu.
Við borðið hann studdist, hann stóð upp og kallar:
„Inn stórláti Ragnar er hniginn til vallar!“

Þannig hefur fornyrðislagið gamla verið prófað með fjölda afbrigða í tvær aldir og þeim tilraunum er áreiðanlega ekki lokið.

²⁹ Kristján Jónsson Fjallaskáld (1986:313).

³⁰ Stephan G. Stephansson (1954:100).

³¹ Stephan G. Stephansson (1958:181–182).

2.2 Ljóðaháttur

Ljóðaháttur, sem að mestu lá óbættur hjá garði í upphafi 19. aldar, fær þá uppreisn æru, áreiðanlega ekki síst fyrir tilstuðlan Jónasar Hallgrímssonar. Óparfi er hér að tilfæra dæmi þess hvernig hátturinn er notaður á hefðbundinn hátt.

Bjarni Thorarensen, sem þekkti þennan hátt manna best, hikar ekki við að birta sinn ljóðahátt í óvenjulegu formi í ljóðinu „Ísland“.³²

Hver er sú undra mynd
hvít í norðri?
bendir af bjargi ofan;
snjó-slæðum sveipuð
situr þar meyjja,
en undan snjófaldi brennur henni eldur af brám.

Hér má glögg sjá að gamalt form verður Bjarna ekki að fótakefli í leit að nýjungum. Og enn lengra gengur hann hér.³³

Eða þá vísrar
Völu kvæði
sá eg fyrst, sem kæmi úr vissum vellum upp:
gramdist þeim geð,
að gleymd í bóka-ryki
lágu þeir svo að leit við þeim engi.

Ljóst er og að Sveinbjörn Egilsson telur lítt risin í ljóðaháttum sínum. Það telst hins vegar til tíðinda að hann notar fyrstur manna ljóðahátt í þýðingum, í „Minnisljóði yfir Midas“.³⁴

Meðan skúrir
úr skýjum drjúpa,
og göfug tré gróa,
og sig sjá lætur
sól rennandi
og ljóss-máni lýsir;

³² Bjarni Thorarensen (1847:11).

³³ Bjarni Thorarensen (1847:12).

³⁴ Sveinbjörn Egilsson (1952:156).

Ljóðahátturinn verður eins og fornyrðislagið viðfang ýmiss konar tilrauna eins og raunar kemur fram hjá Bjarna Thorarensen. Býsna algengt er að blanda saman ljóðahætti og fornyrðislagi eins og hér sést hjá Bjarna í „Persii“ (eitt erindi):³⁵

Hver kenndi poppa
„heill vertu!“ að segja
ellegar krákum
kenndi að þreyta
manns at tala máli?

Erindið er fimm línur og virðist fornyrðislag þar til síðasta línan, með tvo stuðla, undirstrikar að seinni hlutinn er ljóðaháttur (hálfur).

Hið sama má sjá í „Undir annars nafni“ eftir Jónas Hallgrímsson:³⁶

Hví und úfnum
öldubakka
sjónum indælar
seinkar þú að fela,
blíða ljós,
að bylgjuskauti
hnigið hæðum frá?

Þessa háttablöndun má víða sjá alla 19. öld og fram á hina 20. Skáldkonan Bína Björns (Jakobína B. Fáfnis) yrkir svo í ljóðinu „Andvana brosdulda barn!“ þar sem fyrri hluti erindisins er ljóðaháttur en síðan tekur fornyrðislag við:³⁷

Ó lífsins guð,
hví var ljós hér slökkt?
Spyr ég svo enn og aftur,
sár það veitt
er seint mun gróa,
móðurhjartanu
miskunnarlaust!

³⁵ Bjarni Thorarensen (1847:219).

³⁶ Jónas Hallgrímsson (1980:22).

³⁷ Bína Björns (1973:38).

Bragi Sigurjónsson birtir sína gerð í ljóðinu „Haustregi“ í bókinni *Á veðramótum*.³⁸

Ágústdag man ég,
ilmhöfug var síðslægja,
heimur helgitiginn
á húngu kveldi.
En söngur var hljóðnaður,
sofnaður andvari
notið hafði verið yndi alls.

Hið sama gerir Kristján frá Djúpalæk í „Björk“ þar sem síðustu þrjár línurnar mynda hálfan ljóðahátt:³⁹

Veit ég frost,
veit byl,
veit og himinsins
heiðríkjudjúp,
eilífðarbláma
ofar skógi.
Þangað er þrá mín öll.

Reyndar má segja sem svo að ef þriðja og fjórða lína væru felldar saman væri hefðbundinn ljóðaháttur kominn til sögunnar.

Í bókinni *Víð brunninn* eftir Kristján frá Djúpalæk er ljóðið „Hrím“. Það er alls þrjú erindi, hvert um sig fjórar línur. Uppsetningin leynir því þó ekki að um ljóðahátt er að ræða.⁴⁰

Fjarlægri sól
öllu framandi
líf vort er háð
og ljósið.

Vísuna mætti líka setja svona upp:

Fjarlægri sól
öllu framandi
líf vort er háð og ljósið.

³⁸ Bragi Sigurjónsson (1959:18).

³⁹ Kristján frá Djúpalæk (1975:14).

⁴⁰ Kristján frá Djúpalæk (1960:16).

Benedikt Þorvaldsson Gröndal skreytir ljóðahátt sinn með innrími í kvæðinu „Heimtur úr helju“ í *Ljóðmælum* auk þess sem langlínurnar eru furðulangar:⁴¹

Á brotsjóum bröttum,
mót brimgarði háum
siglir gnoð fyrir sundurtættum voðum.
Úr hafsnauð þeir hleypa,
flýja helfarar-dansinn.
Það er barist meðan blaktir líf á skari.

Aðalhendingarnar *gnoð* : *voð*- og *bar*- : *skar*- setja auðvitað mark sitt á háttinn.

Mörg skáld hafa leitast við að gera ljóðaháttinn ögn hefðbundnari með því að gæða hann rími í þriðju og sjöttu línu. Dæmi um slíkt er „Á sjó og landi“ (annað erindi) í *Frá vordögum* eftir Benedikt Ingimarsson:⁴²

Varð styrr stór
úr stormbliku
ógurlegt Ægis svið.
Hrannaðist hafsjór
í helkviku.
Hallaðist skúta á hlið.

Þorsteinn Valdimarsson hafði dálæti á ljóðahætti og sýndi það í verkum sínum. Hann útfærði sinn eigin ljóðahátt með því að stytta hann um eina línu:⁴³

Úrg er haustgríma.
Ung í skauti
svæfir móðir mög. –
Sér hún berg gnæfa
úr græði víðum.

⁴¹ Benedikt Þorvaldsson Gröndal (1918:96).

⁴² Benedikt Ingimarsson (1975:69).

⁴³ Þorsteinn Valdimarsson (1952:54). Eysteinn Þorvaldsson (1988:21) hefur gert þessu skil í inngangi að *Ljóðum* Þorsteins Valdimarssonar, „Hjarta mitt er söngur“.

Við sjáum að fyrri hlutinn er hálfur ljóðaháttur en síðan taka við tvær línur sem gætu verið tvær næstu línur háttarins – en þar lætur Þorsteinn staðar numið.

Einar M. Jónsson birtir í ljóðinu „Til meistara Kjarvals“ í bókinni *Pallir* æði sérstakt afbrigði ljóðaháttar.⁴⁴

Hug þinn hrifnæman
að hamrinum dró
seiður hins svarta bergs.
Tal tærrar lindar,
hjal huldar, er í hömrum bjó.
Í logadýrð langdægra
við leitandi sveini
brostu blátindar.

Hér er því líkast að inn í miðjan ljóðaháttinn séu settar tvær línur sem síðan tengjast hinum eiginlega ljóðahætti með rími. Án miðlínanna tveggja væri hátturinn þannig:

Hug þinn hrifnæman
að hamrinum dró
seiður hins svarta bergs.
Í logadýrð langdægra
við leitandi sveini
brostu blátindar.

Eins og raunar hefur komið fram er stundum ekki svo auðvelt að greina hinn upprunalega hátt vegna þess að höfundar velja honum sérstaka uppsetningu sem ekki kemur heim við hefðina. Enn eitt dæmi slíks er ljóðið „Hafið I“ eftir Kristján frá Djúpalæk.⁴⁵

Broslegt er hafið
í barnslegri ákefð sinni
að leggja land undir fót
frá upphafi vega
og vera ekki komið
enn
nema aðeins í fjöruna.

⁴⁴ Einar M. Jónsson (1958:54).

⁴⁵ Kristján frá Djúpalæk (1975:21).

Hér er lögð áhersla á atviksorðið „enn“ með því að láta það standa eitt í línu en það á auðvitað heima í fyrsta risi síðustu línu.

2.3 Dróttkvætt

Um dróttkvæða háttinn og hætti honum skylda má segja líkt og um fornyrðislag og ljóðahátt að hann hélt velli óbreyttur alla 19. öld og fram á hina 20. Það hlýtur þó að vekja forvitni hvaða mat hin ungu skáld á 19. öld gátu gert sér úr svo vandmeðförnum hætti.

Það hefur komið fram fyrir í þessari grein að ýmis skáld skreyttu mörg ljóða sinna hendingum dróttkvæðanna og eru þess dæmi langt fram á 20. öld. Nægir þar að benda á framlag þeirra Snorra Hjartarsonar og Hannesar Péturssonar.

Fyrsta útfærslan, sem heitið getur, sést hjá Jónasi Hallgrímssyni í ljóðinu „Grátittlingur“:⁴⁶

Ungur var eg og ungir
austan um land á hausti
laufvindar blésu ljúfir,
lék eg mér þá að stráum.

Hér hefur Jónas skipt hinum forna hætti í tvennt og búið til ferhendan hátt og auk þess aukið hann einu atkvæði í línu. Þetta er eftirtektarverð nýbreytni en af einhverjum ástæðum varð ekki framhald á, hvorki hjá Jónasi né öðrum skáldum.

Stephan G. Stephansson eignast sinn sérstaka dróttkvæða hátt og fer eins og Jónas þá leið að skipta honum í tvennt og bætir einnig inn endarími.⁴⁷

Bifröst blossom stöfuð
Ber út ljós um hérað.
Yfir hnjúka höfuð
Hellir fleygu gulli.
Steind er hjarni stirndu
Storð að fjöru-borði.
Hvítt er nið og nóttin
Norðurheims að sporði.

⁴⁶ Jónas Hallgrímsson (1980:110).

⁴⁷ Stephan G. Stephansson (1953:376).

Segja má sem svo að enginn bragarháttur Íslendinga, hvorki fyrr né síðar, hafi í sér fölginn jafnmikinn hljóðm. Þetta virðast skáldin hafa fært sér í nyt og þótt hann tilvalinn til að túlka efni sem t.d. lýstu ýmiss konar hamförum á himni og jörðu. Það er vart tilviljun að Jónas Hallgrímsson velur sér þennan hátt í ljóðinu „Víti“. Lesendur geta sjálfir farið með eftirfarandi erindi upphátt og fylgst með því hvernig hljómurinn magnar efnið og andann:⁴⁸

Ber mig að brenndum auri
breiðar um funa leiðir
blakkur að vítis bakka,
blæs þar og nösum hvæsir.
Hvar mun um heiminn fara
halur yfir fjöll og dali,
sá, er fram kominn sjái
sól að verra bóli?

Slíkt hið sama má segja um ljóð Jónasar „Fremri-Námar“.⁴⁹ Sérlega er þetta einkenni áberandi í „Sláttuvísu“ og er sem hljómur og hrynjandi sameinist um að **sýna** verkið í reynd:⁵⁰

Glymur ljárinn, gaman!
Grundin þýtur undir,
hreyfir sig í hófi
hrífan létt mér ettir,
heft er hönd á skafti,
höndin ljósrar drósar.
Eltu! áfram haltu!
Ekki nær mér, kæra!

Ljóst er að Sveinbjörn Egilsson hefur komið auga á þennan möguleika háttarins, t.d. í veðurlýsingum, eins og lesa má úr ljóðinu „Veðurfur“ frá 1812:⁵¹

⁴⁸ Jónas Hallgrímsson (1980:62).

⁴⁹ Jónas Hallgrímsson (1980:63).

⁵⁰ Jónas Hallgrímsson (1980:133).

⁵¹ Sveinbjörn Egilsson (1952:62).

Vetrarfars blíða bætir
 blessun í hverjum reit;
 gjörvöll kreikar af kæti
 kvik og fjörvana sveit:
 ber skeiðir byr hraður,
 Börs skaði frá líður,
 klár fiður, knýr töðu
 kát úr máta beit.

Erindið hefst á rímuðum fjórlínnum en er kemur að veðurhamnum notar Sveinbjörn afbrigði dróttkvæðs háttar – en lætur þar síðustu línuna ríma við þá fjórðu, auk þess sem skothendingar tengja saman línurnar þrjár á undan, *hrað-/líð-/töð*.

Mörg önnur dæmi má finna um slíkan hljóðmál í dróttkvæðum hætti.

Þess má geta að í „Vísu skáldsins um sjálf sig“ í níunda þætti, „Um stálpenna“, bætir Sveinbjörn Egilsson endarími við háttinn:⁵²

Færði mér um fleyjörð
 fjóra snápa sundjór,
 stálnefi nýta gaf
 nafngöfigastur Rafn.
 Áður mjúka flugfjöður
 fékk mér úr væng sér
 (nærri sér það tók tak)
 tafngírugastur hrafn.

Þess skal hér getið að Sveinbjörn lét sig ekki muna um að þýða „Kirkjugarðsvísu“ eftir C.A. Lund undir dróttkvæðum hætti.⁵³

Dróttkvæður háttur átti frá fornu fari ættingja sem hlaut að vekja athygli nýjungamanna á 19. öld. Hér er átt við háttlausuna sem Snorri kallar svo í Eddu sinni: „Í þessum hætti eru engar hendingar, en stafaskipti sem í dróttkvæðum hætti.“⁵⁴

Þessum hætti sjáum við enda bregða fyrir hjá mörgum skáldum 19. aldar og fram á hina 20, ekki síst í ljóðum sem tengjast ýmiss konar hátíðlegum tilefnum. Þannig notar Stephan G. Stephansson háttlausuna til að minnast Óskars Svíakonungs.⁵⁵

⁵² Sveinbjörn Egilsson (1952:91).

⁵³ Sveinbjörn Egilsson (1952:183–186).

⁵⁴ *Edda Snorra Sturlusonar* (1954:288).

⁵⁵ Stephan G. Stephansson (1953:186).

Meðan hljóður harmur
 helörn rísti á brjósti,
 hæsta konungs-höfuð
 hallaðist að bólstri –
 Noreg hafði úr hendi
 höggvið Ás inn blindi.
 Einn sat Bragi að beði
 Bragi ljóðskrautuður.

Ýmsar hendingar læðast hér að eins og sjá má, *ríst/brjóst-, hend-/blind, beð/-uð-* og *ljóð/-uð-* en sennilega telst slíkt hér til skrauts eða tilviljana.

Björg C. Þorlákson kys að skipta sinni háttlausu upp í fjögurra lína erindi (þrjú) með þessum hætti:⁵⁶

Römm eru þau Regin
 ramma skópu harma.
 Aldrei má of aldur
 ítrum sveini gleyma.

Tindra tár í augum,
 teppist önd í brjósti.
 Hjartað heljargreipum
 harðtæk minning spennir.

Kristján frá Djúpalek leikur sama leik í ljóðinu „Hönd“:⁵⁷

Höndin er blá og bólgin,
 bognir fingur og hnýttir,
 kartnögl sprungin í kviku,
 knúar marðir, í sárum.

Björg C. Þorlákson gerir aðra tilraun með háttlausuna og þar vekur stuðlasetningin einnig athygli. Ljóðið er „4. sýning“:⁵⁸

Líknsami Drottinn,
 líkna mínum veikleik!

⁵⁶ Björg C. Þorlákson (1934:114).

⁵⁷ Kristján frá Djúpalek (1966:26).

⁵⁸ Björg C. Þorlákson (1934:127).

Þú, sem byrlar blómi
með blíðu daggarmegin
und morgungeisla gliti,
glæð og mér í muna
magn og þrótt er sigri
harma og hörfi meinum.

Hér er ljóðaháttur skammt undan eins og sjá má á síðustu þremur línunum.

Sérstaka gerð háttlausunnar má sjá hjá Braga Sigurjónssyni þar sem þríliðir eru mjög ríkjandi í ljóðinu „Herðimaður í máli“:⁵⁹

Genginn er Gunnar í Hamri
grafinn að viðstöddum fáum
fljótt verður gröf hans gróinn [svó!]
grasi, fíflum og njóla.
Hann þótti kynjakvistur,
kunni fjölsefjun illa,
þokkaðist ekki í þrengslum,
því fór hann einn síns vegar.

Ólafur Jóhann Sigurðsson kemur skemmtilegri „reglu“ á „rím-
atkvæðin“ í háttlausuljóði sínu „Gestur“ þar sem hver lína er sjö
atkvæði með endingunum OOOoOOOo:⁶⁰

Klettur í vatni, kenndur
við konung fugla, gróinn
grasi og gráum mosa,
gulri möðru og hvönn:
hólma á hægum straumi
hrímgast sá ég á vetrum
og grænka á vori grunlaus
um gný og vængjadyr.

Að lokum skal á það bent að Stephan G. Stephansson bjó til nokkurs
konar millistig háttlausu og dróttkvæðs háttar er hann lét þriðju og
fjórðu línu og sjöundu og áttundu línu erindis bera hendingar.⁶¹

⁵⁹ Bragi Sigurjónsson (1982:68).

⁶⁰ Ólafur Jóhann Sigurðsson (1995:128).

⁶¹ Stephan G. Stephansson (1958:253).

„Hvort munum við hittast
hinum megin grafar?
milli þín og mín er
moldarveggir leggjast.
Trú ég þekki þína;
þó skal freista hvort hún
– vorar ástir veizt þú –
vogar neitun þreyta.“

Og endarími í fjórðu og áttundu línu skreytir hann eftirfarandi háttlausu og fer þá nafn háttarins að orka tvímælis:⁶²

Við að vernda og bjarga
vinur minn féll ungur.
Þannig er til unnar
ágætast að hníga.
Vörn, af heimahólmi,
hetjan mín var borin.
Sú skal bata böli
bótin ættarvíga.

Hér að framan er þess getið að menn settu í sama erindi fornyrðislag (hálf) og endarímaðan nýrri hátt – eða hluta hans. Hannes Hafstein leikur svipaðan leik í ljóðinu „Ölfusárbrúin“ er hann lætur hálfan dróttkvæðan hátt mynda erindi á móti fimmkvæðum fjórum línum, endarímuðum:⁶³

Þunga sigursöngva
söng hér elfan löngum.
Köld í voðaveldi
vegu sleit hún sveita.
Nú er vort að syngja sigurljóðin,
sigruð stynja rembilátu flóðin.
Nú er loksins elfar harðstjórn hrundið,
hennar einvald föstum skorðum bundið.

⁶² Stephan G. Stephansson (1954:300).

⁶³ Hannes Hafstein (1951:117).

2.4 Hrynhendur háttur

Af einhverjum ástæðum verða 19. og 20. aldar skáld ekki eins handgengin hrynhendum hætti (liljulagi) og dróttkvæðum hætti. Samt er hátturinn talsvert notaður, ekki síst við hátíðleg tækifæri. Þess má og geta að hátturinn er talsvert tengdur konum svo sem vænta má.

Dæmi um viðhafnarnotkun háttarins má sækja í kvæðið „Drápa flutt Kristjáni konungi“ eftir Einar Benediktsson. Svo sem sjá má fer Einar fremur frjálstlega með formið þar sem þríliðir koma mjög við sögu í kvæðinu:⁶⁴

Dregur vorn muna minningafögur
móðurjörð. Það er efni ljóða.
En vegur lýðsins er hersis hróður, –
þú hófst vora þjóð og þig mærir vor óður.
Hlýð voru máli, höfðingi láða;
af heilli úð eru strengir knúðir.
Frjálsir í orðum ortu æ forðum
Íslendingar að konungaborðum.

Stephan G. Stephansson fer ekki troðnar slóðir er hann í ljóðinu „Með ströndum fram“ hefur aðalhendingar í öllum línunum í hrynhendu sinni:⁶⁵

Sær og glyggur sízt mun tryggur,
sortnar blika, ýfist kvika.
Akker léttast eins fyrir þetta,
út skal fley þó halli degi.
Okkar bátur blint mun rata
boðahringinn landið kringum.
Mælt höfum hvesstrar roknu rastir,
reiknað leið um hafsins feiknir.

Feikilega dýra gerð eða útfærslu í fjórum línunum sýnir Þorsteinn Valdimarsson í erfiljóði eftir „Halldór E. Johnson“. Eitt af fimm erindum hljóðar svo:⁶⁶

⁶⁴ Einar Benediktsson (1979:270).

⁶⁵ Stephan G. Stephansson (1956:282).

⁶⁶ Þorsteinn Valdimarsson (1952:45).

Skildumst við á skapa kvöldi. –
 Skelfdi þig ei valdið dulda.
 – Huldur dró í hörgi mjaldurs
 hjaldur sem og galdur þuldi.

Rímið – hálfrím og alrím – verður hér að ísaumi miklum sem enn styrkist við það að samhljóðin *ld* ganga með sama hætti og hér í gegnum öll erindin.

Svo sem fram hefur komið hér að framan var ekki ótítt að skáldin byndu saman í erindi gamla hætti eða háttabrot og nýrri hætti. Hannes Hafstein gerir slíkt hið sama við hrynhenda háttinn í ljóðinu „Dökk“. Fyrst koma fjórar línur háttarins (með alrím í öllum línnum), síðan fimmkvæðar, endarímaðar fjórar línur.⁶⁷

Tinnudökka hárið hrökkur
 herðar við í mjúkum liðum.
 Kolsvört brenna björt við enni
 brúnaljós hjá vangarósum.
 Tíðum hjartans undiralda hefur
 upp og niður barminn ríka, mjúka,
 eins og þegar brim í sævi sefur
 svæft um stund, en búið til að rjúka.

Að lokum skal þess getið að líkt og í dróttkvæðum hætti virðast skáldin hafa áttað sig á því að hljómur hrynhends háttar gæti dugað til að lýsa ýmiss konar hamförum. Það er áreiðanlega ekki tilviljun að Guðmundur Friðjónsson velur hrynhendan hátt þegar hann yrkir „Dettifoss“.⁶⁸

Hliðskjálfr titrar hilmis boða.
 Harkaleg'r er jötuns barki.
 Virkið hristir villi-orka,
 valdaffikin, í trölla ríki.
 Skelfur ramgert inni álfa.
 Undanþeginn hvíld og blundi
 sá hefir verið, er sat í tíu
 svaðil-aldir á stóli valda.

⁶⁷ Hannes Hafstein (1951:92).

⁶⁸ Guðmundur Friðjónsson (1925:33).

2.5 Runhenda

Runhendi hátturinn fer enga sérstaka sigurför með nýjum skáldum 19. og 20 aldar. Slíks var raunar ekki von. Hátturinn er svo sem engin sérstök nýjung á tímum ljóðstafa og ríms. Samt sem áður má oft sjá hann í ljóðum skáldanna, ekki síst þeim sem fjölluðu um forn efni eða efni eða hátíðleg. Dæmi slíks er „Konungsdrápa. Við heimför Stephans G. Stephanssonar 1917“ eftir Guttorm J. Guttormsson. Stephan G. er hér vissulega konungurinn – og það er síst af öllu háð hjá „Gutta“. Þetta er fyrsta erindið:⁶⁹

Ljóð fram ég ber
fyrir lofðungs her.
Yfir megin mar
það sé mitt far.
Þess varð ég var,
á vegum hvar
liggja lét sín spor
lofðungur vor.

Líklega telst rímröðin aabbbbcc nokkuð sérstök hjá Guttormi – en Halldór Laxness brýtur örugglega blað með sínu rími í runhendunni „Stóð ég við Öxará“, sem hann yrkir árið 1944, ríminu aaaaaabb:⁷⁰

Stóð ég við Öxará
hvar ymur foss í gjá;
góðhesti úngum á
Arason reið þar hjá,
hjálmfagurt herðum frá
höfuð eg uppreist sá;
hér gerði stuttan stans,
stefndi til Norðurlands.

Það er vel við hæfi að „Kveldúlfs-minni“ Stephans G. Stephanssonar skuli vera undir runhendum hætti. Skáldið gerir þó nokkrar breytingar á hættinum, fyrst með sérstakri útfærslu í fjórðu línu háttarins:⁷¹

⁶⁹ Guttormur J. Guttormsson (1947:104).

⁷⁰ Halldór Laxness (1956:139).

⁷¹ Stephan G. Stephansson (1954 289).

Keifði kargan mar
 Kveldúlfs landnámsfar.
 Eygði endi sinn
 útlaginn.
 Fann, þar lágt hann lá,
 lífs ei komast má
 eyðimörku af –
 sem var Íslandshaf.

Í næsta hluta sama kvæðis gerir Stephan G. þá breytingu á runhendunni að í seinni hluta erindanna setur hann víxlrím í stað runuríms – og enn leikur nokkur vafi á um nafn háttarins – enda síðasta línan komin með þrjú ris og sker sig úr:⁷²

Óx þar á eyði
 Íslands greiði
 á ættarmeði
 út frá því leiði.
 Varð því að vinning
 völin hans ráða –
 menningar-minning
 manaði börnin til dáða.

Í sama ljóði má sjá þriðju tilraunina með runhenduna þar sem tvær langar línur með fjögur ris sundra hættinum auk þess sem skipt er yfir í karlrím úr kvenrími í seinni hluta erindisins en það átti sér ekki fordæmi:⁷³

Kátari kōrin
 Kveldúlfi myndi og útleðarfōrin,
 úrslitum unað,
 ef að hans framsýni þá hefði grunað:
 Noreg norðan af
 nafn og ættarstaf
 vaxa, er veður gaf,
 vestur um Kyrrahaf.

⁷² Stephan G. Stephansson (1954:289–290).

⁷³ Stephan G. Stephansson (1954:291).

Í þessari grein um fornu hættina og tilraunir skálda með þá á 19. og 20. öld er auðvitað stiklað á stóru. Vonandi kemur þó fram í henni að skáldin voru að leita nýrra möguleika til tjáningar og að enn mátti blása í gamlar glæður.

HEIMILDIR

- Benedikt Ingimarsson. 1975. *Frá vordögum*. Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri.
- Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal. 1900. *Kvæðabók*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal. 1985. *Ljóðmæli. Úrval*. Kristinn Jóhannesson bjó til prentunar. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningarsjóður, Reykjavík.
- Benedikt Þorvaldsson Gröndal. 1918. *Ljóðmæli*. Prentsmiðja Björns Jónssonar – Fjallkonuútgáfan –, Akureyri.
- Bína Björns [Jakobína B. Fáfnis]. 1973. *Hvíli ég væng á hvítum vöðum*. Björn Sigfússon gaf út. Helgafell, Reykjavík
- Bjarni Thorarensen. 1847. *Kvæði*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.
- Björg C. Þorlákson. 1934. *Ljóðmæli*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Bragi Sigurjónsson. 1959. *Á veðramótum*. Prentsmiðja Björns Jónssonar, Akureyri.
- Bragi Sigurjónsson. 1982. *Sunnan Kaldbaks*. Bókaútgáfan Skjaldborg, Akureyri.
- Brynjúlfur Jónsson. 1889. *Kvæði*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Edda Snorra Sturlusonar*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Akureyri, 1954.
- Einar Benediktsson. 1979. *Ljóðasafn* II. Kristján Karlsson gaf út. Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Einar M. Jónsson. 1958. *Pallir*. Helgafell, Reykjavík.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1968. *E.Ó.S.* Helgafell, Reykjavík.
- Eysteinn Þorvaldsson. 1980. *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf modernisma í íslenskri ljóðagerð*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Eysteinn Þorvaldsson. 1998. „Hjarta mitt er söngur. Inngangur.“ Þorsteinn Valdimarsson: *Ljóð. Úrval*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Freysteinn Gunnarsson. 1987. *Kvæði*. Kvæðaútgáfan, Reykjavík.
- Guðmundur Friðjónsson. 1929. *Kvæðlingar*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.

- Guðný frá Klömbrum. 1951. *Guðnýjarkver*. Helga Kristjánsdóttir frá Pverá bjó til prentunar. Helgafell, Reykjavík.
- Guttormur J. Guttormsson. 1947. *Kvæðasafn*. Arnór Sigurjónsson gaf út. Iðunn, Reykjavík.
- Halldór Laxness. 1956. *Kvæðakver*. 3. útgáfa. Helgafell, Reykjavík.
- Hannes Hafstein. 1951. *Ljóðabók*. Tómas Guðmundsson gaf út. Helgafell, Reykjavík.
- Heimir Pálsson. 1976. „*Inngangur*.“ Jón Þorláksson: *Kvæði, frumort og þýdd*, bls. 11–59. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningar-sjóður, Reykjavík.
- Jóhannes úr Kötlum. 1976. *Ljóðasafn* 7. Heimskringla, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1980. *Kvæði og sögur*. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristján frá Djúpalæk. 1960. *Víð brunninn*. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.
- Kristján frá Djúpalæk. 1972. *Þrælakir*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Kristján frá Djúpalæk. 1975. *Sólin og ég*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Kristján frá Djúpalæk. 1986. *Dreifjar af dagsláttu*. *Kvæðasafn*. Bókaútgáfan Skjaldborg, Akureyri.
- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, København og Stockholm.
- Lyrikkboken. Norske dikt fra Bjerregaard til Mehren*. Ivar Havnevik valdi. Den norske bokklubben, Oslo/Gjøvik.
- Matthías Jochumsson. 1936. *Ljóðmæli*. Magnús Matthíasson, Reykjavík.
- Ólafur Jóhann Sigurðsson. 1995. *Kvæði*. Mál og menning, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1995. *Ísland í myndum*. Bókaútgáfan Reykholt, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. 1953–1958. *Andvökur* I–IV. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson. 1953. *Ljóðmæli*. Mál og menning, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantík*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.
- Þorsteinn Valdimarsson. 1952. *Hrafnamál*. Útgáfa höfundar, Reykjavík.
- Þorsteinn Valdimarsson. 1962. *Heiðnuvötn*. Prentsmiðja Jóns Helgasonar, Reykjavík.
- Þorsteinn Valdimarsson. 1975. *Yrkjur*. Heimskringla, Reykjavík
- Þorsteinn Valdimarsson. 1977. *Smalavísur*. Útgáfa höfundar, Reykjavík.

Sigurbjörg Prastardóttir

Fimm ljóð

Lestin mikla

Þá leggjumst við
yfir landakort
í leit að fljótlegustu leiðinni
til framtíðar
heyrum hvíslað
um lestina dýru
sem gengur rakleiðis
inn í bættan heim
og breyttan
brottför á hverri stundu
en munum þá
að það eru engar lestir
á eyjunni
fátt til ráða
nema
smeygja sér í ullarbolinn
klífa fjöllin
vaða árnar
og veðja á rétta slóð
í slagviðrinu.

Ganga út

Þetta er ekki kröfuganga
um slagæð
bæjarins

ekki líkfylgd forsetans
(hann tórir)

heldur allsherjar
flótti
úr gömlum torfbæjum því

þar eru engar lyftur
og enginn nennir
lengur
að slá þökin.

Palesander

Ég held ég verði ekki hérna
næst þegar þú opnar
marrandi glugga
og vantar meira smjörlíki eða
vilt bara skoða heiminn
næst þegar þú brotnar
eða þykir óhjávæmilegt
að kasta tölu á djöflana sem elta
ég segi ekki að
vanræktir akrar
vaxi best það
er kjaftæði en
ég held ég verði
samt ekki hérna
næst og mér
þykir ástin
mjög fyrir
því.

Morgunfundur

Fróðlegasta útsýni sem ég get hugsað mér
eru tvær kantaðar
sólir
önnur appelsínugul hin tunglgul
yfir rústum
af gamalli borg

þar sem margir hafa leitað guðs
en í hans stað fundið
marmara
sem selja má
fyrir alla heimsins kossa

hamingjan fæst í skiptum
fyrir grjót
en guð
er fastur í húsarústum

sítrónugulum á góðum degi.

Ávextir

Hann á hugmyndatré í garðinum stekkur stundum út
á inniskónum í náttfötum með snúinni skálm og les
sér af trénu hugmynd sem lítur út eins og epli skiptilykill
eða hálsmál því hugmyndirnar eru alls konar sumar
ætar sætar aðrar rammur og fer eftir atvikum hvort
borgar sig að flysja þær á eldhúsborðinu þegar inn
er komið og tærnar ennþá kaldar í vængjuðum skónum.

Ragnar Ingi Aðalsteinnsson

Limrur

I Inngangsorð

Í þessari grein verður fjallað um þróun limrunnar í íslensku umhverfi. Fyrst er stuttlega gerð grein fyrir því hvernig hún kom inn í íslenska ljóðhefð og birt fyrsta limra sem vitað er til að hafi verið ort á íslensku. Síðan er vitnað til nokkurra dægurlagatexta undir limruháttum þó að efnislega séu þeir mjög frábrugðnir limrum eins og þær tíðkuðust á Bretlandi þar sem bragform þeirra er upprunnið. Þá er allýtarleg umfjöllun um bragfræði limrunnar, einkum ljóðstafasetningu hennar. Sínd eru dæmi um þá möguleika sem eru á stöðu ljóðstafa í limrum. Hér ber á það að líta að limra byggist á öðrum lögmálum en rímnahættirnir og reglur um stuðlasetningu og staðsetningu höfuðstafs því lítillaga frábrugðnar því sem tíðkast í eldri kveðskap á Íslandi. Grundvallaratriðin eru þó hin sömu. Þá er bent á nokkur atriði sem ber að varast í ljóðstafasetningu þegar limrur eru ortar.

Í lok greinarinnar er svo vikið að þeirri hefð sem skapast hefur meðal hagrýðinga að umgangast limruformið af heldur meiri léttúð en annað bragform og leyfa sér stundum ýmis frávik sem ekki þykja við hæfi í sumum öðrum háttum, til dæmis rímnaháttum.

II Upphaf limrugerðar á Íslandi

Limra er fimm línur sem oft eru byggðar á öfugum þríliðum (sem einnig má líta á sem tvo forliði eða tvöfaldan forlið, sjá síðar). Þrír bragliðir eru í fyrstu, annarri og fimmtu braglínu og tveir í þriðju og fjórðu. Endarím er venjulega AAbbA eða aaBBa. Ekki eru dæmi um annars konar rím en endarím í limrum.

Limran er ung í íslenskum kveðskap. Hún er upprunnin á Bretlandseyjum þar sem hún varð vinsæl þegar á 18. öld. Fyrsta limrukverið var prentað þar árið 1821. Þekktasta limruskáld Breta var

Edward Lear (1812–1888). Á ensku heitir þetta vísnafnform „limerick“ og ber, að því talið er fyrir einskæra tilviljun, sama nafn og borg ein á Írlandi.

Í ensku limrunni var venjan að fyrsta línan endaði á sérnafni og oftast var nefnd til sögunnar ákveðin persóna:¹

There was a young lady of Norway,
Who casually sat in a doorway.
When the door squeezed her flat,
She exclaimed, „What of that!“
This courageous young lady of Norway.

Þá var hefð fyrir því allt frá fyrstu tíð að efni limrunnar væri galgopalegt grín eða endileysa eða þá klúr umfjöllun um einhvers konar feimnismál.

Fyrsta limra sem vitað er til að ort hafi verið á íslensku er eftir séra Grímúlf Bessason sem var prestur á Fljótsdalshéraði á 18. öld. Grímúlfur, sem tíðast var kallaður Grímur, var þekktur fyrir dónalegan kveðskap og klúran. Biskup var á yfirreið fyrir austan, hitti Grím og átaldi hann fyrir kveðskapinn og taldi að honum væri nær að yrkja sálma eða finna sér yrkisefni í ritningunni. Grímur tók því vel, hugsaði sig lítillaga um og kvað svo:²

Undarlegur var andskotinn,
er hann fór í svínstötrin;
ofan fyrir bakkann
öllu saman stakk hann,
helvítis hundurinn.

Pegar Grímur prestur hafði bætt við ferhendu í sama stíl bað biskup hann að hætta, virðist ekki hafa talið trúarlífinu betur borgið með þessum kveðskap.

Limruforminu hefur aðeins brugðið fyrir í íslenskum skemmti- og dægurlagakveðskap á 20. öld. Til er norskt kvæði sem heitir „Maren i Myra“. Það hefst á þessari vísu:³

¹ Þorsteinn Valdimarsson (1965:7).

² Gísli Helgason (1949:22).

³ <http://home.c2i.net>.

Lars Myra var vandret av sted
 Til himelriks glede og fred
 Og Maren i Myra gikk heime og styra
 Til likferds ansiktes sved
 Og Maren i Myra gikk heime og styra
 Til likferds ansiktes sved.

Sigurður Þórarinnsson sneri kvæðinu á íslensku. Það hefst þannig í þýðingu hans:⁴

Það gerðist hér suður með sjó
 að Siggi á Vatsleysu dó
 og ekkjan hans, Þóra,
 var ekki að slóra
 til útfararveislu sig bjó.

Bragformið hér er það sama og algengast er á limrunum þó að efnistöð séu önnur. Reyndar er til önnur þýðing á þessu norska ljóði. Hún hefur farið miklu lægra en sú sem Sigurður Þórarinnsson gerði og þykir því við hæfi að birta hana hér í heild. Þýðandinn er Eiður Bergmann.⁵

Jarðarfarardagur

(Maren i Myra)

Hann Lárus var lagður af stað
 að leita sér himnavist að.
 ∴ Af umstangi lúin
 og lerkuð var frúin
 – en ljómandi útför var það. ∴

Já, það lánaðist ljómandi hreint
 með líkið, og gleymast mun seint,
 ∴ hve tók það á alla
 að tár sást þar falla,
 (En töluvert á sig var reynt). ∴

⁴ *Grímsvatnagrallari* (1975:60).

⁵ *Söngvabókin* (1953:238).

„Lát huggast,“ þá klerkurinn kvað,
 en konan hún svaraði að
 :/: hún aldrei því gleymdi,
 sem gröfin nú geymdi,
 „minn guð er til vitnis um það.“ :/:

Er nálgaðist náttmálabil,
 kom nágranni ekkjunnar til.
 :/: Hann hvíslaði: „Ó, Sína,
 lát sorg þína dvína,
 því sjálfur ég hugga þig vil.“ :/:

En svarið frá Sínu er til greint:
 „Ég sé þetta er ærlega meint,
 :/: en ég er lítið eitt riðin
 við líkkistusmiðinn.
 Það var leitt að þú komst heldur seint.“ :/:

Stuttu fyrir miðja 20. öld varð vinsæll dægurlagatexti sem Ragnar Jóhannesson orti við erlent lag í orðastað stúlku sem hitti sjómann og átti erfitt með að gleyma þeim kynnum. Lagið heitir „Ti-pi-tin“ en er þekkt hérlendis undir heitinu „Hann var sjómaður dáðadrengur“. Ein vísan er svona:⁶

Af fiðlunum hátónar hrundu
 og harmonikurnar stundu
 og guðaveig draup
 í daggarskær staup.
 Mér barnslega létt var í lundu.

Þó að vísurnar hér að framan séu vissulega ortar undir bragarhætti limrunnar eru þær að efni til frábrugðnar hinum upphaflegu limrum eins og þær tíðkuðust á Bretlandi á 18. og 19. öld. Þar var hver limra sjálfstæð, án efnislegra tengsla við aðrar limrur, en í íslensku textunum er um að ræða kvæði með allmörgum vísnum sem segja eina samfellda sögu. Auk þess var hefð fyrir allt annars konar efnistöfum í bresku limrunni eins og drepið er á hér að framan.

⁶ *Sönglög* 1 (1993:87).

Lögin við þá texta sem hér er vitnað til munu flestir landsmenn kunna. Reyndin er sú að margar limrur má syngja við þessi lög. Til að þær falli að öðru hvoru laganna verða þær helst að vera reglulega gerðar og byggjast á þríliðum með einföldum eða tvöföldum forlið. Þá er ekki heldur sama hvernig rímið er. Limrur, sungnar við lagið sem á við texta Ragnars Jóhannessonar, verða helst að hafa rímið AAbbA. Til að limrur komi heim við þau lög sem notuð eru við þýðingar þeirra Sigurðar Þórarinssonar og Eids Bergmanns á „Maren i Myra“ verður rímið aftur á móti að vera aaBBa.

Rétt er að geta þess að til er töluvert af íslenskum kveðskap frá ýmsum tímum sem að formi til líkist limrum án þess að hægt sé að halda því fram að þar sé um nein tengsl að ræða.

III Hin eiginlega limra á Íslandi

Upp úr miðri 20. öld taka Íslendingar að yrkja undir limruháttum að einhverju ráði. Það munu hafa verið þeir Kristján Karlsson og Jóhann S. Hannesson sem fyrstir manna léku sér að því, þá báðir búsettir vestanhafs. Þar er limran komin nær uppruna sínum varðandi efni, þ.e. eins konar lausavísa eða tækifærisvísa. Jóhann sendi síðar frá sér limrukver sem hann kallaði *Hlymrek á sextugu*. Þar er þessi vísa:⁷

Það er bannað í Buenos Aires
að börn séu að leita sér færís
að sjá það í bókum
hvað sé undir brókum
á samskeytum kviðar og læris.

Það var hins vegar öðrum fremur Þorsteinn Valdimarsson sem vann limrunni sess meðal íslenskra bragarhátta þegar hann sendi frá sér bókina *Limrur* árið 1965. Limrur Þorsteins eru hæfilega léttuglaðar að hætti Bretanna:⁸

Í marz, eftir morfinblund,
léttist mamma um 9 pund.

⁷ Jóhann S. Hannesson (1979:26).

⁸ Þorsteinn Valdimarsson (1965:20).

Hún var léttúðardrós,
 pabbi léttmatrós –
 og hafði létt í júní um £.

Innan um þessar gáskafullu fimmhendur Þorsteins má svo finna skáldskap sem á lítið skylt við hinar upprunalegu limrur hvað efni varðar. Ein limran í bókinni nefnist „Tár“:⁹

Þar sem lækurinn rann og rann
 drúpti rós, og lækurinn fann
 alveg niður í ós,
 er hin rauða rós
 felldi regndropa niður í hann.

Þessi limra er fyrst og fremst fallegur skáldskapur, ástarljóð, sem jafnast á við það besta sem gert hefur verið í þeim efnum.

Frá því að hver Þorsteins kom út hefur limran átt sívaxandi vinsældum að fagna meðal Íslendinga. Ástæðurnar fyrir því að landinn tók slíku ástfóstri við þetta breska form kunna að vera ýmsar. Ef til vill er þó skýringarinnar fyrst og fremst að leita í forminu sjálfu og þá einkum síðustu línunni.

IV Vinsældir limrunnar og ljóðstafir

Undir lok 20. aldar, þegar vinsældir lausavísunnar tóku aftur að aukast eftir nokkra lægð, hafði vísnahefðin lagað sig að breyttum aðstæðum. Í seinni tíð er það aðal þeirra vísna sem vinsældum ná meðal almennings að vera hnyttar. Er efni þeirra þá gjarnan kynnt í fyrripartinun, þriðja braglínan (þriðja og fjórða ef um limru er að ræða) er síðan einhvers konar framhald af kynningunni og loks kemur síðasta línan með það óvænta, brandarann. Á henni byggist það hvort vísan verður fleyg.

Auðvitað hafa alltaf verið til vísur sem gerðar voru á þennan hátt en eftir endurvakningu í lausavísnagerð á síðustu áratugum 20. aldar hafa þessi einkenni yfirskyggt öll önnur. Vísur um alvarleg efni, skammarvísur, ástavísur eða heimspekilegar vangaveltur í fjórum línnum njóta ekki mikilla vinsælda um þessar mundir, aðeins þær fyndnu með einhvers konar fáránleika í síðustu línunni. Og limran

⁹ Þorsteinn Valdimarsson (1965:65).

hefur þessa löngu línu í lokin. Þar er auðvelt að koma fyrir óvæntum niðurstöðum sem enginn bjóst við. Fyndnin í lokálnu limrunnar á sér langa hefð. Íslenskir hagyrðingar tóku þeirri hefð fagnandi og útferðu þennan skemmtilega afkáraskap af hugkvæmni og orðfærni. Svo yrkir Magnús Óskarsson:¹⁰

Menn, sem að meyjum hyggja,
mest þegar fer að skyggja
og hafa þann metnað,
að hindra ekki getnað,
meðlögum landið byggja.

Og þessi vísa er eftir ókunnan höfund:¹¹

Í upphafi allt var skapað
og ekki að neinu hrapað.
Rauða hafið er rautt
og það Dauða dautt,
en enginn veit ennþá hver drap það.

Í merkri ritgerð um limrur viku Gísli Jónsson að stuðlasetningu þeirra á Íslandi. Þar segir meðal annars:

Langsamlega mestu skiptir þó að frumherjarnir höfðu limruna stuðlaða. Annað kemur síðan ekki til greina. Þar sem segja má að limran hafi um hríð verið tiskufyrirbrigði, er það dýrmætara en orð fá lýst, að hún skuli ætíð vera stuðluð. Limran hefur þannig átt geysimikinn þátt í að varðveita einkaeign okkar Íslendinga, stuðla og höfuðstafi („hljóðstafagrein“, *alliteration*) og bjarga okkur þannig frá þeirri höfuðskömm að varpa þeim gimsteini á glæ sem forsjónin hefur trúað okkur einum til að geyma.¹²

Undir þetta verður vissulega tekið hér. Þó má benda á að þeir sem hafa þýtt hefðbundin ljóð á íslensku hafa ávallt haldið hefðbundinni ljóðstafasetningu. Hér er því ekki neitt nýtt á ferðinni. Þeir sem fyrst-

¹⁰ Gísli Jónsson (2001:30).

¹¹ Gísli Jónsson (2001:31).

¹² Gísli Jónsson (2001:48).

ir ortu undir limruháttum á íslensku notuðu ljóðstafi eftir fornri hefð. Það gerðu Bretarnir ekki enda voru þeir búnir að gleyma öllum reglum um ljóðstafi löngu áður en fyrsta limran varð til þar. En Mörlandinn með sína rímahefð vildi hafa ljóðstafi á ákveðnum stöðum í limrum eins og öðrum vísum, annars þóttu hagorðum mönnum þær ótækar og alls ekki skemmtilegar. Afar forvitnilegt er að skoða hvernig þetta nýja bragform samsamaði sig gömlu stuðlareglunum um leið og það ruddi sér braut í ríki íslenskra braga.

V Ljóðstafasetning limrunnar

Hagyrdingar sem tileinka sér limruformið hafa komið sér þar upp ákveðinni hefð fyrir ljóðstafasetningu. Sú hefð byggist á sömu grundvallarreglum og annar hefðbundinn kveðskapur íslenskur og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim reglum.

Fyrst verður fjallað um fyrstu og aðra braglínu. Þar eru langoftast tveir stuðlar í fyrri línunni og höfuðstafur í fyrsta risi þeirrar síðari. Hér má líta á dæmi eftir Hrólfr Sveinsson. Hann kallar limruna „Markaðsbúskap“.¹³

Egill fór **v**estur um **v**er
með **v**élstrokkað tilberasmér
og fékk fyrir það
þegar í stað
hausinn á sjálfum sér.

Einnig geta fyrstu tvær línurnar hvor um sig verið sér um stuðla og er það talið jafnrétt enda hefð fyrir slíku í íslenskum kveðskap. Jónas Árnason stuðlaði oft svo í sínum limrum. Hér má líta á dæmi sem hann kallar „Álitsgerð frá gamalli Tjarnarönd“.¹⁴

Þó að áltírnar **l**átum ei **l**inni
í **b**ölvaðri **b**rauðgræðgi sinni,
útum glugga ég heyri
oft hávaða meiri
í **b**lessaðri borgarstjórninni.

¹³ Hrólfr Sveinsson (1993:9).

¹⁴ Jónas Árnason (1994:39).

Vandasamara er að fást við stuttu línurnar tvær; þar eru ýmist tveir ljóðstafir eða þrír. Stuttu línurnar geta hvort sem er verið einar sér um ljóðstafi eða tengst fimmtu línunni. Sú regla gildir um þær að þær verður ávallt að hafa ljóðstaf í fyrri risi seinni línunnar. Þetta stafar af því að ýmist standa þær eins og tvær braglínur og ber sú seinni höfuðstaf sem verður að vera í fyrsta risi. Hins vegar má líka hugsa sér að þær standi sem ein braglína. Þá er um að ræða fjórar kveður (bragliði) með tveimur stuðlum og verður annar þeirra að vera í þriðju kveðu eins og í vísnum undir rímnaháttunum (þriðja kveðan er þá fyrri kveða seinni línunnar).

Fyrri stuttlínan (þ.e. þriðja lína) má hafa tvo stuðla en þarf ekki nema einn vegna þess hve stutt hún er (sbr. til dæmis fornyrðislag og ljóðahátt).

Hér verða nú sýnd dæmi um stuðlasetningu í stuttu braglínunum tveimur, þriðju og fjórðu línu limrunnar. Fyrst skal gripið niður í *Limrur Þorsteins Valdimarssonar*. Þessa kallar hann „Samvizku“.¹⁵

Hún Snotra er móðir að Snató,
 en Snató er undan Plató.
 Hann er **skelfilegt** svín,
 en þó **skammast** hann sín
 nið'r í **skott**, ef við köllum hann Nató.

Hér eru tveir stuðlar í stuttu braglínunum, einn í hvorri, og þær tengd-
 ar með höfuðstaf við þá fimmtu. Við getum sett línurnar þannig upp:

Hann er **skelfilegt** svín, en þó **skammast** hann sín
 nið'r í **skott**, ef við köllum hann Nató.

Séu þessar línur settar svona upp er annar stuðullinn í þriðju kveðu
 fyrri línunnar.

Í framhaldi af þessu er rétt að benda á að auðvitað mega báðir
 stuðlarnir vera í fjórðu braglínu. Hér má líta á limru eftir Jóhann S.
 Hannesson:¹⁶

Sértu fríður, er gróflega gaman
 að gera sig ljótan í framan

¹⁵ Þorsteinn Valdimarsson (1965:56).

¹⁶ Jóhann S. Hannesson (1979:15).

með fettum og brettum
 og **g**lennum og **g**rettum.
 Eg **g**eri það tímunum saman.

Ef línurnar þrjár eru nú settar upp sem tvær verður útkoman líka hárrétt bragfræðilega:

með fettum og brettum og **g**lennum og **g**rettum.
 Ég **g**eri það tímunum saman.

Fimmta braglínan þarf ekki að tengjast þriðju og fjórðu línu með höfuðstaf. Hún getur sem best verið sér um stuðla, eins og til dæmis í „Riddarasögu“, íslenskri gerð Hrólfssonar á limru sem til er á ýmsum tungumálum, þ. á m. latínu:¹⁷

Hann Bárður í Svalvogum brosti,
 á bjarndýri reið hann í frosti.
 Þó endar sú saga
 í **m**jög hlýjum **m**aga,
 og þá var það **b**angsi sem **b**rosti.

Einnig má stuðla stuttu línurnar tvær eins og samstæðar braglínur í fornyrðislagi en þar getur sú fyrri ýmist haft einn eða tvo stuðla. Höfuðstafur verður svo í fyrsta risi þeirrar seinni. Dæmi um það er eftir Vilfríði vestan og kallast „Æðruleysi“:¹⁸

Sr. Agli var ekki um að kvarta,
 og þegar Ásgerður reif hann í parta
 hann **b**arasta **b**yrjaði
bóksöng og kyrjaði:
 Ó, dýrð sé þér, dagstjarnan bjarta.

Dæmi eru um að þriðja og fjórða braglína hafi sína tvo stuðlana hvor. Þetta er rétt samkvæmt ströngustu reglum bragfræðinnar en ef til vill verður kveðskapurinn helst til hlaðinn stuðlum þegar þannig er ort. Aftur er það Vilfríður vestan og kallar nú kveðskapinn „Verkvöndun“:¹⁹

¹⁷ Hrólfur Sveinsson (1993:15).

¹⁸ Gísli Jónsson (2001:54).

¹⁹ Gísli Jónsson (2001:67).

Hann Sigurður sálugi á Vatni, –
seint held ég maðurinn batni –
bæði **konum** og **köllum**
illt gerði **öllum**,
af **einstakri** vandvirkni og natni.

Hér ber þess reyndar að geta að það er aðeins þriðja braglína sem er sér um stuðla þar sem ljóðstafur fimmtu línu er höfuðstafur við stuðla fjórðu línu.

Hugsanlega gætu ljóðstafir í einni limru mest orðið tíu. Þá væru tveir stuðlar í hverri braglínu. Það væri bragfræðilega rétt en ekki hefur fundist dæmi þess enda væri slíkur kveðskapur án efa heldur rislítill. Dæmi fannst um nýu ljóðstafi í sömu limrunni og þótti nóg. Hún er að vísu alls ekki illa gerð en einn höfuðstafur í fimm braglínunum hlýtur þó að vera lágmark. Limran er eftir Jónas Árnason og kallast „Um tilgangsleysi“.²⁰

„Ég undrast þá flamingófugla
sem um pólitík **þrátt** og **þrugla**;
því að **allt** hvort sem er
til **andskotans** fer,“
sagði **vitur** og **víðlesin** ugla.

Eins og fram kemur hér á undan er ekkert við það að athuga að einstakar braglínur séu sér um stuðla, þ.e. að þar séu tveir stuðlar sem ekki tengjast með höfuðstaf við næstu braglínu á eftir. Eins verður þó að gæta þegar þannig er ort. Séu t.d. tvær fyrstu línurnar hvor með sína stuðla er betra að það séu ekki sömu stafirnir eða hvorir tveggja stuðlarnir séu sérhljóðar. Sérstaklega virðist hagyrðingum þó hætta til að stuðla á þann hátt í síðustu línunum þremur. Hér má skoða þriðju, fjórðu og fimmtu línu í limru eftir Jónas Árnason sem hann kallar „Happy ending“:²¹

Á allan hátt andstyggð var Nóra,
og ofsótti mann sinn hann Dóra.
Svo að endingu hún dó
og gekk **aftur** og bjó
síðan **alsæl** með Írafells-Móra.

²⁰ Jónas Árnason (1994:14).

²¹ Jónas Árnason (1994:27).

Hér má í raun segja að ljóðstafir sem eiga saman séu orðnir fjórir. Betur hefði farið á því að láta stuðla á öðru en sérhljóðum í fimmtu braglínu. Línan hefði til dæmis mátt vera *síðan mjög sæl með Írafells-Móra* eða *síðan með honum Írafells-Móra* eða eitthvað í þá veru.

Þá hendir menn stundum að hafa þrjá ljóðstafi, þ.e. tvo stuðla og höfuðstaf, í þriðju og fjórðu braglínu og tengja þær svo við fimmtu línu með höfuðstaf. Þetta fer ekki vel. Hér má líta á limru sem varð til í fjölbrautaskóla einum úti á landsbyggðinni þegar fjallað var um nemanda með óvenjulegan námsferil. Höfundur er sá sem hér skrifar:

Hér notast mörg ágætis aðferð
og einn hefur fengið þá meðferð:
Hann **skreidd** upp á **skrifvél**,
er **skröltfær** á bifvél
og **skríður** nú burtu á hægferð.

Ljóðstafir sem eiga saman eru orðnir fjórir. Hér hefði farið betur á því að segja í síðustu línunni: *og heldur nú burtu á hægferð*. Þá væri fimmta línan komin með sína eigin tvo stuðla.

Það sem oftast fer þó úrskaiðis hjá limrusmiðum er að þeir setja ljóðstafi í forliðina. Ástæðan fyrir þessum stuðlaglöpum er nokkuð augljós. Langoftast eru limrur byggðar á þriliðum, þ.e. þrjú atkvæði eru í hverri kveðu. Af þessu orsakast það að forliðir í limrum eru oft tvö atkvæði og fer vel á því ef braglínan á undan endar á stúf (einlið). Þessir forliðir geta því orðið nokkuð langir. Hér má skoða dæmi um limru eftir óþekktan höfund:²²

Einn húskarl þeir héldu í Kína
sem hafði ekki lundina fína.
Á tíræðisaldri
með ærslum og skvaldri
gerði hann út af við langömmu sína.

Hér er stuðlasetning rétt. Í síðustu línunum þremur eru þrír ljóðstafir. Fimmta braglína tengist þriðju og fjórðu línu með höfuðstaf (þ.e. **ú** í út). Forliðurinn (skáletraður) þar fyrir framan er strangt til tekið þrjú atkvæði en að vísu eru aðeins tvö þeirra borin fram. Í venjulegu

²² Gísli Jónsson (2001:38).

talmáli (og ekki síður ef þess þarf með vegna hrynjandinnar í limrunni) renna tvö atkvæði saman í eitt, þ.e. *gerði hann verður gerð'ann*.

Hér má líta á aðra limru sem er eftir Jónas Árnason. Hana kallar hann „Ælja“:²³

*Út í sandinn vor róttækni rennur.
Loginn rauði við slitrandu brennur.
Og í makindadá
falla markmiðin há.
Og hann Megas er kominn með tennur.*

Þarna er stuðlasetning líka rétt. Hér eru tveggja atkvæða forliðir (sjá skáletur) í öllum bragliðum.

En vegna þess hve forliðirnir eru fyrirferðarmiklir hættir mönnum til að setja ljóðstafinn þar og er það að sjálfsögðu rangt. Hér má líta á tilbúið dæmi eftir greinarhöfund:

*„Hann Otkell er samur við sig,
sagði höfundur Njálu við mig.
„Brekunni móti
á melum og grjóti
merinni reið hann á slig.“*

Sé gert ráð fyrir að langlínur (fyrsta, önnur og fimmta lína) hafi allar þrjá bragliði eins og algengast er í limrum verður að líta á *sagði* í annarri línu sem tvöfaldan forlið. Út frá því sjónarmiði er stuðlasetning þessarar limru röng. Höfuðstafur hefði samkvæmt því átt að koma þar sem stendur *höf-* sem þá hefði orðið fyrsta ris línunnar.

VI Lokaorð

Sú tilraun sem hér er gerð til að setja fram bragreglur í limrukveðskap er byggð á þeim hefðum sem skapast hafa hér á landi eftir að vinsældir limrunnar tóku að aukast á sjöunda áratugnum. Hér er tekið mið af því sem algengast er en hinu má ekki gleyma að til eru skemmtileg frávik frá því sem hér kemur fram og engar af fyrrnefndum reglum eru algildar. Hjá limruskáldum hefur skapast sú ágæta

²³ Jónas Árnason (1994:7).

hefð að hafa nánast allar hefðir að engu þegar því er að skipta. Sú tilhneiging virðist vera mun sterkari þegar um er að ræða limrur en aðrar vísur. Gott dæmi um það er eftirfarandi limra eftir Gísla Rúnar Jónsson:²⁴

Svo lést hann Leópold kjaftur
og lofaði að ganga ekki aftur
en svo gekk hann aftur
og aftur – og aftur
og aftur – og aftur – og aftur.

Í limrunni hans Gísla er vissulega farið fullkomlega út af sporinu hvað bragreglur áhrærir en hún er jafngóð fyrir því – af því að þetta er limra.

Þorsteinn Valdimarsson átti það líka til að búa til skemmtileg afbrigði þegar limran var annars vegar. Þessi heitir „Leifur heppni“:²⁵

Haldi' hún í horfi slíku,
þá hygg ég það,
að fátt verði lagt að líku
við lán vort – að
týna Ameríku.

Þannig leika limruskáldin sér að því að ganga á snið við reglurnar og brjóta þær jafnvel á stundum með góðum árangri. Hinu má þó ekki gleyma að til þess að geta brotið reglurnar verða menn að þekkja þær og vita hvað þeir eru að brjóta. Aðeins þannig er hægt að setta sig við að hagrðingarnir fari út af sporinu.

Limran hefur unnið sér fastan sess í ríki íslenskra bragarháttá. Þetta bragform, sem varla þekktist hér um miðja 20. öld, hefur á síðustu áratugum náð miklum vinsældum. Undanfarin ár hefur orðið til sagnar af íslenskum limrum og stöðugt bætist við. Í lokin skal tekið undir orð Gísla Jónssonar sem vitnað er til hér að framan: Það er afar mikilvægt að huga að stuðlasetningu limrunnar. Þetta sérkenni kveðskaparins, sem nú er hvergi til í lifandi máli nema hér á Íslandi, ber að varðveita. Hagyrðingarnir hafa lagað limruna að þeim reglum sem fyrir voru í braghefðinni. Þó að þeir víki stundum frá þeim reglum og

²⁴ Gísla Rúnar Jónsson (2001).

²⁵ Þorsteinn Valdimarsson (1965:102).

leyfi sér sitthvað með limruna sem ekki hefur tíðkast áður eru reglurnar samt sem áður ljósar eins og sýnt hefur verið hér að framan. Til að geta leyft sér að brjóta þær verða menn fyrst að kunna þær til hlítar.

HEIMILDIR

- Gísli Helgason. 1949. *Austfirðingabættir*. Bókaforlag Þorsteins M. Jónssonar h.f., Akureyri.
- Gísli Jónsson. 2000. *Nýja limrubókin*. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.
- Gísli Rúnar Jónsson. 2001. Munnleg heimild.
- Grímsvatnagrallari*. „Það gerðist hér suður með sjó.“ Skemmtinefnd Jökla-
rannsóknafélags Íslands, Reykjavík, 1975
- Hrólfur Sveinsson. 1993. *Ljóðmæli – mikið magn af limrum*. Mál og menning, Reykjavík.
- <http://home.c2i.net> (sótt í mars 2003).
- Jóhann S. Hannesson. 1979. *Hlymrek á sextugu*. Höfundur gaf út, Hafnarfirði.
- Jónas Árnason. 1994. *Jónasarlímurur*. Hörpuútgáfan, Akranesi.
- Sönglög 1*. Gylfi Garðarsson bjó til prentunar. Nótuútgáfan, Reykjavík, 1993.
- Söngvabókin*. Bókaútgáfan Árgalinn, Reykjavík, 1953.
- Þorsteinn Valdimarsson. 1965. *Limrur*. Heimskringla, Reykjavík.

Sigurbjörg Prastardóttir

Fjögur ljóð

Metrópolíslæða

Þess konar þoka
sem leggst ekki yfir
nema á fimm ára fresti

kirkjuturnar
strokast út
 bílar aka
 inn í ský
 börn ganga
 á umferðarskilti

og skáldin fá öll
sömu hugmyndina
því nú er skyggni
til að skrifa:

... niður brekku
hjólar stúlka
líkt og drjúpi
af himnum ...

Hofgyðja

Hún kallaði
brjóstin sín svalir
lærin súlur og logagyllt hárið
féll niður með
gluggalausum síðum
þessarar íturvöxnu konu
þessarar jarðbundnu konu
sem ætlaði sér aldrei
þá dul að vera álitin
gyðja
í mesta lagi hof.

Rím

Rím
er nauðsynlegt
lím
í leirburði og öðrum
gleðskap
að ekki sé talað um
kveðskap.

Seint
mun að fullu reynt
hvernig reiðir af
ljóðum
sem einungis ríma
í hálfum
hljóðum.

Elska náungann

Hengir sig alltaf út á snúru
þegar spáir strekkingi
konan í næsta húsi
með tréklemmum
og snýr undan vindinum

sum lítil börn
halda að hún sé róla
og taka sér far

sumu gömlu fólki
sýnist hún vera danski fáninn
dreginn í hálfu
sökum nýfengins frelsis
frá kónginum

sumir átta sig of seint.

Einar Sigmarsson

Nóttin skiptir litum

„Haustið er komið“ eftir Snorra Hjartarson*

I Inngangur

Það var árið 1944 að Snorri Hjartarson (1906–1986) sendi frá sér bókina *Kvæði*.¹ Þar er tuttugu og ein bragsmið, sumar undir arfteknum eddu- og sonnettuháttum en nokkuð er um nýstárlegri brögð, til dæmis það að nota hálfím sem endarím.² Á öndverðum fimmta áratug tuttugustu aldar blésu ferskir vindar um íslenska kveðskaparlist – forboðar formbyltandi storma – en um fyrstu ljóðabók Snorra sýndist sitt hverjum. Braga Sigurjónssyni fannst enginn byrjanda-bragur á henni heldur „vekja athygli, hve vel höfundur kann að fara með bundið mál, hvað ytri búning snertir“.³ Elíasi Mar fannst

* Sex íslenskufraeðingar hafa lesið yfir ljóðgreiningu þessa – á ýmsum vinnslustigum: Sveinn Yngvi Egilsson, Þórður Ingi Guðjónsson, Dagný Kristjánsdóttir, Eysteinn Þorvaldsson, Þórður Helgason og Kristján Eiríksson. Öll eiga þau bestu þakkar skildar og skal ekki kennt um neitt sem betur mætti fara í lokagerðinni.

¹ Um lífshlaup Snorra má lesa hjá Páli Valssyni (1990:7–8 og 1992:XIII–XX). Ýmsar heimildir aðrar bregða upp mynd af manningnum að baki skáldinu, til dæmis viðtal í *Þjóðviljanum* 18. desember 1966, „Seiður í vitund manns“ (Magnús Kjartansson 1966); ræða hans við afhendingu bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 5. mars 1981, „Án vonar ekkert líf“ (Snorri Hjartarson 1981b); viðtal í *Mími* 1981, „Í ljóðlist skipta einlægni og heiðarleiki öllu máli“ (Helgi Grímsson og Þórarinn Friðjónsson 1981); greinin „Snorri Hjartarson“ í ritinu *Félagi orð* eftir Matthías Johannessen (1982:235–239) og síðast en ekki síst útfararræða séra Rögnvalds Finnbogasonar eftir skáldið, prentuð í *Lesbók Morgunblaðsins* 31. janúar 1987.

² Ýmsir hafa orðið til þess að útlista form *Kvæða*, til dæmis Kristinn E. Andrésson (1949:186–189 og 1976:276–278), Helgi Hálfðanarson (1955 og 1956), Stefán Einarsson (1961:448–449), Sverrir Hólmarsson (1968:17–23) og Páll Valsson (1990:28–44 og 1992:XXIII–XXV). Annars hafa allmargir vikið að kveðskap Snorra, til dæmis Hannes Sigfússon (1956), Hannes Pétursson (1960:14, 24–25), Örn Ólafsson (1965), Guðmundur Böðvarsson (1966), Gunnar Stefánsson (1968), Njórður P. Njarðvík (1969), Sveinn Skorri Höskuldsson (1970:33–36), Jóhann Hjálmarsson (1971:115–125, 194), Hjörtur Pálsson (1981), Þorleifur Hauksson (1987) og Hrönn Hilmarsdóttir (1989).

³ Bragi Sigurjónsson (1945:175, sjá líka bls. 174).

„formið eitt, hættirnir og rímleiknin á þann veg að hrynjandin ein lætur stundum í eyrum manns sem nýr tónn í íslenzkri ljóðagerð, – eða öllu heldur sem endurvakinn þáttur, rammíslenzkur og sérkennilegur“.⁴ Andrés Björnsson sagði að Snorri hefði lagt út í „djarfar tilraunir um nýja meðferð ríms og háttá“ og Guðmundur G. Hagalín taldi að hann yrði „að hverfa til þeirra forma, sem ein eiga endurhljóð í íslenzkum hjörtum. Til þess ætti hann ekki að skorta hagamælsku eða smekkvísi“.⁵ Hrynjandin er að minnsta kosti sérstæð og persónuleg, jafnvel nostursamleg eins og síðari ljóðabækur Snorra vitna um: *Á Gnitahæði* (1952), *Lauf og stjörnur* (1966) og *Haustökkrið yfir mér* (1979).

Fimmta ljóð Kvæða, „Haustið er komið“, hefur löngum þótt völdundarsmið. Bragi Sigurjónsson telur það eitt af fjórum bestu kvæðum bókarinnar og Þóroddur Guðmundsson kveðst öfunda höfundinn af því.⁶ Helgi Hálfðanarson og Páll Valsson hafa áður vikið að efni þess og anda⁷ en hér verður það túlkað á annan hátt.

II Í fljótu bragði

Haustið er komið handan yfir sæinn,
hvarmaljós blárrar nætur dökkna af kvíða
og þungar slæður hylja hárið síða,
hárbriðið gullna, er lék sér frjálst við blæinn

og seiddi í leikinn sólskinsrjóðan daginn;
nú sezt hann grár og stúrin upp til hlíða
og veit að það er eftir engu að bíða,
allt gengur kuldans myrka valdi í haginn.

Hann heyrir stráin fölna og falla, sér
fuglana hverfa burt á vængjum þöndum,
blómfræ af vindum borin suður höf,

⁴ Elías Mar (1945:76).

⁵ Andrés Björnsson (1945:117, sjá líka bls. 118). Guðmundur G. Hagalín (1945:152, sjá líka bls. 151).

⁶ Bragi Sigurjónsson (1945:175). Þóroddur Guðmundsson (1961:278).

⁷ Helgi Hálfðanarson (1955:70–72). Páll Valsson (1990:42–43).

og brár hans lykjust aftur; austan fer
annarleg nótt og dimm með sigð í höndum,
með reidda sigð við rifin skýjatröf.⁸

Upphafsorðin eru skýr og skilmerkileg: „Haustið er komið handan yfir sæinn.“⁹ Móðir náttúra lætur ekki að sér hæða í nöturleika sínum. Í myndmálinu leynist himinhvolfið. Kenningin „hvarmaljós“ (‘augu’) næturinnar minnir á stjörnur næturhimins og *slæðurnar* á skýjahulu.¹⁰ Þar birtist nútíðin en í fortíðinni vekur „hárbrimið gullna“ hugrenningatengsl við sólina. Þá léku geislar hennar við andvarann áður en skýin, *slæðurnar þungu*, bygðu sýn. Sigð svartnætisins minnir á mána enda svipuð í laginu og ber við himin, „við rifin skýjatröf“. Í augum bjartrar („blárrar“) næturinnar, sumarnæturinnar, speglast beygur; þau „dökkna af kvíða“. Hárið er hulið sjónum; fær ekki lengur að bylgjast laust í andvaranum og lokka til sín daginn, rjóðan af geislum sólar. Þegar sjónum er aftur beint að líðandi stundu syrtir í lofti. Hið dökka sækir að hinu ljósa og í grámanum verða mörkin óglögg. Dagurinn – nú kallaður „hann“ – hopar upp í brekkur, dapur í bragði, einskis megnugur gegn „kuldans myrka valdi“. Hann skynjar haustboðana af slíku næmi að hann „heyrir stráin fölna og falla“. Að lokum hverfur náttúran honum sjónum, „brár hans lykjust aftur“; síðustu dagskímuna þrýtur. Úr austurátt kemur („fer“) svartnættið og hefur til himins sigð sem ristir sundur skýin. Þannig kemur efnið fyrir sjónir í fljótu bragði.

⁸ Hér sem efirleiðis er vitnað í frumútgáfu *Kvæða* (Snorri Hjartarson 1944:18–19). Í síðari söfninu hefur skáldið hróflað við sumum eldri bragsmiðum sínum. „Haustið er komið“ er samt óbreytt í *Kvæðum 1940–1952* (Snorri Hjartarson 1960:22–23) og *Kvæðum 1940–1966* (Snorri Hjartarson 1981a:24–25) ef undan er skilinn rithátturinn „skýjatröf“ í staðinn fyrir „skýjatröf“ og að ekki er komma í fjórðu línu á undan tilvísunarsetningunni „er lék sér frjálst við blæinn“. Snorri breytti því ekki ljóðinu svo nokkru næmi og kann að segja sitt um álit hans á því en víðameiri breytingar hans á öðrum kvæðum snerust um að gera þau knappari, ekki síst sú að fella brott ýmis orð í síðari gerð (sbr. Pál Valsson 1990:91).

⁹ Haustið varð Snorra ósjaldan að yrkisefni. Í *Ljóðarabbi* gerir Sveinn Skorri Höskuldsson (1989:29–36) átta slík kvæði eftir hann að umtalsefni: „Haust“ (í bókinni *Á Gnitahéið*), „Á haustskógi“, „Haustkvöld“, „Haust“ (í *Laufi og stjörnum*) og „Haustmyndir“ (sameiginlegt heiti á fjórum smáljóðum í bókinni *Hausttrökkrið yfir mér*). Páll Valsson (1990:94–96) hefur líka fjallað um haustið sem efni í ljóðum Snorra.

¹⁰ Tengsl *hvarmljósanna* við stjörnur eru síður en svo langsótt, samanber síðari liðinn, *-ljós*, og orðið *hvarmastjörnur* ‚augu‘, auk orðasambanda á borð við að *augu e-s tindri/blíki eins og stjörnur*. Síðari liðurinn, *-ljós*, er stofnorð en fyrri liðurinn, *hvamar* ‚augnlok‘, telst vera kenniorð.

III Um tengsl efnis og forms

„Haustið er komið“ er sonnetta af ítalskri gerð, kennd við Petrarca (1304–1374). Línurnar eru fjórtán talsins eins og venja er. Ljóðstafir eru sömuleiðis með hefðbundnu sniði; ellefta og fjórtánda lína sér um stuðla því að tæplega telst vera höfuðstafur í orðmyndinni *brár* í fremsta risi tólftu línu nema stílbragð sé. Eins og sonnettu hæfir verða skil milli ferhendnanna annars vegar og þríhendnanna hins vegar. Ferhendurnar eru spegilrímaðar, hvor í sínu lagi og hvor í annari (ABBA ABBA). Þríhendurnar tengjast líka hvor annarri, með loturími (cDe cDe).¹¹ Skipan karl- og kvenríms er með ýmsu móti í Petrarca-sonnettu og því ekki athugaverð.

Efni og form falla í einum og sama farvegi. Í fjórðu línu er horfið frá drunganum og reikað aftur í tímann. Fyrir bregður ljúfri minningu um bjartari tíð, vísast dagrenningu eða jafnvel vorkomu, andstæður húms og haustkomu. Sú minning teygist fram í fimmtu línu og þannig eru ferhendurnar undnar saman að efni. Í sjöttu línu er aftur snúið til líðandi stundar og flöktandi skuggamynda hennar. Að lokum má marka rökrænt merkingarsamhengi áttundu línu við þá fyrstu eins og til að árétta að allt sé á hverfanda hveli og fortíðarþrá til lítils: „Haustið er komið handan yfir sæinn [...] allt gengur kuldans myrka valdi í haginn.“ Í þeim skilningi afmarka fyrsta og áttunda lína ferhendurnar sem speglast hvor í annarri, ekki síður að efni en formi.

Þríhendurnar eiga saman um efni en ekki er örgrannt um tengsl við ferhendurnar, samanber áttundu línu: „[A]llt gengur kuldans myrka valdi í haginn.“ Um leið og myndirnar verða ískyggilegri markast þríhendurnar af samfelldri stígandi sem hæst rís í geigvænlegri endurtekningu: „[S]igð [...] reidda sigð.“ Á móti kemur fortíðarblík í endurtekningunni „hárið síða, / hárbriðið gullna“.

Í þríhendunum er vísuorðum skipt áður en setningu lýkur, andstætt ferhendunum. Við línulok verður því ekki það hlé sem vant er:

Hann heyrir stráin fölna og falla, sér
fuglana hverfa burt á vængjum þöndum, [...]

og brár hans lykjust aftur; austan fer
annarleg nótt og dímme með sigð í höndum.¹²

¹¹ Hér er kvenrím markað hástöfum en karlrím lágstöfum.

¹² Það er mín breyting að skáletra línuskiptu setningarnar, E.S.

Hér er komið stílbragðið *enjambement*, línustíkl svo notað sé íslenskt orð í stað hins franska.¹³ Sögnunum *sér* og *fer*, sem ríma, er léð meira vægi en ella með því að draga þær aftast í næstu línur á undan. Þannig er formfestunni storkað.¹⁴ Um leið næst fram sérstæð hrynjandi, líkt og dagurinn sé í þann veginn að líða út af og skilningarvit hans slævist.

IV Um persónugervingar og andstæður

Hannes Pétursson telur að „Haustið er komið“ sé dæmi um hina „hreinu náttúru-lýrikk“ í *Kvæðum*; þar „gleymist allt nema fegurð landsins, ást skáldsins til þeirrar jarðar sem ól hann, hugur hans verður heill og óskiptur, eigin vandamál hverfa í þeirri andrá, sem fegurð landsins gagntekur hann“.¹⁵ En fleiri víddir gætu leynst í ljóðinu því að persónugerving er máttarviður í myndbyggingu þess.

Í leifri liðinnar tíðar birtist dagurinn fyrst og horfir þá á nóttina. Þegar aftur er snúið til liðandi stundar er skyggst inn í hug hans; þá er hann „stúrin [...] / og veit að það er eftir engu að bíða“. Þar kemur (í fyrri þríhendu) að náttúrunni er lýst með skilningarvitum hans – hann „heyri“ og „sér“ – uns „brár hans lykjust aftur“. Hin bláa nótt ber slæður og hefur augu og hár en er líka uggandi; „hvarmaljós“ hennar „dökkna af kvíða“. Hin dimma nótt er líka kona; hún hefur hendur og reiðir sigð. Fleira gæti verið persónugert, til dæmis „hárbrimið gullna, er lék sér frjálst við blæinn / og seiddi í leikinn sólskinsrjóðan daginn“,¹⁶ jafnvel blærinn því hann brá líka á leik.¹⁷ Kuldinn er valdhafi og *gengur allt í haginn*.¹⁸ Vindarnir *bera*

¹³ Atli Ingólfsson (1994:15) notar sambandið *þræddar línur* í merkingunni *enjambement*. „Haustið er komið“ hefur áður verið tekið sem dæmi um það stílbragð en túlkað á annan veg en hjá greinarhöfundu (sbr. Sverri Hólmarsson 1968:18–19 og Pál Valsson 1990:35–38, 1992:XXIV; til hliðsjónar má vísa á *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1983:71).

¹⁴ Þórir Óskarsson (1987:105) segir að *enjambement* verði „sennilega ekki verulega algengt fyrr en í ljóðum Tómasar Guðmundssonar“ (uppi 1901–1983). Benedikt Gröndal (uppi 1826–1907), Stephan G. Stephansson (uppi 1853–1927) og Einar Benediktsson (uppi 1864–1940) nota stílbragðið en eins og Sverrir Hólmarsson (1968:17–19) bendir á beirir Snorri því markvissar en þeir og gengur jafnvel lengra en Jónas Hallgrímsson (uppi 1807–1845). Ef til vill hefur hann verið tvístígandi í listsköpun sinni á árunum 1940–1944, þegar hann samdi *Kvæði*, þótt að upplagi væri hann hollur hefðinni.

¹⁵ Hannes Pétursson (1960:14).

¹⁶ Skáletrun er mín, E.S.

¹⁷ Blærinn er persónugurður í þeim skilningi að orðasambandið *leika sér við (einhvern)* felur í sér að allir eða báðir sem í hlut eiga leiki sér, blærinn þar með talinn, andstætt sambandinu *leika sér að (einhverjum eða einhverju)*.

¹⁸ Merkingar vegna er myndhverfa orðatakið *ad ganga allt í haginn* yfirleitt haft um menn.

blómfræ „suður höf“ þó að fleiri geti *borið* en menn og æðioft sé sú sögn höfð í yfirfærðri merkingu. Persónugervingunum má skipta í tvennt, virkar og óvirkar eftir því hversu vel þær standa undir nafni.¹⁹ Persónugerving dags og nætur, blárrar sem dimmrar, er þá virk, *hárbrimsins gullna*, blæsins og kuldans óvirk og vindanna óvirkust.

Andhverfur eru skýrar. Rammast kveður að móthverfu dags við nótt – fyrst bláa, síðan dimma. Þá minnir „hárbrimið gullna“ á sólina og kuldinn á myrkrið eins og marka má af „kuldans myrka valdi“. Þar gæti leynst tvennt af gagnstæðum toga: Hiti – kuldi og ljós – myrkur. Andvarinn á samleið með *hárbriminu gullna* og tengist um leið deginum og sumrinu eða vorinu. Vindarnir virðast boða komu haustnæturinnar og eru líkast til naprir – hálfgildings andstæða blæsins. Þeir standa að norðan, koma með „kuldans myrka valdi“ og orka sem eyðandi afl, sjást að minnsta kosti bera blómfræ „suður höf“. Veðrabrigðin fara því ekki dult.

Móthverfurnar eru enn fleiri, til dæmis sú að í angurværð er horfið aftur til fortíðarinnar, samanber þátíð sagnanna *leika* og *seida* í fjórðu og fimmtu línu:

og þungar slæður *hylja* hárið síða,
hárbrimið gullna, er *lék* sér frjálst við blæinn

og *seiddi* í leikinn sólskinsrjóðan daginn;
nú sezt hann grár og stúrin upp til hlíða.²⁰

Þannig er nútíðinni stillt upp gegn fortíðinni og ferhendurnar tengdar saman í fortíðarsýninni. Forðum fékk hárið að flæða frjálst en nú er því íþyngt með slæðum. Þar birtist andhverfan frelsi – helsi, kannski líka gleði – sorg ef hugsað er til þess síðar að syrgjandi konur hylji hár sitt. Að minnsta kosti er kátínan auðsæ í leik dagsins og hinnar bláu nætur og harmurinn ekki síður skýr í orðum eins og *kviði* og „stúrin“. Fuglarnir „hverfa burt á vængjum þöndum“ en stráin eru rótföst, hneppt í áthagafjöta. Blómfræin eru að vísu ekki rótbundin en er feykt „suður höf“ án þess að fá nokkuð við ráðið og falla þá víst fæst í frjóan svörð – landið er

¹⁹ Persónugerving má teljast óvirk ef hún er útjöskuð, ekki lengur nýmóðins. Afbragðsdæmi er samsetta orðið *fjallsöxl* þótt ekki komi það fyrir í „Haustið er komið“. Virk má persónugerving teljast ef hún blasir við, stingur jafnvel í augu.

²⁰ Skáletrun er mín, E.S.

ódáinsakur en sjórinn banabeður. Það sem kemur „handan yfir sæinn“ orkar framandlegt, jafnvel kynngimagnað: „[A]ustan fer / *annarleg* nótt og dimm.“²¹ Hafið aðskilur og einangrar en fuglarnir þurfa ekki að skeyta um það – þeirra er frelsið.

Andstæðurnar skerpa til muna drættina í heildarsvip ljóðsins, ekki síst litbrigði ljóss og myrkurs:

LJÓS	MYRKUR
<i>blátt</i>	<i>dimmt</i>
<i>sólskinsrjótt</i>	<i>grátt</i>
<i>gullíð</i>	<i>myrkt</i>

Bláminn gæti táknað birtu, samanber bláu nóttina andspænis þeirri dimmu. Roði dagsins hangir saman við líf og fjör en gráminn er til marks um deyfð og drunga.²² Um leið sýnir grámóskan að mörk hins ljósa og dökka verða þokukennnd. Litirnir geta ekki síður runnið saman en gengið sundur. Í upphafi eru þeir sterkir, ekki síst roðinn, en verða æ daufari eftir því sem á líður, samanber grámann. Að sama skapi verður andblær ljóðsins æ drungalegri en um leið er hann hátíðlegur eins og speglast í hástemmdu orðfæri:

Fyrri ferhenda:	„sæinn“, „hvarmaljós“, „hárbriðið gullna“, „blæinn“
Síðari ferhenda:	„seiddi“, „sólskinsrjóðan“
Fyrri þríhenda:	„hverfa burt á vængjum þöndum“
Síðari þríhenda:	„brár“, „lykjast“, „skýjatróf“

Lýsingarorðin eru jafnmörg braglínunum, fjórtán að tölu, að meðtöldum þeim lýsingarháttum þátíðar sem hafa svipaða stöðu og lýsingarorð: „þöndum“, „reidda“ og „rifin“. Sú fjöld leggst á eitt með öðru um að gera ljóðið myndrænt. Enginn hörgull er heldur á sögnum en að hjálparsögnum undanskildum eru þær átján talsins. Af því má ráða hve strítt myndirnar renna áfram. Orðgnótt er að vísu

²¹ Skáletrun er mín, E.S.

²² Rauðu og gráu er víða teflt saman í kvæðum Snorra og sjálfur kvaðst hann hafa „gaman“ af að blanda saman þeim litum (Helgi Grímsson og Þórarinn Friðjónsson 1981:5). Um notkun litaorða í *Kvæðum* má vísa á Sverri Hólmarsson (1968:23–25) og í víðara samhengi á Helga Hálfðanarson (1956:113–114) og Pál Valsson (1990:57, 67–68, 71–72, 76, 79 og 1992:XXVII–XXVIII).

algengari í útleitnum ljóðum en hverfur hér í skuggann af fimi skáldsins sem hafði auga fyrir markvissri byggingu.²³

V Lítið eitt um hugsanlegar vísanir

Kvæði eru sett saman á árunum 1940–1944 en samt er þar lítið um beina pólitíska ádeilu.²⁴ Kristinn E. Andrésson telur það stafa af fögnuði Snorra yfir að vera aftur umvafinn íslenskri náttúru: „[S]káldegáfa hans lifnaði og frjóvgaðist er hann kom heim aftur, en gleðin yfir heimkomunni til landsins tendraðist í bjarta sól af sigurfögnuði þjóðarinnar.“²⁵ Þorleifur Hauksson hyggur að í náttúruljóðunum í *Kvæðum* hafi Snorri séð „athvarf í fögnuðinum yfir feгурð náttúrunnar og jafnvel fyrirheit ókominna daga“.²⁶ Páll Valsson les úr bókinni „gleði og hrifningu yfir því að vera kominn heim, hafa fundið rætur sinnar eigin ljóðlistar. [...] *Kvæði* er[u] fagnaðaróður þess manns er hefur fundið það er hann leitaði að og var hjartfólgið“.²⁷ Til sannindamerkis bendir hann á fyrstu bók Snorra, skáldsöguna *Héit flyver ravn-en* (Hátt flýgur hrafninn) frá 1934, en hún er skrifuð á norsku og segir frá Steinari Arnarsyni, ungum málara sem þarf að kljást við sjálfan sig og list sína.

Snorri var nokkuð fyrir að vísa til norrænnar goðafræði. Ofurnæm heyrn dagsins í „Haustið er komið“ vekur hugrenningatengsl við Heimdall, útvörð goða, en hann „heyrir ok þat er gras vex á jörðu

²³ Ljóð með margþættu efni og fjölbreyttum myndum eru kölluð útleitin (sænska *expansionslyrik*) en miðleitin ljóð (sænska *koncentrationslyrik*) eru stutt og orðfá, með einn óskiptan efniskjarna og án margbrottinnar myndbyggingar (sjá Óskar Halldórsson 1977:142–147). Eysteinn Þorvaldsson (1980:252) telur að Snorri hafi „stefnt til stöðugt meiri hnitmiðunar og ort mörg afar myndræn ljóð í knöppum stíl sem erfitt mun að jafnast við að listfengi“. Við svipaðan tón kveður hjá Páli Valssyni (1990:40, sjá líka bls. 76) sem segir að flest ljóð Snorra í *Kvæðum* séu „útleitin og mælsk, öndvert við hans síðari bækur“, litaorðum fari til dæmis fækkandi með hverri bók. Hann efast samt ekki um að „Haustið er komið“ beri vitni „um hnitmiðun og hversu þrauthugsuð ljóð Snorra eru að uppbyggingu“ (Páll Valsson 1990:42).

²⁴ Helga Kress hefur fært fyrir því rök að í kvæðinu „Mér dvaldist of lengi“ í bókinni *Á Gnítaheidi* sé þjóðfélagsleg skírskotun sem „liggur ekki í orðanna bókstaflegu [svoi!] hljóðan heldur í myndmáli [...] og formgerð“ (Helga Kress 1981:143). Hún telur að svipuðu máli geti gegnt um fleiri nýlýrísk ljóð Snorra og nefnir til sögunnar „Í Úlföldum“ í *Kvæðum*. Í báðum þeim ljóðum er brugðið upp náttúrumynd en enginn mælandi (enginn *ég*) er í kvæðinu „Haustið er komið“ enda minnst Helga ekki á það.

²⁵ Kristinn E. Andrésson (1953:107, sjá líka bls. 106).

²⁶ Þorleifur Hauksson (1967:38–39).

²⁷ Páll Valsson (1990:167).

eða ull á sauðum ok allt þat er hæra lætr“ eins og segir í Gylfaginningu.²⁸ Eftirtektarvert er orðalagið „*austan fer / annarleg nótt og dimm með sigð í höndum, / með reidda sigð við rifin skýjatröf*“²⁹ því í Völuspá segir: „*Kióll ferr austan, / koma muno Muspellz / um lög lýðir*.“³⁰ Á báðum stöðum er sögnin *fara höfð* í nokkuð fornlegri merkingu, að ‚koma‘. *Múspells lýðir* eru jötnar, mótherjar goða; þeir eiga sammerkt með haustinu hans Snorra Hjartarsonar að koma austan yfir sæinn. Það má hugsa sér að ragnarök séu í vændum og þess vegna heyri Heimdallur „stráin fölna og falla“ en ekki spretta. Í Gylfaginningu segir að hann sjái „jafnt nótt sem dag hundrað rasta frá sér“³¹ og þá illa komið ef „brár hans lykjust aftur“. Sigð er notuð til að skera korn og ekki kyn þótt stráin *fölmi* og *falli* – hún getur því táknað dauðann, ekki síður en mánann. Svartnættið gæti þá vísað til seinni heimstýrjaldarinnar eða Þriðja ríkisins; það er samt ekki nærtækasta túlkunin á ljóðinu.

VI Heildartúlkun

En má ekki hugsa sér að „hann“, sem svo er nefndur, sé grár fyrir hærum eða grár og gugginn? Það gætu verið ellimerki. Um leið verður skiljanlegra að hann heyri „stráin fölna og falla“; í andarslitrunum verða menn næmari samkvæmt kunnu skáldskaparminni. Ekki dvínar heldur dauðastemningin þegar augu „hans“ lokast. Hin bláa nótt, ‚leikfélaginn‘, var með hár og augu og bar slæður. Ljóst hár hennar bylgjaðist forðum í andvaranum, logagyllt eins og sól – svo seiðmögnuð sjón að dagurinn roðnaði, hugsanlega af feimni eða hugaræsingi, stóðst að lokum ekki mátið og brá sér í leikinn. Ýjað er að ástaleik eða tilhugalífi enda minnir „hárbrimið gullna“ á hvítfyssandi öldurót við land. Sú fortíðarmynd sem fólgin er í sögnunum „lék“ og „seiddi“ er sótt til yngri ára. Haustið er feigðarboði og vággestur í augum konunnar: „[H]varmaljós“ hennar „dökkna af kvíða“. Allur galsi er horfinn: „[P]ungar slæður hylja hárið síða“. Líkt og

²⁸ Edda (1988:25).

²⁹ Skáletrun er mín, E.S.

³⁰ *Eddadigte* I (1955:11–12, skáletrun er mín, E.S.). Snorri Hjartarson veigraði sér ekki við að vísa til eddukvæða, samanber bókarheitið *Á Gnitaheiði* og fremsta ljóð *Kvæða*, „Í Úlföldum“, en heiti þess og efni skírskota til Völundarkviðu eins og bent hefur verið á (Sverrir Hólmarsson 1968:26–27 og 1981:129–130). Kristilegar vísanir og minni voru Snorra líka hugstæð (sjá til dæmis Þorleif Hauksson 1967: 37–38, Eirík Rögnvaldsson 1979 og Gunnar Kristjánsson 1986).

³¹ Edda (1988:25).

gráminn gæti það verið ellimerki. Maðurinn er „stúrin“ en sættir sig við hið óumflýjanlega: „[V]eit að það er eftir engu að bíða.“ Fyrirboðar feigðarinnar koma einn af öðrum: „[A]llt gengur kuldans myrka valdi í hagin.“ Að lokum fjarar lífið út. Kaldranalegur dauðinn, svartnættið framandlega, er kominn að heimta það sem honum ber.

Hugsanlega má túlka ljóðið í heild sem allegoríu, táknsögu. Maðurinn „sezt [...] grár og stúrin upp til hlíða“; þaðan er víðsýnna en niðri á jafnsléttu. Sýn manna yfir eigið líf á það til að verða skarpari þegar þeir vita að leiðarlokin eru skammt undan. „[H]ann heyrir stráin fölna og falla“; það getur táknað að hann horfi upp á andlegt atgervi sitt sljógvast og glatast. Síðan „sér“ hann „fuglana hverfa burt á vængjum þöndum“; þeirra er frelsið, ekki hans: Vonir og þrár hverfa sjónum.³² Loks „sér“ hann „blómfræ af vindum borin suður höf“; sköpunarmáttur hans svarar til frjómagns náttúrunnar og er að ganga til þurrðar.

En hví er þá dauðinn táknaður með nótt (*annarlegri* og *dimmri*) eins og fylgdarkona dagsins (*bláa nóttin*)? Blá bar nóttin „þungar slæður“, sem vísa til skýjahulu, en dimm reiðir hún „sigð við rifin skýjatröf“. Eitt sér getur orðið *traf* merkt ‚ferhyrmdur hvítur klútur (með fjórum skautum), einn af tveimur til fimm, sem notaðir voru til þess að vefja trafafald (skautafald), höfuðbúnað íslenskra kvenna (frá 16. öld til um 1800)‘ eftir því sem segir í *Íslenskri orðabók*.³³ Þá virðist hin dimma nótt þrúðbúin – sama kona og áður en nú guggin af sorg (eða í svörtum sorgarklæðum) og „annarleg“, ekki eins og hún á að sér. Strax gengin í það sem hefði forðum daga þótt karlmannsverk, að slá gras. Með höfuðbúnað sem fremur hæfir útför en slætti og hamast svo mjög að hann er genginn úr lagi. Kannski dimmir yfir henni vegna dauðvona ástvarnar og ef til vill verður samband þeirra nánara undir það síðasta, þegar roði hans og sorti hennar renna saman í grámanum. Slík túlkun – að svartnættið sé eftirlifandi lagskona dagsins – blasir kannski ekki við en freistandi er hún.

„Haustið er komið“ ber vitni um listfengi. Form og efni tvinnst saman og ekki skortir myndvísi. Umgjörðin er móðir náttúra og sjóndeildarhringurinn lagður undir. Allt um kring vegast andstæður á – í litbrigðum og ljósaskiptum. Dagur og nótt eru persónugerð, fyrst í

³² Síst má vanmeta fugla eða flug þeirra sem tákni í ljóðum Snorra eins og rökstutt hefur verið (sjá Sverri Hólmarsson 1968:33–35 og Pál Valsson 1990:92–94).

³³ *Íslensk orðabók* (2002:1604).

æskufjóri, síðan á hinstu stundu annars meðan hitt syrgir. Stígandin streymir fram, kynngimögnuð en klíðmjúk þó, og jafnvel bragformið beygir sig með *enjambement* – nóttin skiptir litum.

FRUMHEIMILDIR

- Edda = Snorri Sturluson: *Edda*. Prologue and *Gylfaginning*. Anthony Faulkes gaf út. 2. útgáfa. Viking Society for Northern Research, University College London, [London,] 1988. [Fyrst útg. 1982.]
- Eddadigte* I. Völuspá, Hávamál. Jón Helgason gaf út. 2. útgáfa, breytt. (Nordisk filologi A. Tekster. 4. bind.) Ejnar Munksgaard, København; Dreyers forlag, Oslo; Svenska bokförlaget Norstedts, Stockholm, 1955. [Fyrst útg. 1951.]
- Snorri Hjartarson. [1934.] *Hæt flyver raven*. Nasjonalforlaget, Oslo.
- Snorri Hjartarson. 1944. *Kvæði*. Bókaútgáfan Heimskringla, Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1952. *Á Gnitaeiði*. (Fyrsti bókaflokkur Máls og menningar 5.) Heimskringla, Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1960. *Kvæði 1940–1952*. Heimskringla, Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1966. *Lauf og stjörnur*. Heimskringla, Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1979. *Hauströkkrið yfir mér*. Mál og menning, Reykjavík.
- Snorri Hjartarson. 1981a. *Kvæði 1940–1966*. Mál og menning, Reykjavík.

EFTIRHEIMILDIR

- Andrés Björnsson. 1945. „Nýstárleg ljóð.“ [Ritdómar.] *Tímarit Máls og menningar*, [6. ár,] 1. hefti:116–118.
- Atli Ingólfsson. 1994. „Að syngja á íslensku.“ *Skírur*, 168. ár, vor:7–36 og haust: 419–459.
- Bragi Sigurjónsson. 1945. „Snorri Hjartarson: **Kvæði**. Heimskringla h.f. [svol!] Rvík 1944.“ [Ritdómur.] *Stígandi*, III. ár, I. hefti:174–175.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1979. „Kristileg minni og vísanir í „Á Gnitaeiði“. Hvernig eru þessi stúlbrögð notuð og til hvers?“ *Mímur*, 27. hefti:3–6.
- Elías Mar. 1945. „*Snorri Hjartarson: Kvæði*. Bókaútgáfan Heimskringla h.f. [svol!] Reykjavík 1944.“ [Ritdómur.] *Dvöl*, 13. ár:76–77.
- Eysteinn Þorvaldsson. 1980. *Atómskáldin*. Aðdragandi og upphaf móðernisma í íslenskrum ljóðagerð. (Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fræðirit 5.) Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Guðm[undur] Böðvarsson. 1966. „22. apríl 1966 varð Snorri Hjartarson, skáld, sextugur.“ *Tímarit Máls og menningar*, 27. ár, 2. hefti: 101–103.
- Guðmundur G[íslason] Hagalín. 1945. „Skáld og bækur.“ [Ritdómar.] *Jörð*, VI. ár, 1. hefti:110–119, 150–157 [svol!].

- Gunnar Kristjánsson. 1986. „„Ef til vill.“ Um trúarleg minni í ljóðum Snorra Hjartarsonar í tilefni af áttatræðisafmæli skáldsins 22. apríl 1986.“ *Andvari*, 111. ár:73–84.
- Gunnar Stefánsson. 1968. „„Á langferðum lífs míns og brags.““ *Mímír*, 12. hefti:38–41.
- Hannes Pétursson. 1960. „Um skáldskap Snorra Hjartarsonar.“ *Félagsbréf Almenna bókafélagsins*, 17. hefti:13–25.
- Hannes Sigfússon. 1956. „Ræðustúfur fluttur í Listamannaklúbbnum um Snorra Hjartarson.“ *Birtingur*, 4. hefti:5–6.
- Helga Kress. 1981. „Mannsbarn á myrkrri heiði. Um samband listar og þjóðfélags í kvæði eftir Snorra Hjartarson.“ *Tímarit Máls og menningar*, 42. ár, 2. hefti:142–152.
- H[elgi] G[rímsson] og Þ[órarinn] F[riðjónsson]. 1981. „Í ljóðlist skipta einlægni og heiðarleiki öllu máli.“ Viðtal við Snorra Hjartarson. *Mímír*, 29. hefti:2–5.
- Helgi Hálfðanarson. 1955. „Ég er að blaða í bók.“ *Tímarit Máls og menningar*, 16. ár, 1. hefti:67–90.
- Helgi Hálfðanarson. 1956. „Vegur að heiman – vegur heim.“ *Tímarit Máls og menningar*, 17. ár, 2.–3. hefti:113–116.
- Hjörtur Pálsson. 1981. „Hauströkkrið yfir mér.“ *Tímarit Máls og menningar*, 42. ár, 2. hefti:134–141.
- Hrönn Hilmarsdóttir. 1989. „Tveir elskhugar íslenskrar náttúru. Jónas Hallgrímsson og Snorri Hjartarson.“ *Mímír*, 37. hefti:23–27.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Jakob Benediktsson ritstýrði. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík, 1983. [2. prentun 1989.]
- Íslensk orðabók*. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstjóri: Mördur Árnason. Ritstjórn og helstu samverkamenn: Halldóra Jónsdóttir, Laufey Leifsdóttir, Þórdís Úlfarsdóttir, Aðalsteinn Davíðsson, Kristín Bjarnadóttir. Ritstjóri fyrstu og annarrar útgáfu: Árni Böðvarsson. Edda, [Reykjavík,] 2002. [Fyrst útg. 1963.]
- Jóhann Hjálmarsson. 1971. *Íslensk nútímaljóðlist*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristinn E[yjólfur] Andrésson. 1949. *Íslenskar nútímabókmenntir 1918–1948*. Mál og menning, Reykjavík.
- Kr[istinn] E[yjólfur] A[ndrÉsson]. 1953. „Snorri Hjartarson: Á Gnitaheiði. Heimskringla 1952.“ [Ritdómur.] *Tímarit Máls og menningar*, 14. ár:106–110.
- Kristinn E[yjólfur] Andrésson. 1976. *Um íslenskar bókmenntir*. Ritgerðir I. Sigfús Daðason bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- M[agnús] K[jartansson]. 1966. „Seiður í vitund manns.“ Rætt við Snorra Hjartarson. *Þjóðviljinn*, 18. desember:3, 13 [svol].

- Matthías Johannessen. 1982. „Snorri Hjartarson.“ *Félagi orð*. Greinar, samtöl og ljóð, bls. 235–239. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Njörður P. Njardvík [: Njörður P. Njarðvík]. 1969. „Den isländske dikteren Snorri Hjartarson.“ *Finsk tidskrift*, 4. hefti:147–152.
- Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll*. 3. útgáfa, endurskoðuð. (Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fræðirit 1.) Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. [3. prentun 1993 eftir 3. útgáfu frá 1977. Fyrst útg. 1972.]
- Páll Valsson. 1990. *Þögnin er eins og þaninn strengur*. Þróun og samfella í skáldskap Snorra Hjartarsonar. (Studia Islandica 48.) Bókaútgáfa Menningar sjóðs, Reykjavík.
- Páll Valsson. 1992. „Formáli.“ Snorri Hjartarson: *Kvæðasafn*, bls. XIII–XL. Mál og menning, Reykjavík.
- Rögvaldur Finnbogason. 1987. „Snorri Hjartarson skáld. Útfararræða séra Rögvalds Finnbogasonar á Staðastað við útför skáldsins í Dómkirkjunni í Reykjavík 7. janúar 1987.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 31. janúar:4–5.
- Snorri Hjartarson. 1981b. „Án vonar ekkert líf.“ Ræða við afhendingu bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 5. mars 1981. *Tímarit Máls og menningar*, 42. ár, 2. hefti:127–128.
- Stefán Einarsson. 1961. *Íslensk bókmenntasaga 874–1960*. Snæbjörn Jónsson & Co., Reykjavík.]
- Sveinn Skorri Höskuldsson. 1970. *Að yrkja á atómöld*. Helgafell [, Reykjavík].
- Sveinn Skorri Höskuldsson. 1989. *Ljóðarabb*. Bókaútgáfa Menningar sjóðs, Reykjavík.
- Sverrir Hólmarsson. 1968. „Af dulu draumahafi. Snorri Hjartarson: Kvæði 1944.“ *Skírnir*, 142. ár:12–39.
- Sverrir Hólmarsson. 1981. „Gullin stef á skjöldu.“ *Tímarit Máls og menningar*, 42. ár, 2. hefti:129–133.
- Þorleifur Hauksson. 1967. „Snorri Hjartarson: Lauf og stjörnur. 89 bls. Heimskringla 1966.“ [Ritdómur.] *Mímur*, 10. hefti:37–39.
- Þorleifur Hauksson. 1987. „Snorri Hjartarson.“ *Tímarit Máls og menningar*, 48. ár, 1. hefti:6–10.
- Þórir Óskarsson. 1987. *Undarleg tákni á tímans bárum*. Ljóð og fagurfræði Benedikts Gröndals. (Studia Islandica 45.) Bókaútgáfa Menningar sjóðs, Reykjavík.
- Þóroddur Guðmundsson. 1961. „Snorri Hjartarson: Kvæði 1940–1952. Reykjavík, Heimskringla 1960.“ [Ritdómur.] *Skírnir*, 135. ár:277–279.
- Örn Ólafsson. 1965. „Þar skal dagurinn rísa eftir Snorra Hjartarson.“ *Mímur*, 5. hefti]:30–31.

